SIGURJÓN BRINK
Ætlaði að verða kokkur
• matur • tilboð
allt Í MIÐJU BLAÐSINS

Ekki hrokafullur heldur feiminn
Auðunn Blöndal er búinn með aðra syrpu af Tekinn, Móeiður lærir til prests, Friðrika Geirs flytur í nýja húsið og margt fleira.
sirkus FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

31. ágúst 2007 — 235. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

FÖSTUDAGUR

Hrina sýninga á Listasafni Reykjavíkur
Gjörningaklúbburinn byrjar.
MENNING 34

Tónleikaferð frestað
Veikindi setja strik í reikninginn hjá Amiinu.
FÓLK 50

Hættir hjá Þjóðleikhúsinu
Hlín Agnarsdóttir ætlar að snúa sér að öðrum verkefnum.
FÓLK 50

FH rassskellti KR
FH-ingar náðu sex stiga forskoti í Landsbankadeild karla eftir 5-1 stórsigur á botnliði KR.
ÍÞRÓTTIR 46

VEÐRIÐ Í DAG



MEIRI BLEYTA - Í dag verður yfirleitt fremur hæg suðlæg átt. Úrkomulítið í fyrstu en rigning vestan til eftir hádegi og víða um land síðdegis og í kvöld. Hiti 8-14 stig, hlýjast sunnan til.
VEÐUR 4

MIKIÐ MAGN VOPNA „Þetta er afrakstur sumarsins," sagði Björg Valtýsdóttir, starfsmaður tollgæslunnar í Keflavík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hefur lagt hald á 300 ólögleg vopn í sumar

Tilraunum til að flytja inn stórhættuleg vopn fjölgar sífellt. Deildarstjóri í tollgæslunni segir sum vopnin augljóslega ætluð til þess að hóta eða beita ofbeldi.

LÖGREGLUMÁL „Það er okkar tilfinning að tilraunum til innflutnings á stórhættulegum ólöglegum vopnum sé sífellt að fjölga," segir Kári Gunnlaugsson, deildarstjóri tollgæslunnar á Suðurnesjum. Lagt hefur verið hald á yfir þrjú hundruð ólögleg vopn frá 1. júní til 29. ágúst í sumar.

Tollgæslan fann stóra ólöglega hnífa í fórum farþega sem var að koma frá Danmörku á þriðjudag en flest þeirra ólöglegu vopna, sem hald er lagt á, finnast í fórum farþega sem eru að koma frá Spáni.

„Það kemur mér ekki á óvart að lögreglumenn geri í auknum mæli ólögleg vopn upptæk á götunum. Þessi vopn sem við höfum lagt hald á í sumar eru mörg hver stórhættuleg," segir Kári.

Nokkur hundruð loftbyssur eru í geymslum Tollgæslunnar. „Sum þessara vopna eru skotvopn sem geta valdið miklum skaða. Skotfærin í þau eru í mörgum tilfellum járnkúlur sem eru stórhættulegar," segir deildarstjóri tollgæslunnar á Suðurnesjum.

Í geymslum tollgæslunnar hafa safnast upp hnúajárn, kasthnífar ýmiss konar, kaststjörnur, sverð og kylfur. Öllum vopnum er eytt skipulega með reglulegu millibili.

„Þótt við náum ekki öllum vopnunum þá er gott til þess að hugsa að þau hafi verið gerð upptæk, þar sem sum þessara vopna voru augljóslega ætluð til þess að hóta eða beita ofbeldi," segir Kári.

Sektir fyrir tilraunir til smygls á vopnum eru á bilinu tíu til tuttugu þúsund, allt eftir tegund vopna. Hægt er að ljúka málum með dómsátt á staðnum þar sem hald er lagt á vopnin. - mh

Tilraun til stórþjófnaðar:

Reyndi að stela hálfu tonn af áli

LÖGREGLUMÁL „Honum var veitt tímabundin lausn á meðan málið er skoðað. Maður furðar sig auðvitað mjög á þessu," segir Ágúst Hafberg, aðstoðarframkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá Norðuráli.

Grunsemdir öryggisvarða hjá Norðuráli vöknuðu þegar starfsmaður sást hlaða álhleifum í bifreið sína snemma í gærmorgun. „Þetta var í kringum hálft tonn. Ég get ekki sagt að það sé algengt að starfsmenn steli áli." Ágúst segir málið vera í skoðun hjá Norðuráli og lögreglu. Hann segir starfsmanninn hafa gefið sínar skýringar á athæfinu og verst fregna af málinu á meðan rannsókn stendur yfir. Markaðsverð á hálfu tonni af áli er í kringum 80 þúsund krónur. - lbb

ENGIN MISKUNN Í FLENSBORG Mikið gekk á í fyrstu busavígslu haustins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Busavígsla í Flensborg:

Busunum velt upp úr hveiti

FRAMHALDSSKÓLAR Efribekkingar í framhaldsskólunum eru farnir að busa fyrsta árs nemendur eins og sást í Flensborg í Hafnarfirði í gær.

Busavígslan fór fram í íþróttahúsinu við Strandgötu og þar gerðu busarnir boot camp-æfingar, máluðu hver annan, veltu sér upp úr hveiti og léku sér með pylsur. Hrefna Geirsdóttir aðstoðarskólameistari segir að busavígslan sé alltaf jafnvinsæl meðal nemendanna. Skólayfirvöld fái ávallt dagskrána fyrirfram og leggi blessun sína yfir hana. - ghs



Stálheppnir fótboltaáhugamenn duttu óvænt í lukkupottinn í gær:

Eiður gaf 200 miða á landsleik

FÓLK „Þetta sýnir hvar hjartað í Eiði Smára er," segir Styrmir Gíslason, meðlimur nýs stuðningsklúbbs fótboltalandsliðsins.

Í gær fékk Styrmir símtal frá Eiði Smára Guðjohnsen sem vildi fá að borga úr eigin vasa nærri tvö hundruð miða á landsleikinn gegn Spánverjum laugardaginn 8. september. Miðana átti að selja í forsölu á Ölveri í gær. Klúbburinn vakti athygli með fjörlegri framkomu á landsleik gegn Kanada á dögunum.

„Eiður Smári sagðist hafa tekið eftir okkur og heyrt af okkur frá hinum strákunum í landsliðinu sem voru mjög ánægðir með okkar framtak. Hann vildi láta gott af sér leiða og gaf okkur einfaldlega þessa miða," segir Styrmir sem hafði gaman af viðbrögðum fólks sem ætlaði að borga en fékk þá að vita að miðarnir væru þegar greiddir af landsliðsfyrirliðanum sem verður frá vegna meiðsla. „Eiður Smári lét nú fylgja að það væri gott að þeir sem fengju miðana myndu öskra eins og vitleysingar og mæta líka á leikinn gegn Norður-Írum." - gar

STÓRÚTSALA
Egill Árnason hf
Allt að 70% afsláttur
Egill Árnason hf. Ármúla 8 108 Reykjavík Sími: 595 0500 www.egillarnason.is

SPURNING DAGSINS

Margrét, hvernig segir maður hijo de puta á íslensku?

„Svona segir maður ekki, imbécil.“

Ný spænsk-íslensk orðabók er komin út. Bókin þykir meðal annars góð vegna fjölda dónaorða sem í henni má finna. Margrét Jónsdóttir er einn af höfundum orðabókarinnar.

Kjartan Lárusson, í sveitarstjórn Bláskógabyggðar, um Gjábakkaveg:

Gefur lítið fyrir rök fræðinga

UMHVERFISMÁL „Ég gef lítið fyrir rök þessara fræðinga. Vegurinn mun auka eitthvað umferðina, en var ekki verið að setja þjóðgarðinn á heimsminjaskrá einmitt til að opna hann fyrir ferðafólki?“ spyr Kjartan Lárusson, sveitarstjórnarmaður Bláskógabyggðar.

Hann telur rök vatnalíffræðinganna „mjög furðuleg og ég vísa þeim til föðurhúsanna. Ég held að eitthvað annað liggi að baki þeim en að hugsa um mannréttindi.“

Að stytta ekki leið skólabarna milli Laugarvatns og Þingvalla um áttatíu kílómetra, eða klukkustund á dag, er klárt mannréttindabrot, að mati Kjartans. Annarleg sjónarmið væru að baki slíkri ákvörðun.

„Þetta eru samtals 7,5 sólarhringar á ári og ég spyr núverandi umhverfisráðherra hvort hún væri til í að sitja svo lengi í skólabíl,“ segir Kjartan.

Hann kannast ekki við að þingmenn kjördæmisins hafi verið beittir „gífurlegum þrýstingi“, líkt og Árni Finnson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, hefur getið sér til.

„Við höfum beðið eftir þessum vegi í rúma öld og ég skil ekki hvers við eigum að gjalda að fá ekki vegabætur. Við höfum verið afar róleg en nú er mikill hiti í fólki. Ég segi það ekki hér og nú hvað við gerum, en það verður harka hér heima.“ - kóþ / sjá síðu 16

KJARTAN LÁRUSSON „Þetta eru samtals 7,5 sólarhringar á ári og ég spyr núverandi umhverfisráðherra hvort hún væri til í að sitja svo lengi í skólabíl.“

Skógareldarnir í Grikklandi:

Barist við síðustu eldana

GRIKKLAND, AP Slökkvilið stóð í gær í ströngu við að ráða niðurlögum síðasta stóra skógareldsins í Suður-Grikklandi, eftir að tekist hafði að slökkva hundruð annarra elda sem geisuðu í heila viku í stórum hluta landsins. Hamfarirnar hafa valdið milljarðatjóni og 64 hafa látið lífið.

Gríska fjármálaráðuneytið birti í gær bráðabirgðamat á tjóninu og sagði það munu nema minnst 0,6 prósentum af þjóðarframleiðslu, andvirði yfir 100 milljarða króna.

Óttast var að ný hitabylgja ásamt sterkum vindi kynni um helgina að blása aftur í glæður sumra eldanna. - aa

Hvimleiður ruslpóstur:

Boð um bólfarir til nemenda HÍ

NETIÐ Öllum nemendum við Háskóla Íslands barst í gær með tölvupósti ósk um náin kynni frá stúlku að nafninu Jody Hopper. Bréfið reyndist vera ruslpóstur, sem barst á svokallaðan HÍ-nem póstlista, en allir nemendur skólans fá þann póst.

Í bréfinu var viðtakandanum boðið að hafa samband við Jody. „Halló! Ég er þreytt í kvöld. Ég er góð stúlka, sem vill spjalla. Ef þú vilt sjá myndir af mér.“

Dagný Ósk Aradóttir, formaður Stúdentaráðs, segir að Stúdentaráð þurfi að samþykkja allan póst sem er sendur á HÍ-nem póstlistann. Þessi hafi að sjálfsögðu ekki verið samþykktur og hún viti því ekki hvernig þetta hafi gerst. - sgj

Uppbygging á Hólmsheiði:

Gert ráð fyrir flugvallarstæði

SKIPULAGSMÁL Í nýrri skipulagstillögu fyrir allt að 700 þúsund fermetra af atvinnuhúsnæði á Hólmsheiði er gert ráð fyrir aðflugsgeislum fyrir hugsanlegan innanlandsflugvöll. Hanna Birna Kristjánsadóttir, formaður skipulagsráðs Reykjavíkur, segir þetta ekki fela í sér ákvörðun um framtíðarstaðsetningu flugvallar. „Það kemur fram í skilmálum að þarna sé einn af kostunum sem menn hafi rætt varðandi fyrirhugaðan framtíðarflugvöll og það er einfaldlega tekið mið af því að það gæti komið til þess,“ segir Hanna Birna sem kveður nýju lóðirnar mæta eftirspurn sem verið hafi í nokkurn tíma: „Ég á von á því að lóðirnar fari hratt.“ - gar

HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

Sjávarútvegur viðheldur ekki byggð

Aðrar aðstæður eru uppi nú en þegar núverandi byggðamynstur myndaðist. Tilraunir til að nota sjávarútveg til að viðhalda byggðum geta haft slæmar afleiðingar fyrir atvinnugreinina. Ekki samband milli fólksfækkunar og sölu kvóta.

BYGGÐAMÁL Sjávarútvegur getur ekki tryggt núverandi byggðamynstur, sem myndaðist við allt aðrar aðstæður en nú eru uppi, á tímum þegar strandsiglingar voru mikilvægari samgönguleið en vegakerfi landsmanna.

Þetta kom fram í máli Ásgeirs Jónssonar, forstöðumanns greiningardeildar Kaupþings banka, á málþingi um sjávarútvegsmál og byggðaþróun sem Rannsóknarmiðstöð um samfélags- og efnahagsmál stóð fyrir í Háskóla Íslands í gær.

Ásgeir varaði við því að sjávarútvegur fari í sama far og landbúnaður fór í um miðja síðustu öld með niðurgreiðslum og höftum, þjóðin hafi ekki efni á því. Allar tilraunir til þess að þröngva sjávarútvegi í þann farveg að viðhalda núverandi byggðamynstri muni hola þessa atvinnugrein innan.

„Af hverju er það slæmt að fimm stór fyrirtæki eigi 80 prósent af aflaheimildunum? Ef þau geta borgað sæmileg laun, borgað sína skatta, geta skilað sínu og búið til verðmæti er ekkert að því,“ sagði Ásgeir. Hann sagði enga skynsamlega ástæðu fyrir banni við fjárfestingar erlendra aðila í sjávarútvegi. Engin ástæða sé til að óttast að sjávarútvegsfyrirtæki verði stór, kraftmikil og alþjóðleg.

Fólksfækkun á landsbyggðinni á undanförnum árum hefur ekki einskorðast við sjávarbyggðir, sagði Sveinn Agnarsson, hagfræðingur hjá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, í erindi á málþinginu í gær.

FRYSTIHÚS Samhengi virðist vera milli fólksfækkunar í sjávarþorpum og samdráttar í landvinnslu á sjávarafla, en ekki verður séð að samhengi sé milli samdráttar á kvóta í bæjarfélögum og fólksfækkunar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

STRANDSIGLINGAR MÓTUÐU BYGGÐIRNAR

Núverandi byggðamynstur þróaðist þegar strandsiglingar voru aðal samgöngumátinn milli landshluta á síðari hluta 19. aldar, segir Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings.
Hann segir að þá hafi orðið til sterkir byggðakjarnar á stöðum í siglingaleið, og þá hafi til dæmis Vestfirðirnir blómstrað vegna mikilla og góðra samgangna við höfuðborgarsvæðið. Hann segir að þegar þjóðvegakerfið hafi farið að byggjast upp eftir 1930 hafi fjarlægðirnar milli byggða á útnesjum og höfuðborgarsvæðisins orðið meiri, og þær þar með tapað samkeppnishæfni sinni í flestum greinum öðrum en sjávarútvegi.

Hann sagði rannsóknir sínar ekki hafa leitt í ljós neitt tölfræðilegt samband milli fólksfækkunar í sjávarbyggðum og sölu aflaheimilda úr bæjarfélögunum. Miklu meira máli skipti hvar aflinn sé unninn, enda virðist samdráttur í landvinnslu á sjávarfangi skila sér í fólksfækkun. Þess vegna sagði Sveinn það áhyggjuefni að á síðasta ári hafi ríflega helmingur af botnfiskafla sem landað var hér á landi ekki verið unninn í landi, heldur ýmist unninn um borð í togurum eða seldur óunninn úr landi. Það hafi aukist verulega á undanförnum árum og árið 1992 hafi tveir þriðju hlutar aflans verið unninn í fiskvinnslum í landi. brjann@frettabladid.is

HVERFA BRÁTT Húsin við Laugaveg 4 og 6 heyra brátt sögunni til.

Borgarráð samþykkti niðurrif:

Laugavegshús rifin fyrir hótel

SKIPULAGSMÁL Húsin á Laugavegi 4 og 6 verða rifin til að rýma fyrir nýrri hótel- og verslunarbyggingu á fjórum hæðum. Meirihluti borgarráðs samþykkti þetta í gær gegn andmælum minnihlutans sem lagði til að borgaryfirvöld reyndu að kaupa núverandi hús í þeim tilgangi að halda götumyndinni við Laugaveg sem mest óbreyttri. Íbúðareigandi andvígur fyrirhugaðri byggingu hefur þegar kært deiliskipulagið sem samþykkt var í fyrra og er forsenda þess að hægt sé að fjarlægja lágreistu nítjándu aldar húsin og reisa hótelbygginguna. - gar

HLÚÐ AÐ SLÖSUÐUM Flytja þurfti tvo á slysadeild. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLT

Tveir á slysadeild eftir árekstur:

Harður árekstur

SLYS Tveir voru fluttir á slysadeild með sjúkrabílum eftir fjögurra bíla árekstur á Höfðabakkabrú í gær. Flytja þurfti tvo bíla á brott með dráttarbíl. Ökumennirnir voru allir einir í bílunum. - lbb

Samkeppniseftirlitið kynnir nýjar áherslur í starfi og nýjar höfuðstöðvar:

Hægt að refsa einstaklingum

VIÐSKIPTI Samkvæmt breytingum á samkeppnislögum sem samþykktar voru á Alþingi á vordögum geta einstaklingar sætt refsiábyrgð vegna brota á bannákvæði samkeppnislaga um ólögmætt samráð. Ein frávísunarástæðna í máli olíuforstjóranna laut að því að refsiheimildir samkeppnislaga væru ekki nægjanlega skýrar til að einstaklingum yrði refsað.

Þetta var meðal þess sem fram kom á fundi Samkeppniseftirlitsins sem haldinn var í nýjum höfuðstöðvum eftirlitsins í Borgartúni. Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, benti einnig sérstaklega á heimild sem er að finna í nýbreyttum samkeppnislögum og felur Samkeppniseftirlitinu þá heimild að kæra ekki einstakling, hafi hann eða fyrirtæki sem hann starfar í eða er í stjórn hjá, haft frumkvæði að því að láta í té upplýsingar eða gögn vegna ólögmæts samráðs.

„Þarna er löggjafinn að setja afar skýr skilaboð inn á markaðinn um að minni hagsmunir verði að víkja fyrir meiri,“ sagði Páll Gunnar Pálsson á fundi með fréttamönnum.

Gylfi Magnússon, formaður stjórnar Samkeppniseftirlitsins, sagði óvíðar jafnmikla þörf á öflugu samkeppniseftirliti og hér á landi. Hér væri grimm samkeppni á mörgum sviðum. „Þetta er þó svolítið tvískipt. Þau innlendu fyrirtæki sem eiga ekki í samkeppni við erlend fyrirtæki skila kannski ekki alltaf íslenskum viðskiptavinum jafngóðum kjörum og þekkjast erlendis.

Þetta er áhyggjuefni sem þessi stofnun hlýtur að láta til sín taka.“ - jsk

NÝJAR ÁHERSLUR Páll Gunnar Pálsson segir að Samkeppniseftirlitinu verði heimilt að kæra ekki einstakling sem hefur haft frumkvæði að því láta í té upplýsingar eða gögn vegna ólögmæts samráðs. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



SAMBANDIÐ BLÓMSTRAR!

Fann loksins þann eina rétta

Námsmannaþjónusta Sparisjóðsins

Við hjá Sparisjóðnum viljum vera í góðu sambandi við viðskiptavini okkar. Félagar í Námsmannaþjónustunni njóta persónulegrar þjónustu sem er sniðin að þörfum hvers og eins, auk góðra kjara og spennandi sértilboða. Við erum alltaf til í að ræða málin – ef sambandið er gott, gengur allt annað betur líka.

Skoðaðu málið betur á **www.spar.is** til þess að komast í gott samband!

SPARISJÓÐURINN
Námsmannaþjónusta

GENGIÐ 30.08.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	63,61	63,91
Sterlingspund	127,72	128,34
Evra	86,56	87,04
Dönsk króna	11,620	11,688
Norsk króna	10,856	10,920
Sænsk króna	9,219	9,273
Japanskt jen	0,5511	0,5543
SDR	97,32	97,90

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
117,6038
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra um vanda lögreglunnar:

Markmiðið er gott lögreglulið

KJARAMÁL „Við viljum stuðla að því að hér sé gott og öflugt lögreglulið. Það er okkar markmið," segir Björn Bjarnason dóms- og kirkjumálaráðherra spurður álits á þeirri stöðu sem uppi er hjá lögreglunni vegna óánægju með launamál og brotthvarfs úr starfi sem þar af leiðir.

„Okkur er ljóst að það gerist ekki með brotthvarfi góðra manna úr lögreglunni," segir ráðherra enn fremur. „Við höfum beitt okkur fyrir því að skapa lögreglumönnum öruggara starfsumhverfi, sem er okkar verkefni. Lög hafa breyst og við höfum verið í góðri samvinnu við lögregluna um að bæta allt starfsumhverfi hennar."

Ráðherra bætir við að reynt hafi verið að fá fleiri nemendur inn í Lögregluskólann. „Þá erum við að setja af stað endurskoðun á starfsemi skólans og sameina menntun lögreglumanna, tollvarða og fangavarða. Sérstök nefnd hefur hafið störf í þeim tilgangi. Á öllum sviðum, er varða dómsmálaráðuneyti og umhverfi lögreglumanna, erum við reiðubúin til að gera allt sem í okkar valdi stendur til að starfsumhverfið sé sem best og leiðin til starfa í lögreglunni sé sem greiðust."

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra vildi ekki tjá sig um málið þegar Fréttablaðið leitaði eftir viðbrögðum hans. - jss

DÓMSMÁLARÁÐHERRA Leiðin til lögreglustarfa sé sem greiðust.

Karlmaður ákærður:

Ræktaði kannabis heima hjá sér

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á fimmtugsaldri hefur verið ákærður fyrir að rækta kannabisplöntur í heimahúsi í Reykjavík.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu gerði húsleit á heimili mannsins í Breiðholti og fann fimm kannabisplöntur auk um 45 gramma af öðrum fíkniefnum, 43 grömm af amfetamíni, 1,7 grömm af vímuefninu MDMA og um 2,5 grömm af hassi. Maðurinn framvísaði hluta efnanna þegar húsleitin var gerð.

Þess er krafist að maðurinn verði dæmdur til refsingar fyrir að hafa fíkniefnin í fórum sínum og þau gerð upptæk. - mh

Uppsagnir hjá Icelandair:

64 flugfreyjum og flugmönnum sagt upp

VINNUMARKAÐUR Icelandair hefur sagt upp 39 flugfreyjum og flugþjónum og 25 flugmönnum frá og með 1. desember. Alls eru stöðugildin 29 talsins.

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, segir óljósa stöðu verkefna á þessum árstíma vera eina af orsökum uppsagnanna. „Það er sífellt unnið að öflun verkefna og samningagerða og við vonumst til að það skili jákvæðari niðurstöðu síðar."

Hann segir Icelandair vera með eitt þúsund manns í áhöfnum yfir sumartímann og 700 manns yfir vetrartímann. „Ef fólk hefur áhuga þá verður það allt komið til starfa í apríl." - lbb

VOGAR

Krefjast betra sjónvarps

Skilyrði til mótttöku útvarps- og sjónvarpssendinga í Vogum á Vatnsleysuströnd eru slök við ákveðin veðurskilyrði. Bæjarráðið krefst úrbóta. Eðlilegt sé að móttökuskilyrði séu eins og best verður á kosið í 1.100 manna samfélagi í nágrenni höfuðborgarsvæðisins.

ÁRÉTTING

Í verðkönnun Fréttablaðsins á líkamsræktarstöðvum í gær var ekki fjallað um tvær líkamsræktarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu. Annars vegar Silfur Sport og hins vegar Nautilusstöðvarnar sem eru staðsettar á fimm stöðum á höfuðborgarsvæðinu og fagna tíu ára afmæli nú um helgina.

LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu í gær kom fram að 104 manneskjur hefðu horfið á Íslandi frá 1969 til 2007. Hið rétta er að 94 manneskjur hafa horfið á þessu tímabili.

Lögreglan stöðvar vítahring morða

Hundruð lögreglumanna réðust í gær gegn skipulagðri glæpastarfsemi á sunnanverðri Ítalíu og handtóku meira en þrátíu manns. Meðal hinna handteknu eru ættingjar mafíósa sem myrtir voru í Duisburg í Þýskalandi fyrir skemmstu.

ÍTALÍA, AP Þrjátíu og tveir voru handteknir á Ítalíu í gær í viðamikilli aðgerð lögreglunnar þar gegn mafíunni. Flestir voru handteknir í þorpinu San Luca syðst á Ítalíu, þar sem innbyrðis átök tveggja mafíuhópa hafa kostað fimmtán manns lífið á sextán árum.

Samkvæmt fjölmiðlum á Ítalíu eru í hópi hinna handteknu bræður tveggja þeirra sex manna sem myrtir voru í Þýskalandi nýverið. Aðalforingjar beggja ættanna eru einnig meðal þeirra sem handteknir voru. Þrír hinna handteknu fundust í kjallara undir byggingu í miðbæ San Luca.

Á sjónvarpsstöðinni Sky TG24 TV voru sýndar myndir af lögreglumönnum skríða gegnum op á vegg þar sem fylgsni virtist hafa verið fyrir innan. Aðgerðir lögreglunnar virðast hafa komið fólkinu í opna skjöldu.

Renato Cortese, yfirmaður í lögreglunni í Reggio Calabria, höfuðstað héraðsins, segist telja að með handtökunum hafi verið komið í veg fyrir frekara ofbeldi hópanna tveggja.

„Að öllum líkindum mátti búast við viðbrögðum, þar sem hatrið milli þessara tveggja fjölskyldna er svo mikið," sagði Cortese, en bætti því þó við að lögreglan hefði ekki haft vitneskju um nein ákveðin áform um hefndaraðgerðir vegna morðanna í Þýskalandi.

Ákærur á hendur hinum handteknu snúast meðal annars um morð, vopnasölu og tengsl við mafíuna. Lögreglunni tókst þó ekki að hafa hendur í hári tólf manns af þeim 44 sem ætlunin var að handtaka í aðgerðinni. San Luca er lítið þorp í Kalabríuhéraði á Ítalíu, stendur á „tánni" syðst í landinu. Einungis þröngt sund skilur Kalabríu frá Sikiley.

Í San Luca eru höfuðstöðvar 'Ndrangheta, suður-ítölsku mafíunnar sem á síðustu árum hefur smám saman orðið voldugri en Cosa Nostra, mafían alræmda á Sikiley.

Fæðardeilur milli tveggja voldugra hópa í 'Ndrangheta-mafíunni hófust árið 1991, og hefur síðan gengið á með morðum á báða bóga allt þar til sex manns voru myrtir í Duisburg í Þýskalandi 15. ágúst síðastliðinn.

Giuliano Amato innanríkisráðherra segir handtökurnar vera „sterk og nauðsynleg viðbrögð af hálfu ríkisins til þess að rjúfa mafíudeilurnar milli andstæðra fjölskylduhópa".

Í gær, eftir að handtökunum var lokið, hittust rannsóknarlögreglumenn frá Þýskalandi og Ítalíu í Reggio Calabria til þess að fara yfir stöðu rannsóknarinnar, meta árangurinn af þessari síðustu aðgerð og skiptast á upplýsingum.

gudsteinn@frettabladid.is

SONIA CARABETTA HANDTEKIN Tveir lögreglumenn leiða einn sakborninganna út í lögreglubifreið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Formaður Vinstri grænna:

Bíður enn samráðsvettvangs

STJÓRNMÁL Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, segir stjórnarandstöðuna enn bíða þverpólitísks samráðsvettvangs um öryggismál, sem hún lofaði fyrir ári að setja á fót. „Það hefur ekkert gerst í þessu ennþá, þrátt fyrir að margt hafi verið á dagskrá í varnarmálum," segir Steingrímur.

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra sagði í ræðu í Norræna húsinu á miðvikudag að slíkum samráðsvettvangi yrði komið á fót og ógnarmat fyrir Ísland yrði unnið af fagaðilum.

„Ég hefði leitað að betra orði en „ógnarmat", en ég hef oft sagt að áherslan ætti að vera á almannavarnir og varnir gegn náttúruhamförum, frekar en annað," segir Steingrímur. - sgj

Kvarta til Persónuverndar:

Skoðar skanna

PERSÓNUVERND Persónuvernd hefur borist kvörtun vegna fingrafaraskanna sem notaðir eru í mötuneytum tveggja skóla í Hafnarfirði. Þetta staðfestir Særún María Gunnarsdóttir, lögfræðingur hjá Persónuvernd.

Fréttablaðið hefur greint frá því að sams konar skannar hafi verið úrskurðaðir brot á persónuverndarlögum í Svíþjóð.

Málið er komið í farveg hjá stofnuninni og verður skoðað. Særún segir þó of snemmt að segja til um hver niðurstaðan verði eða hvenær hennar megi vænta. - þeb

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

VEÐURSPÁ

HELGIN Enn eitt úrkomusvæðið er nú á leiðinni yfir landið. Þetta þýðir að úrkomulítið verður í fyrstu en eftir hádegi fer að rigna vestan til og síðan eystra síðdegis og í kvöld. Á morgun snýst vindur til norðlægrar áttar með skúraveðri nyrðra en úrkomulitlu veðri suðaustan til. Síðan styttir upp sunnan til síðdegis eða í kvöld. Úrkomulítið verður á sunnudag víðast hvar.

REYKJAVÍK Í DAG Sunnan 3-8 m/s. Úrkomulítið í fyrstu en rigning síðar í dag og síðan skúrir í kvöld. Hiti 9-12 stig.

um hádegi »



» *á morgun*



10-18 m/s með ströndum en hægari inn til landsins.

» *sunnudagur*



Hæg, breytileg átt.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	16°C rigning	London	22°C léttskýjað	Friedrichshafen	18°C léttskýjað
Billund	16°C rigning	París	21°C hálfskýjað	Basel	27°C léttskýjað
Osló	15°C skúrir	Amsterdam	19°C skúrir	Alicante	27°C skúrir
Stokkhólmur	16°C léttskýjað	Frankfurt	19°C skúrir	Algarve	27°C hálfskýjað
Gautaborg	16°C rigning	Berlín	17°C skúrir	Las Palmas	26°C hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

SINNEPSMARINERAÐAR KJÚKLINGALUNDIR

að hætti landsliðs matreiðslumeistara

800 g kjúklingalundir
100 g grófkorna sinnep
50 g dijon sinnep
25 g whisky BBQ sósa
25 g ólífuolía
salt og pipar
grillpinnar

Hrærið saman grófkorna sinnepi, dijon sinnepi, BBQ sósu og ólífuolíu og marinerið kjúklingalundirnar í blöndunni í 2-3 klst. Þræðið kjúklingalundirnar á grillpinna og kryddið með salti og pipar. Grillið lundirnar í 3-4 mín. á hvorri hlið þar til þær eru gegnum steiktar. Með þessum rétti er gott að bera fram kús kús, grillaða kirsuberjatómata og agúrkusalat með hreinni jógúrt.

Ekki fáanlegt í verslunum Hagkaupa Akureyri, Borgarnesi og Njarðvík.

Ítalía hágæða ólífuolía
- beint frá Ítalíu

Ítalía eðal pestó
- beint frá Ítalíu

Durum heilhveiti

Ítalía ferskt pasta
- beint frá Ítalíu

Gildir til 2. september eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

KJÖRKASSINN

Á Vinnumálastofnun að beita sektum skrái verktakafyrirtæki starfsmenn sína ekki á löglegan hátt hér á landi?

Já	97%
Nei	3%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Finnst þér lögregluþjónar of lágt launaðir?

Segðu skoðun þína á visir.is

NJÓTA EÐA SKJÓTA? Kort af Íslandi sett saman úr gögnum af vef Hafrannsóknarstofnunar um veiddar hrefnur á síðustu fjórum árum.

Hvalaskoðunarsamtök Íslands:

Færri hrefnur á skoðunarsvæði

NÁTTÚRA Í fréttatilkynningu frá Hvalaskoðunarsamtökum Íslands kemur fram að hrefnum hefur fækkað stórlega á þeim svæðum sem hvalaskoðun er stunduð. Jafnframt hefur þeim tilfellum þar sem tekst að sýna hrefnur í návígi fækkað. Í tilkynningunni kemur einnig fram að samkvæmt upplýsingum á vefsíðu Hafrannsóknarstofnunar hefur fjöldi dýra verið skotinn innan hvalaskoðunarsvæða þrátt fyrir að fyrrverandi sjávarútvegsráðherra hafi gefið loforð um að það yrði ekki gert. Stjórn samtakanna áréttar að hrefnuveiðar geti ekki fallið undir þá skilgreiningu að teljast sjálfbærar þar sem efnahagsleg áhrif af hvalaskoðun vegi mun þyngra en hvalveiðar. - lbb

Rifbeinsbrotni dómarinn:

Kærir brjálaða markmanninn

LÖGREGLUMÁL Valur Steingrímsson, dómari í utandeildinni knattspyrnu, hefur kært markmanninn Davíð Smára Helenarson sem misþyrmdi honum eftir leik Gym80 og Vatnaliljanna á þriðjudag. Þetta kemur fram á visir.is. Sjálfur segist Davíð vera að reyna að hafa upp á Vali til að biðjast fyrirgefningar. Hann hefur þegar beðist afsökunar á heimasíðum GYM80 og Vatnaliljanna og sagt stundarbrjálæði hafa gripið sig. Valur hafði rekið Davíð út af vegna fúkyrða. Eftir leikinn sló Davíð Val í höfuðið áður en hann sparkaði undan honum fótunum. Þrjú rifbein brotnuðu í Vali. - gar

Vínbúðin í Austurstræti hættir að kæla bjór og borgarstjórinn aðhefst ekki frekar:

Áfram bjór í lausu í miðbænum

STJÓRNMÁL ÁTVR ætlar að hætta að selja kældan bjór í verslun sinni í Austurstræti en mun ekki hætta sölu á bjór í stykkjatali. Þetta kemur fram í svari fyrirtækisins til Vilhjálms Þ. Vihjálmssonar borgarstjóra.

Vilhjálmur hafði skrifað ÁTVR og lýst áhyggjum sínum af sölu á bjór í stykkjatali og það jafnvel kældum. Svar fyrirtækisins var lagt fram á fundi borgarráðs í gær. Í því lýsir ÁTVR sig reiðubúið að flytja vínbúðina um set í miðbænum og vill aðstoð borgarinnar við að leita að nýju húsnæði fyrir starfsemina.

Fulltrúar Samfylkingar í borgarráði, Björk Vilhelmsdóttir og Oddný Sturludóttir, spurðu borgarstjórann að því á fundinum í gær hvort hann hygðist aðstoða ÁTVR í húsnæðisleitinni. Sagði Vilhjálmur að ef formlegt erindi bærist frá ÁTVR um þetta yrði „að sjálfsögðu orðið við því“.

Einnig spurðu fulltrúar Samfylkingar borgarstjórann að því hvort hann ætlaði að beita sér frekar fyrir því að fyrirtækið hætti sölu á bjór í stykkjatali. Svaraði borgarstjórinn því neitandi. - gar

VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON Borgarstjórinn sættist á ókældan bjór í stykkjatali. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Háfleygir draumar unglings:

Féll tíu metra en vaknaði ekki

ÞÝSKALAND Sautján ára þýskur unglingur gekk í svefni út um glugga á fjórðu hæð húss á sunnudag. Þrátt fyrir að hafa fót- og handleggsbrotnað eftir tíu metra fall hélt hann áfram að sofa þangað til lögregluþjónar sem áttu leið hjá komu auga á hann.

Að því er fram kemur á fréttavef Der Spiegel var drengurinn nýfluttur í íbúðina, sem er í bænum Demmin, þegar slysið varð. Hann var hvorki undir áhrifum áfengis né fíkniefna, en að sögn systur hans gengur hann oft í svefni. - sþs

Vilja breyta OR í hlutafélag sem fyrst

Stjórnendur Orkuveitu Reykjavíkur telja breytingar á rekstrarformi óhjákvæmilegar, í ljósi athugasemda frá ESA. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í stjórn undrast skamman fyrirvara tillögunnar og telja nauðsynlegt að ræða

STJÓRNMÁL Meirihluti í Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur leggur á það áherslu að ekki sé verið að boða einkavæðingu fyrirtækisins með tillögum um að breyta fyrirtækinu úr sameignarfélagi í hlutafélag. Tillaga þess efnis var til umfjöllunar á stjórnarfundi fyrirtækisins í gær en afgreiðslu hennar frestað fram á mánudag. Samþykkt var á fundinum að senda rökstuðning Guðmundar Þóroddssonar, forstjóra OR, og Hjörleifs B. Kvaran aðstoðarforstjóra, fyrir tillögunni, til fjölmiðla þar sem „fjarstaddir aðalmenn í stjórn, sem þó hefðu boðað varamenn sína, hefðu kosið að gera hana tortryggilega“, eins og segir í tilkynningu.

Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í borgarstjórn og fulltrúi flokksins í stjórn OR, segir tillöguna lagða fram án nægrar umræðu eða undirbúnings af nokkru tagi. „Þetta mál kemur eiginlega fram eins og þruma úr heiðskíru lofti. Þetta mál þarfnast meiri umræðu og útteknta, og þá þarf að svara því skýrt hvers vegna það er þörf á þessum breytingum. Allir sem borga hita- og rafmagnsreikninga hljóta að vera hugsi yfir þessum augljósa vilja meirihlutans í stjórninni. Spurning er hvort þessi tillaga er undanfari einkavæðingar og þá hækkun á hita- og rafmagnsreikningum.“

Svandís Svavarsdóttir, fulltrúi Vinstri grænna í stjórninni, tekur í sama streng og undrast aðdragandann að tillögunni og segir hana ekki koma til greina af hálfu Vinstri grænna. „Þetta mál er sett af stað, að því er virðist af því að við Dagur erum fjarstödd,“ sagði Svandís. Dagur og Svandís voru bæði stödd á stjórnarfundi Sambands íslenskra sveitarfélaga á Ísafirði þegar fundurinn fór fram, og sátu varamenn þeirra fundinn.

Starfsmenn og stjórnendur OR hafa rætt um breytingar á rekstrarformi um margra ára skeið, segir Guðmundur Þóroddsson. Hann segir athugasemdir sem borist hafa frá ESA, eftirlitsstofnun EFTA, gefa til kynna að það geti verið vandkvæðum bundið að breyta ekki rekstrarforminu á næstunni. ESA hefur til skoðunar kvörtun vegna ábyrgða ríkis og sveitarfélaga og skattaundanþágu íslenskra orkufyrirtækja. „Í athugasemdum ESA hefur komið fram að löggjöf um opinberar ábyrgðir standist ekki og sé í andstöðu við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Auk þess hefur það verið mat starfsmanna Orkuveitunnar um margra ára skeið að það sé hamlandi fyrir rekstur fyrirtækisins að rekstrarformið sé með þeim hætti sem það er nú,“ segir Guðmundur.

Eigendur OR eru Reykjavíkurborg með 93,5 prósenta hlut, Akranesbær með rúmlega fimm prósent, Borgarbyggð með 0,76 prósenta hlut og Borgarfjarðarsveit með 0,17. Allir eigendurnir hafa neitunarvald um allar aðgerðir félagsins og skiptir þá ekki máli hversu stóran hlut hver eigandi á.

Verði tillagan samþykkt fer málið inn á borð eigenda fyrirtækisins og iðnaðarráðuneytisins. Breyta þarf lögum til þess að tillagan verði að veruleika.

magnush@frettabladid.is

HÖFUÐSTÖÐVAR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR Orkuveita Reykjavíkur hefur vaxið mikið á undanförnum árum og telur Guðmundur Þóroddsson, forstjóri fyrirtækisins, núverandi rekstrarform hamlandi fyrir fyrirtækið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Arnarfell fær skilafrest:

Hafa ekki skilað samningum

VINNUMARKAÐUR Verktakafyrirtækið Arnarfell hefur fengið frest fram yfir helgi til að skila ráðningarsamningum sextíu starfsmanna tveggja undirverktaka sinna sem vinna við Kárahnjúkavirkjun, segir Oddur Friðriksson, yfirtrúnaðarmaður starfsmanna við Kárahnjúka.

Oddur segir að undirverktakarnir, GT-verktakar og Hunnebeck, hafi átt að skila ráðningarsamningunum um miðjan ágúst. „Ef undirverktakarnir skila ekki ráðningarsamningunum í næstu viku þá munum við grípa til allra úrræða sem við ráðum yfir til að stöðva vinnu þessara fyrirtækja,“ segir Oddur og bætir því við að verktakarnir verði þá búnir að brjóta ákvæði í vinnusamningum. - ifv

Segjast harma aðför í DV:

Fullur stuðningur við Jónmund

STJÓRNMÁL Fullum stuðningi er lýst við Jónmund Guðmarsson, oddvita sjálfstæðismanna og bæjarstjóra á Seltjarnarnesi, í yfirlýsingu frá bæjarfulltrúum og forystumönnum Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi. Þar kemur fram að þeir harmi þá aðför sem gerð var að Jónmundi í DV. Einnig er bent á að í síðustu bæjarstjórnarkosningum hafi listi sjálfstæðismanna hlotið 67,3 prósent greiddra atkvæða og hafi meirihlutinn sýnt að hann njóti mikils trausts bæjarbúa sem hann mun áfram nýta til góðra verka í þágu Seltirninga. - lbb

Jónmundur Guðmarsson

KÁRAHNJÚKAVIRKJUN

Fimm metrar í fullt Hálslón

Vatnsborð Hálslóns var í gær komið í 620 metra hæð yfir sjávarmáli. Nú vantar aðeins fimm metra hækkun upp á að lónið fyllist. Þetta kemur fram í tilkynningu á vef Kárahnjúkavirkjunar. Undanfarna viku hefur vatnsborð lónsins hækkað um fjórðung úr metra á sólarhring. Byrjað var að fylla Hálslón 28. september í fyrra þegar tappinn var settur í lónið.

Verkalýðsformaður kærði Formaco fyrir að vera með óskráða Litháa í vinnu:

Kennitölulausir í yfir 300 daga

VINNUMARKAÐUR Fjórtán litháískir starfsmenn fyrirtækisins Formaco, sem Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, kærði fyrir að vera með óskráða starfsmenn í vinnu í byrjun júní, eru ekki komnir með íslenska kennitölu samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá. Starfsmennirnir voru ráðnir til Formaco í gegnum litháíska undirverktakann Statinu.

Sumir mennirnir hafa unnið fyrir Formaco í meira en þrjú hundruð daga kennitölulausir. Samkvæmt íslenskum lögum mega erlendir starfsmenn sem koma hingað til lands ekki vera hér á landi lengur en í þrjá mánuði, annars þarf að sækja um dvalarleyfi fyrir þá. Starfsmennirnir fjórtán unnu alltaf hér á landi skemur en níutíu daga í senn á ellefu mánaða tímabili, fóru þá úr landi og komu svo aftur til landsins og störfuðu hjá Formaco.

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, sagði á miðvikudaginn að búið væri að skrá starfsmennina hjá stofnuninni. Ragnar Jóhannsson, eigandi Farmaco, segist aðspurður ekki vita hversu margir af starfsmönnunum fjórtán vinni ennþá hjá fyrirtækinu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hættu fimm af starfsmönnunum að vinna hjá Formaco í júní.

Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ, segir að starfsmenn sem hafi unnið hjá fyrirtæki hér á landi í þetta langan tíma án kennitölu starfi með ólögmætum hætti í landinu.

„Starfsemi slíks fyrirtækis er ólögleg. Íslensk kennitala er forsenda fyrir því að starfsmaðurinn fáist skráður með þau leyfi og réttindi sem hann þarf að vera með lögum samkvæmt og til að hægt sé að greiða honum laun, skila af þeim sköttum og greiða fyrir mennina í lífeyrissjóð,“ segir Magnús.

Kæran á hendur Farmaco er komin til meðferðar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Upplýsingar um stöðu málsins hafa ekki fengist. - ifv



MAGNÚS M. NORÐDAHL

VILHJÁLMUR BIRGISSON

Óskum eftir
sölu- og/eða umboðsaðilum á landsbyggðinni.
Góðir tekjumöguleikar.
Áhugasamir sendi uppl. á
bspain@internet.is
bspain
Property builders since 1966

www.toyota.is

Meira rými

Frábær nýting á plássi

Meira innanrými í nýrri Corolla
Meira öryggi
Hljóðlátastur í sínum flokki
Framúrskarandi aksturseiginleikar
Hátt endursöluverð
Enn meiri þægindi
Minni útblástur og eldsneytiseyðsla með MM skiptingu
Og allt hitt sem þú finnur þegar þú kemur og reynsluekur nýrri Corolla. Þar sem þú nýtur þín best.

Komdu og reynsluaktu nýrri Corolla
á sölustöðum Toyota um land allt.

Verð frá 1.899.000* kr.

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 35606 01/07

*Corolla SD Terra

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

EURO NCAP www.euroncap.com TOYOTA COROLLA

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hversu mörg mannshvörf hafa orðið á Íslandi frá árinu 1969?*
2. *Hver er nýr bæjarstjóri í Mosfellsbæ?*
3. *Hver skoraði sigurkörfuna í sigri Íslands gegn Georgíu í körfubolta?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 50

Ellefu hundruð íbúar Árborgar mótmæla stækkun íbúðabyggðar í miðbæ Selfoss:

Mótmæla miðbæjarskipulagi

UMHVERFISMÁL „Við í Miðbæjarfélaginu erum reiðubúin til viðræðna. Ég trúi því og treysti að bæjaryfirvöld noti þetta tækifæri sem hlýtur að vera fólgið í því að fá svona undirskriftir og bregðist við vilja íbúanna," segir Guðmundur Sverrisson, formaður Miðbæjarfélagsins.

Guðmundur afhenti Ragnheiði Hergeirsdóttur, bæjarstjóra í Árborg, undirskriftalista með 1.100 nöfnum íbúa Árborgar þar sem mótmælt er nýju miðbæjarskipulagi fyrir Selfoss í gær. Guðmundur segir mótmælin snúast um tvennt. Annars vegar um íbúðabyggð í miðbæjargarðinum

UNDIRSKRIFTIR AFHENTAR Guðmundur Sverrisson afhenti Ragnheiði Hergeirsdóttur bæjarstjóra undirskriftarlistann í gær.

þar sem stendur til að reisa blokkir með 280 íbúðum, en þar vill félagið hafa opið grænt svæði eins og á aðalskipulagi. Hins vegar snúast mótmælin um þéttleika fyrirhugaðrar byggðar og hæð húsanna. „Ótvírætt kallar þetta á gífurlegan fjölda bílastæða. Við gerum líka athugasemdir við hæð húsanna en þau eru allt að fimm hæðir þar sem hæst er en við hefðum viljað sjá þau einni hæð lægri. Í forgrunni verður einnig sautján metra hár turn sem okkur óar við."

Guðmundur segir mótmælendurna vissulega styðja mikilvæga uppbyggingu í miðbænum en ekki með þessum hætti. Í sveitarfélaginu Árborg búa 7.600 manns.

- lbb

Ánægja hjá Icelandair:

Metfjöldi farþega í júlí

VIÐSKIPTI 218 þúsund farþegar flugu með áætlunarflugi Icelandair í júlí. Aldrei áður hafa farþegar í einum mánuði verið fleiri, en þeir voru 207 þúsund á sama tíma í fyrra.

Í fréttatilkynningu frá Icelandair er haft eftir Jóni Karli Ólafssyni forstjóra að framboð flugfélagsins hafi aukist í sumar. Þá hafi nýjum áfangastöðum verið bætt við. Vegna þessa hafi farþegum fjölgað.

Farþegum sem koma til Íslands og fara frá Íslandi fjölgar. Hins vegar hefur farþegum sem lenda hér á landi á ferð milli Bandaríkjanna og Evrópu fækkað. - þeb

Dagleg þrif eru leikur einn
– með Unique örtrefjamoppum og klútum

Unique örtrefjamoppusettið byggir á tveimur mismunandi moppugerðum.
1 stk. hvítri þurrmoppu sem er notuð til þess að sópa. Moppan dregur í sig óhreinindi og ryk með því að mynda stöðurafmagn.
2 stk. bláum blautmoppum sem eru notaðar til þess að þvo öll hörð gólfefni.

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

LIFRARBÓLGA Lifrarbólgan smitast með þvagi, saur og slefu.

Landbúnaðarstofnun kallar eftir upplýsingum:

Um 60 hundar með smitandi lifrarbólgu

DÝRAHALD Rúmlega 60 hundar hafa greinst með smitandi lifrarbólgu á þessu ári, samkvæmt upplýsingum frá Landbúnaðarstofnun. Af þeim hafa fimmtán drepist. Sjúkdómsgreining var staðfest með krufningu í tíu tilvikum.

Stofnunin kallaði eftir upplýsingum frá dýralæknum um fjölda tilfella. Ekki hafa allir dýralæknar svarað þannig að fjöldinn getur verið meiri. Sjúkdómurinn virðist einskorðast við suðvesturhorn landsins. Landbúnaðarstofnun hefur óskað eftir að dýralæknar tilkynni áfram um öll tilfelli og sendi vefjasýni til rannsóknar úr dauðum hundum. Stofnunin, ásamt Tilraunastöðinni að Keldum, vinnur að því að fá gott bóluefni gegn sjúkdómnum.

Einkenni lifrarbólgunnar eru hiti, slappleiki, lystarleysi, þorsti, hornhimnubólga, rennsli úr augum og nefi, og stundum eymsli í kvið og uppköst. Einkennin eru oft óljós og geta átt við marga aðra sjúkdóma. Mikilvægt er að hundaeigendur hafi fljótt samband við dýralækni ef hundar þeirra veikjast. Dánartíðni er hæst meðal ungra hunda. Smit berst með þvagi, saur og slefu. Hundar sem hafa sýkst geta smitað í meira en sex mánuði eftir bata. - jss

LJÓSASALA
LUMEX
RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM
NÚ ER TÆKIFÆRI TIL AÐ KAUPA ÞAÐ SEM ÞIG HEFUR ALLTAF LANGAÐ Í

Lumex
Skipholti 37
Sími 568 8388
www.lumex.is

BMW 3 línan

www.bmw.is

Sheer
Driving Pleasure

BMW 3 Series Sedan, BMW 3 Series Touring, BMW M3 Coup , BMW 3 Series Coup , BMW 3 Series Convertible 4-cylinder in-line petrol engine, 4-cylinder in-line diesel engine, 6-cylinder in-line diesel engine, 8-cylinder V engine, 6-cylinder in-line petrol engine six-speed manual gearbox, six-speed automatic transmission with Steptronic M sports suspension xDrive all-wheel drive, Active Steering, High-beam assistant Park Distance Control, Xenon headlight for low and high beam including four parking light rings, Adaptive Headlights, Light alloy wheels double spoke style, Light alloy wheels star spoke style, Light alloy wheels radial spoke style, Light alloy wheels ellipsoid spoke style, Leather sports steering wheel, Active Cruise Control, Navigation system Business, Navigation system Professional, Automatic air conditioning, Auxiliary heating, HiFi System Professional LOGIC7, HiFi loudspeaker system, Radio BMW Climate comfort windscreen, HiFi System Professional LOGIC7, HiFi loudspeaker system, Radio BMW MD Drive, DAB-Tuner, USB/audio interface, Preparation for mobile phone with Bluetooth interface, BMW Assist, BMW Online, Seat heating, Sports seat, , Glass sliding/vent roof, Ski bag, Metallic paint, Ski bag, High-gloss Satin Chrome, Advantage package, Comfort package, Exterior mirrors package, Innovations pack- Luggage compartment package, M sports package, Interior trim Burr Walnut wood trim, Interior trim Poplar Grain Foot mats in velour, Headliner in Anthracite Upholstery Dakota leather, BMW Assist, BMW Online, MD Drive, Ski bag, Upholstery Cloth/leather combination, BMW Assist, six-speed manual gearbox, Interior trim Brushed Aluminium/fine grain

Bifreið sem er eins einstök að allri gerð og þú.

BMW 3 línan.

Áttu auðvelt með að taka ákvarðanir? Kostirnir í stöðunni eru jafn margir og þeir eru áhugaverðir. Fimm mismunandi gerðir, ólíkar vélarstærðir og margs konar búnaður allt eftir því hvað hentar þér. Þá eru að sjálfsögðu ótaldir þeir fjölmörgu aukahlutir sem standa til boða ásamt ótal litum og ólíku efnisvali. Með þessu móti getur þú mótað þína eigin bifreið, sem er jafn einstök að allri gerð og þú.

BMW 318 Advantage kr. 3.810.000
BMW 320 Exclusive kr. 4.290.000
BMW 325xi xDrive Prestige Edition kr. 5.900.000

Advantage, Exclusive og Prestige edition eru aukahlutapakkar sem gerir glæsilega BMW 3 línu enn glæsilegri. Nánari upplýsingar hjá sölumönnum í síma 575 1210.

Með bílinn handa þér

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - www.bl.is - www.bmw.is

BUSH BANDARÍKJAFORSETI Þetta er ekki geimvera heldur George W. Bush Bandaríkjaforseti að ávarpa fyrrverandi hermenn á fundi í Kansas í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ástandið í Afganistan:

Hernaðarmátt-ur einn dugar ei

AFGANISTAN, AP Robert Cone, einn æðsti herforingi Bandaríkjahers í Afganistan, lét svo ummælt í gær að mjög ólíklegt væri að hernaðarmáttur einn dygði til að ráða niðurlögum skæruliða talibana. Almennt reyndist ekki unnt að binda enda á uppreisnir nema með pólitískri lausn.

Cone hefur yfirumsjón með að þjálfa og útbúa afganska stjórnarherinn með það að takmarki að hann verði fær um að taka við hlutverki fjölþjóðlega herliðsins í landinu. Hann sagði herlið heimamanna hafa tekið góðum framförum, en vildi ekki tjá sig um það hvenær hann teldi það verða í stakk búið að leysa alþjóðaherliðið alveg af hólmi. - aa

Hestamenn flytja hrossin sín sjálfir

Hestamenn eru nánast hættir að nýta sér þjónustu flutningabíla til að flytja hesta sína og kaupa sér í staðinn jeppa og hestakerru fyrir minnst fimm milljónir króna í þessa flutninga. Flutningafyrirtækin draga saman seglin.

HESTAMENNSKA Hestakerrum hefur fjölgað mikið síðustu tvö til þrjú árin og stærri hestaflutningum hefur fækkað mikið. Hestamenn flytja nú gjarnan hesta sína sjálfir og nota til þess kerrur sem geta tekið allt upp í sjö hesta í einu. Áætla má að í landinu séu nú minnst hátt í fimm milljarðar króna í hestakerrum og jeppum til að draga þær.

Félagar í Landssambandi hestamannafélaga eru tæplega ellefu þúsund talsins. Miðað við að eitt þúsund hestamenn eigi hestakerrur og jeppa til að draga þær að verðmæti samtals um fimm milljónir króna á hvern, þá nemur búnaður til hestaflutninga samtals um fimm milljörðum króna. Það þykir hóflega áætlað.

Haraldur Þórarinsson, formaður Landssambands hestamannafélaga, kannast við þróunina og segir að talsvert algengt sé að hestamenn séu með kerrur sjálfir. „Áður var þetta þannig að menn nýttu sér hestaflutninga en nú eiga slík fyrirtæki undir högg að sækja. Þetta fór að breytast þegar stóru amerísku „pickup-arnir“ og „trailer-arnir“ aftan í þá komu til landsins,“ segir hann.

Haraldur bendir á að verðgildi hrossa hafi aukist og hestarnir kosti kannski jafn mikið eða meira en sjálf kerran. Menn vilji því hugsa vel um hestana sína. „Menn vilja ekki henda hestunum upp í flutningabíla þar sem eru kannski sex eða sjö hestar saman í hólfi. Hestakerrurnar eru flestar mjög fínar og hestarnir eru hólfaðir af og fer vel um þá. En ef fimm hestar eru saman í stíu þá geta þeir stigið hver á annan og slasast,“ segir hann.

KAUPA SJÁLFIR KERRUR Áður nýttu hestamenn sér hestaflutninga en nú eru þeir farnir að flytja hesta sína sjálfir og kaupa því í auknum mæli hestakerrur, eins og sjá má á þessari mynd, og stóra jeppa til að draga þær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kristján Kristjánsson, eigandi Hestaflutninga Guðbrands Óla, segir að fjölgun hestakerra sé ein birtingarmynd þenslunnar. Hann segist hafa verið með þrjá bíla og síðan tvo bíla í hestaflutningum þar til í sumar, þá hafi hann fækkað niður í einn bíl. Hann segist vera orðinn nánast einn eftir í hestaflutningunum fyrir utan fyrirtæki í Hornafirði sem nýlega hafi byrjað starfsemi. Kristján hefur áhyggjur af þróuninni og bendir á að stór hluti sé á kaupleigu.

Sveinn Þórarinsson, framkvæmdastjóri Víkurvagna sem framleiðir hestakerrur, segir að hestamenn kaupi oft saman kerrur og þriggja til fjögurra hesta kerrur séu vinsælastar. Margir séu líka farnir að leigja kerrur.

ghs@frettabladid.is

BINDISLAUS Abe var „cool biz“-klæddur er hann heilsaði Merkel í Tókýó. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Merkel kanslari í Japan:

Loftslagsmál í brennidepli

JAPAN, AP Angela Merkel, kanslari Þýskalands, er nú í Japan í framhaldi af heimsókn sinni til Kína. Hún hitti Shinzo Abe forsætisráðherra í Tókýó á miðvikudag. Þau ræddu meðal annars loftslagsmál og alþjóðlegar aðgerðir gegn hryðjuverkum.

Áður en þau Merkel og Abe settust að spjalli vöktu þau athygli á því að enginn í fylgdarliði þeirra væri með bindi og tóku þar með þátt í svokölluðu „cool biz“-átaki japanskra stjórnvalda, sem miðar að því að skrifstofufólk og kaupsýslumenn klæðist léttar á sumrin svo hægt sé að draga úr notkun loftkælinga og minnka þar með útblástur gróðurhúsalofttegunda. - aa

DÓMSMÁL

Með hass heima

Kona á þrítugsaldri hefur verið ákærð fyrir að hafa haft um 130 grömm af hassi í fórum sínum í apríl á þessu ári. Lögreglan gerði húsleit hjá konunni og fundust efnin í bíl og á heimili hennar.

GÓÐA SKEMMTUN Á LJÓSANÓTT

ÞÁTTTAKANDI Í LJÓSANÓTT

Geysir Green Energy valdi höfuðstöðvum sínum stað í Reykjanesbæ og við viljum þakka bæjarbúum góðar viðtökur. Það er því með mikilli ánægju sem við styrkjum Ljósanótt og tökum virkan þátt í að gera hátíðina sem glæsilegasta. Meðal þess sem við leggjum fram er kostun á sviðsbúnaði Ljósanætur, hjóla- og kerrugeymsla og fleira sem líklegt er til að auka þægindi og ánægju gesta.

Við óskum íbúum Reykjanesbæjar til hamingju með Ljósanótt.

ÓKEYPIS HJÓLA- OG KERRUGEYMSLA

Geysir Green Energy býður gestum Ljósanætur upp á ókeypis hjóla- og kerrugeymslu í samvinnu við Knattspyrnudeild Keflavíkur. Geymslutjaldið verður opið milli klukkan 12.00 og 18.00, laugardaginn 1. september. Þar geta þátttakendur í hjólakeppninni geymt hjólin sín á öruggum stað og foreldrar skilið við sig kerrur eða vagna.

ALÞJÓÐLEGT ÍSLENSKT FYRIRTÆKI

Reynsla og þekking okkar Íslendinga á sviði jarðvarmaorku er einstök. Geysir Green Energy nýtir þessa þekkingu í alþjóðlegu samhengi og tekur virkan þátt í nýtingu jarðvarma víðs vegar um heiminn. Verkefni okkar er að sameina hagsmuni fjárfesta og þarfir neytenda fyrir hagkvæma orku ásamt tillitssemi gagnvart umhverfinu og orkulindum jarðar.

www.geysirgreenenergy.com

GEYSIR GREEN ENERGY



NORAH JONES

Söngkonan **Norah Jones** hefur vakið mikla og verðskuldaða athygli um allan heim fyrir tónlist sína. Þessi einstaka tónlistarkona heldur **tónleika í Laugardalshöll 2. september.** FL Group styrkir tónleikana og stuðlar þannig að fjölbreytni og áframhaldandi grósku í tónleikahaldi á Íslandi.

FL Group styður dyggilega við bakið á íslensku tónlistarlífi. Hvort sem um ræðir útrás, framsækið tónleikahald eða eflingu tónlistar innanlands. Um leið og við gleðjumst yfir árangri og sigrum undanfarinna ára munum við halda áfram að styrkja íslenskt tónlistarlíf og hvetja okkar góðu listamenn til dáða.

Fjölmargir ólíkir tónlistarmenn njóta stuðnings FL Group í gegnum fjárfestingarfélagið **Tónvís** og útgáfufyrirtækið **Believer**. Má þar nefna **Garðar Thór Cortes**, **Friðrik Karlsson** og **Barða Jóhannsson** í Bang Gang.

FL Group er einnig aðalstyrktaraðili **Sinfóníuhljómsveitar Íslands** og vill með því leggja áherslu á mikilvægi þess að Íslendingar eigi jafn öfluga og metnaðarfulla hljómsveit og raun ber vitni.

FL GROUP

Fíton/SÍA FI021220

RÍKISSTJÓRN Í 100 DAGA

Hveitibrauðsdagarnir eru liðnir

Hundrað dagar eru liðnir síðan ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar tók við völdum. Hveitibrauðsdagarnir hafa verið tíðindalitlir og flest fyrirheitin í stjórnarsáttmálanum bíða þess að verða efnd.

EINBEITT Ráðherrar ganga til sumarþings, viku eftir að stjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar tók við völdum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Víða um lönd er til siðs að ríkisstjórnir geri sem mest á fyrstu vikum og mánuðum valdatíðar sinnar. Nýir ráðherrar keppast við að kynna pólitísk stefnumál og gæta þess að ekki fari á milli mála að mannaskipti hafi orðið í ráðuneytinu. Á Íslandi er þessu öðru vísi farið og helgast það vísast af þeirri staðreynd að hér starfa jafnan samsteypustjórnir og einn eða fleiri stjórnarflokkar sátu líka í fyrri stjórn.

Afrekalisti ríkisstjórnarinnar þessa hundrað daga er ekki langur en magn er svo sem ekki gildur mælikvarði í pólitík. Niðurskurður þorskkvóta um 63 þúsund tonn er viðamesta ákvörðun ríkisstjórnarinnar til þessa enda snertir hún lífsafkomu þúsunda um allt land. Um leið og tilkynnt var um niðurskurðinn voru mótvægisaðgerðir til að styrkja atvinnulíf í sjávarbyggðum boðaðar. Vikið var að þeim almennum orðum miðsumars en útfærslur eru enn á huldu, ef undan eru skilin áform um að flýta vegaframkvæmdum.

Nokkrar nefndir

Að sönnu hefur meira borið á ráðherrum Samfylkingarinnar en ráðherrum Sjálfstæðisflokksins. Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra hefur skipað nokkrar nefndir og starfshópa auk þess sem hún hefur lækkað lánshlutfall Íbúðalánasjóðs og ráðist gegn biðlistum hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra hefur ráðist gegn hliðstæðum biðlistum hjá Barna- og unglingageðdeild Landspítala.

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra hefur, líkt og Jóhanna, skipað nokkrar nefndir og undan hans rifjum eru runnin bráðabirgðalög um rafmagn á Keflavíkurflugvelli.

Tvö ferðalög Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra – til Afríku og Mið-Austurlanda – voru býsna fréttnæm en af vettvangi varnarmála voru yfirtaka Íslendinga á ratsjárkerfinu og heræfingin Norðurvíkingur einna helst í kastljósi fjölmiðla.

Ábyrgð og ágreiningur

Skýrsla Ríkisendurskoðunar um Grímseyjarferjumálið hefur verið efst á baugi í pólitíkinni síðan hún var opinberuð um miðjan mánuðinn. Kristján L. Möller samgönguráðherra komst að þeirri niðurstöðu, eftir lestur skýrslunnar, að ráðgjafi Vegagerðarinnar bæri ábyrgð. Óskaði hann eftir stjórnsýsluúttekt og setti nefnd á fót. Í kjölfarið hafa fylgt hnútuköst milli Ríkisendurskoðunar og fjármálaráðuneytisins um ákvæði fjárreiðulaga og góða stjórnsýslu.

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra hefur hafnað öllum óskum um rannsóknarleyfi á hugsanlegum virkjunarsvæðum og gert embættismönnum að taka vatnalögin til endurskoðunar. Eiga þau að óbreyttu að taka gildi 1. nóvember. Össur mótmælti fyrirhuguðum lögum harðlega þegar þau voru til umræðu í þinginu á síðasta ári. Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefur sagt að hann telji ástæðulaust að endurskoða lögin. Áhugamenn um pólitísk átök sjá fram á veislu.

Óbreytt staða

Samkvæmt stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er stöðugleiki í efnahagslífinu eitt brýnasta verkefni hennar. Segir þar að tryggja verði að íslensk fyrirtæki búi við bestu samkeppnis- og rekstrarskilyrði sem völ sé á og að mikilvægt sé að rekstrarumhverfi fyrirtækja tryggi vöxt þeirra og laði að starfsemi frá öðrum löndum. Á þeim hundrað dögum sem liðnir eru frá því að stjórnin tók við hefur þensla aukist. Lækkun hámarkslánshlutfall Íbúðalánasjóðs er það eina sem gert hefur verið til að sporna við þenslunni.

Þó sagt sé að vika í pólitík sé langur tími eru hundrað dagar í lífi ríkisstjórnar kannski ekkert svo ofboðslega langur tími. Þing kemur saman 1. október og þá opnast farvegur hugmynda til laga. Um leið opnast leikvöllur stjórnarandstöðunnar til að berja á ríkisstjórninni.

FRÉTTASKÝRING
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
bjorn@frettabladid.is

Á HUNDRAÐ DÖGUM

Nokkur verk stjórnarinnar

- 24.5. Ríkisstjórnin tekur við völdum
- 13.6. Lög eru sett um breytingu á skipan stjórnarráðsins og afnám tekjutengingar við atvinnutekjur 70 ára og eldri.
- 26.6. 147 milljónum er varið í sérstakar aðgerðir til að vinna á biðlistum hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.
- 4.7. Félagsmálaráðherra lækkar lánshlutfall Íbúðalánasjóðs úr 90% í 80%
- 6.7. Bráðabirgðalög sett um notkun raflagna og raffanga í núverandi ástandi á fyrrverandi varnarsvæði á Keflavíkurflugvelli.
- 6.7. Sjávarútvegsráðherra sker niður þorskafla um 63 þúsund tonn og ríkisstjórnin boðar mótvægisaðgerðir í sjávarbyggðum.
- 10.7. Samgönguráðherra ákveður að flýta vegaframkvæmdum á ellefu stöðum á næstu þremur árum fyrir samtals 6,5 milljarða króna.
- 13.7. Iðnaðarráðherra vísar frá umsóknum um rannsóknarleyfi á sex svæðum.
- 17.7. Samgönguráðherra leggur hugmyndir um jarðgöng til Vestmannaeyja á hilluna.
- 14.8. Félagsmálaráðherra felur innflytjendaráði að gera framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda.
- 14.8. Samgönguráðherra felur verkefnahópi að fara yfir málefni nýrrar Grímseyjarferju.
- 16.8. 150 milljónum er varið í aukna þjónustu við börn og ungmenni með hegðunar- og geðraskanir.
- 21.8. Umhverfisráðherra synjar óskum um vegalagningu yfir Grunnafjörð.
- 27.8. Félagsmálaráðherra skipar nefnd til að fjalla um félagslegan þátt húsnæðislánakerfisins.
- 28.8. Iðnaðarráðherra skipar verkefnisstjórn til að undirbúa rammaáætlun um verndun og nýtingu náttúrusvæða.
- 29.8. Iðnaðarráðherra ákveður endurskoðun vatnalaga.

SIEMENS

Ný þvottavél frá Siemens, sem lætur blettina hverfa.

Þetta er vél sem hefur algera sérstöðu. Fjórtán **blettakerfi** fyrir ólíka bletti, t.d. vínbletti, blóðbletti og grasgrænku. Tromlan er óvenjustór, tekur 65 l og hægt er að þvo í henni allt að **8 kg.** Innra byrði tromlunnar er með droplaga mynstri sem fer sérlega vel með þvottinn. Vélin er mjög snör í snúningum: **15 mín. hraðkerfi** og **60 mín. kraftþvottakerfi** fyrir meðalóhreinan þvott. **Snertihnappar**. Stór og öflugur skjár. Vélin hefur mjög góða hljóðeinangrun og er í orkuflokki **A+**.

ATARNA – KMI / FÍT

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

ÚR STEFNUYFIRLÝSINGU RÍKISSTJÓRNARINNAR FRÁ 23. MAÍ

Eitt brýnasta verkefni nýrrar ríkisstjórnar er að tryggja stöðugleika í efnahagslífinu í þágu heimila og atvinnulífs.

Unnið verði að endurskoðun landbúnaðarkerfisins með það fyrir augum að auka frelsi, bæta stöðu bænda og lækka verð til neytenda.

Kerfi óbeinna skatta, s.s. vörugjalda og virðisaukaskatts, verði endurskoðað.

Verkaskipting ráðuneyta verði endurskipulögð og ráðherrum, alþingismönnum og stjórnsýslu ríkisins settar siðareglur.

Eftirlaunakjör alþingismanna og ráðherra verði endurskoðuð og meira samræmi komið á í lífeyrismálum ráðamanna og almennings.

Hraðað verði uppbyggingu 400 hjúkrunarrýma fyrir aldraða og einbýlum fjölgað.

Endurmeta ber sérstaklega kjör kvenna hjá hinu opinbera.

Leggja á stóraukna áherslu á forvarnir á öllum sviðum og stuðla að heilbrigðari lífsháttum.

Ríkisstjórnin mun beita sér sérstaklega fyrir úrbótum á samgöngukerfi höfuðborgarsvæðisins.

Haldið verður áfram endurskoðun á stjórnarskrá lýðveldisins. Áhersla verður lögð á að leiða til lykta ágreining um þjóðareign á náttúruauðlindum.

Guðmundur Gunnarsson:

Varnarleikur

„Sumarið er búið að vera eins og tíðindalaus fyrri hálfleikur þar sem þjálfarinn lætur spila vörn með einn frammi,“ segir Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins og áhugamaður um stjórnmál.

GUÐMUNDUR GUNNARSSON

Hann segir að áfram verði virkjað á Íslandi og sú staðreynd þvælist fyrir Samfylkingarráðherrunum. Fólk vilji atvinnuöryggi og náttúruvernd gleymist þegar þarf að borga vísareikninginn. Guðmundur bendir líka á að erfiðara sé að vera ráðherra með skömmtuð fjárráð heldur en að sitja í stjórnarandstöðu og boða ókeypis námsbækur, jarðgöng og malbik heim á hvern bæ.

Jón Magnússon Frjálslyndum:

Í sólbaði í sumar

„Almennt séð hefur ríkisstjórnin lítið aðhafst og mér virðist sem hún hafi notið veðurblíðunnar í sumar og raunveruleg stefnumótun sé eftir,“ segir Jón Magnússon, þingmaður Frjálslynda flokksins. Hann hefur áhyggjur af stöðu og þróun efnahagsmála, ekki síst krónubréfunum, og telur stjórnina hafa flotið sofandi að feigðarósi í því máli.

JÓN MAGNÚSSON

Jón telur stefnumörkun í utanríkismálum ábótavant sem og hvernig standa eigi að mótvægisaðgerðum vegna niðurskurðar þorskkvóta. Þá gagnrýnir hann að ríkisstjórnin skuli ekki beita sér fyrir að íslenskir lántakendur njóti sömu kjara og bjóðast á hinum Norðurlöndunum.

Siv Friðleifsdóttir Framsókn:

Gaspur og þreyta

„Þessir hundrað dagar hafa einkennst af gaspri Samfylkingarinnar, sem áttar sig ekki á að hún er komin í ríkisstjórn og þögn Sjálfstæðisflokksins, sem virðist þjást af valdaþreytu,“ segir Siv Friðleifsdóttir, formaður þingflokks Framsóknarflokksins.

SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR

Hún segir málefnasamning stjórnarflokkanna loðinn og almennt orðaðan og gefi auk þess engin fyrirheit.

Þá greinir Siv ósamstöðu milli flokkanna; yfirlýsingar hafi verið gefnar þvers og kruss um orkumál og óeining sé til dæmis um hvalveiðar og tilfærslu verkefna milli ráðuneyta.

80% verðmunur

Sportbúðin og Veiðihornið - sérverslanir skotveiðimannsins

Lítil verðkönnun hefur leitt í ljós að sambærilegar gervigæsir kosta ríflega 80% meira annars staðar en hjá okkur.
Í einum kassa hjá okkur eru 12 gæsaskeljar; 8 á beit, 2 á verði og 2 í hvíld. Öll festijárn fylgja með.
Vel samansettur hópur sem þú færð í Veiðihorninu, Veiðimanninum og Sportbúðinni á aðeins 8.995.
Ef þú kaupir 2 kassa færðu 5% afslátt og ef þú kaupir 3 eða fleiri færðu 10% afslátt frá þessu frábæra verði.
Gerðu verðsamanburð og sparaðu. Einnig álftir, flotgæsir, gerviendur, gallar, skot og fleira og fleira.

Stoeger 2000 Synthetic
hálfsjálfvirk, bakslagsskift byssa með snúningsboltanum frá Benelli og skiptibúnaði frá Franchi. 26" hlaup, 5 þrengingar, ólarfestingar og byssupoki. Stoeger er í eigu Beretta.
Aðeins 54.900.- stgr. eða vaxtalausar raðgreiðslur til 12 mánaða.

Stoeger 2000 Standard
Hálfsjálfvirk, bakslagsskift byssa með snúningsboltanum frá Benelli og skiptibúnaði frá Franchi. 26" hlaup, 5 þrengingar, ólarfestingar og byssupoki. Stoeger er í eigu Beretta.
Aðeins 56.900.- stgr eða vaxtalausar raðgreiðslur til 12 mánaða.



Stoeger 2000 Camo
Hálfsjálfvirk, bakslagsskift byssa með snúningsboltanum frá Benelli og skiptibúnaði frá Franchi. 26" hlaup, 5 þrengingar, ólarfestingar og byssupoki. Stoeger er í eigu Beretta.
Aðeins 62.900.- stgr. eða vaxtalausar raðgreiðslur til 12 mánaða.

Stoeger P350 Camo
Pumpa með snúningsboltanum frá Benelli. 26" hlaup, 3 þrengingar og byssupoki. Stoeger er í eigu Beretta.
Aðeins 39.900 stgr. eða vaxtalausar raðgreiðslur til 12 mánaða.



Beretta ES Synthetic
Hálfsjálfvirk, bakslagsskift byssa frá Beretta. 26" hlaup, 3 þrengingar, byssupoki.
Aðeins 94.900 stgr. eða vaxtalausar raðgreiðslur til 12 mánaða.

Beretta ES Standards
Hálfsjálfvirk, bakslagsskift byssa frá Beretta. 26" hlaup, 3 þrengingar, byssupoki.
Aðeins 96.900 stgr. eða vaxtalausar raðgreiðslur til 12 mánaða.

Munið vinsælu gjafabréfin okkar

Krókháls 5 – Sími 517 8050
Sportbudin.is

Síðumúli 8 – Sími 568 8410
Veidihornid.is

JÖNSSON & LE:WACKNS • JI.IS • SÍA
FOR SAFER CARS
EURO NCAP
www.euroncap.com
ADULT OCCUPANT
☆☆☆☆☆

NÝR CORSA

Fáir bílar hafa hlotið jafn margar viðurkenningar og nýr Opel Corsa*

Beinskiptur **1.2 L**

Verð 1.590.000

Sjálfskiptur **1.4 L**

Verð 1.850.000

ESP- skriðvörn/stöðugleikastýring - 6 loftpúðar - Aftengjanlegur loftpúði fyrir framsæti
Fjarstýring fyrir hljómtæki í stýri - Útvarp með geislaspilara, spilar MP3 - „Aux“ tengi í hljómtæki - Aðdráttarstýri - Geymsluskúffa undir farþegasæti

* Bíll ársins 2007 - What Car? - **England**
„Best in Class“ - Channel 4 Cars - **England**
Bíll ársins 2007 - Samtök bílablaðamanna (MKD) - **Danmörk**
Fjölskyldubíll ársins 2007 - Samtök bíleigenda - **Belgía**
2. sæti **„Car of the Year“** 2007 í **Evrópu**

Ingvar Helgason Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Svona erum við

> Fjöldi úrskurða Siðanefndar Blaðamannafélags Íslands 2000-2006



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

baksvið
fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: SVIPLEG DAUÐSFÖLL KNATTSPYRNUMANNA

Bráðkvaddir á knattspyrnuvellinum

Spænski knattspyrnumaðurinn Antonio Puerta lést á þriðjudag með sviplegum hætti. Miðvallarleikmaðurinn 22 ára fékk hjartaáfall eftir rúmlega hálftíma leik með liði sínu Sevilla gegn Getafe á laugardag. Andlát Puerta er ekki einsdæmi í íþróttinni, en áður hafa knattspyrnumenn orðið bráðkvaddir í kappleikjum sökum hjartveiki.

Hvað kom fyrir Puerta?
Á 35. mínútu leiksins á laugardag hneig Puerta niður þegar hann var að skokka til baka að eigin marki. Sjúkraliðar hlupu strax inn á völl og rankaði Puerta þá aftur við sér. Þegar inn í búningsklefa var komið fékk hann annað hjartaáfall og komst ekki aftur til meðvitundar.

Hafa aðrir látist á sama hátt?
Marc-Vivien Foe, landsliðsmaður frá Kamerún, hneig niður í leik gegn Kólumbíu í Álfubikarnum sumarið 2003. Hann lést á sjúkrahúsi og í ljós kom að banameinið hafði verið hjartaáfall. Foe lék með Manchester City á Englandi og ákvað Kevin Keegan, knattspyrnustjóri liðsins, að treyja númer 23, sem Foe hafði klæðst, yrði ekki framar notuð, í virðingarskyni við hinn látna.

Hverjir fleiri hafa látist á vellinum?
Ungverjinn Miklos Feher, leikmaður Benfica, hlaut gula spjaldið undir lok leiks í ársbyrjun 2004. Örfáum sekúndum síðar féll hann í jörðina örendur eftir hjartaáfall, 24 ára að aldri. Serginho, varnarmaður brasilíska liðsins Sao Caetano lést í leik í október sama ár, og Hugo Cunha, leikmaður Uniao Leiria í Portúgal, árið síðar. Í fyrradag lést svo Chaswe Nsofwa, framherji frá Sambíu, í æfingaleik með félagsliði sínu í Ísrael. Hann var 27 ára gamall. Orsök þessara dauðsfalla getur verið undirliggjandi hjartasjúkdómar, en neysla lyfja getur einnig aukið líkur á skyndidauða.

SPURT & SVARAÐ
NEYÐARVISTUN

Fjórtán dagar að hámarki

SÓLVEIG ÁSGRÍMSDÓTTIR
Forstöðumaður Stuðla.

Um síðustu helgi brann neyðarvistunarálma meðferðarheimilisins Stuðla. Tveimur stúlkum, sem voru króaðar af inni í herbergi, var bjargað af reykköfurum slökkviliðsins. Engin neyðarvistun er því á Stuðlum þessa dagana. Sólveig Ásgrímsdóttir er forstöðumaður Stuðla.

Hvað er neyðarvistun?
Neyðarvistun er úrræði yfirvalda til að taka við ungmennum í miklum vanda. Það getur verið vegna hegðunarvanda, fíkniefnavanda eða óupplýstra afbrota.
Einungis barnaverndarnefnd eða lögreglan í samráði við barnaverndarnefnd geta vistað unglinga í neyðarvistun. Barnaverndarnefnd getur tekið ákvörðun um neyðarvistun án þess að fyrir liggi leyfi hjá forsjáraðilum barnsins eða því sjálfu.

Hvað dveljast ungmenni lengi í neyðarvistuninni?
Fjórtán dagar eru hámarks dvöl í neyðarvistun. Oftast dvelja ungmennin í fjóra til fimm daga.

Áberandi rask og lýti á Þingvöllum

Úrskurður Jónínu Bjartmarz um Gjábakkaveg hefur komist í hámæli vegna ótta um að veglagningin ógni stöðu Þingvalla á heimsminjaskrá UNESCO. Í úrskurðinum virðist lítið mark hafa verið tekið á harðorðu áliti Umhverfisstofnunar gegn Gjábakkavegi.



Í umsögn Umhverfisstofnunar um Gjábakkaveg segir að út frá gildandi lögum og sæti Þingvalla á heimsminjaskrá UNESCO væri „ljóst að Íslendingum beri skylda til að gæta þess að lífríki Þingvallavatns verði ekki raskað".

Full þörf sé á að rannsaka hugsanleg áhrif köfnunarefnismengunar á vatnið, þ.e. að aukning köfnunarefna geti raskað lífríki vatnsins. Telur stofnunin að „náttúran eigi að njóta vafans".

Við vegagerð eigi að velja þá leið sem lengst sé frá vatninu, því í lögum um verndun Þingvallavatns segi að „óheimilt [sé] að gera nokkuð það sem geti spillt vatni eða mengað það", en í kæru Péturs M. Jónassonar vatnalíffræðings var bent á að lagning vegarins myndi riðla fæðuvef, búsvæðum og hrygningarstöðvum bleikjunnar í Þingvallavatni.

Bleikjan er friðuð af UNESCO og Alþingi.

Eldra rask réttlæti ekki rask nú

Um náttúruminjar segir Umhverfisstofnun að framkvæmdin „muni raska Eldborgarhrauni með áberandi hætti og verða lýti í hrauninu og jafnframt skapa nýtt sár (mannvirkjabelti) þvert á brotastefnu sigdældarinnar".

Þar sem hrauninu hafi nú þegar verið raskað sé „enn brýnna en ella að forðast rask á því og sérstaklega í þeim mæli sem hér um ræðir". Eldra rask réttlæti ekki endilega frekara rask.

Stofnunin klykkir út með að við framkvæmdina, sem hafi „umtalsverð umhverfisáhrif" í för með sér, sé einblínt á takmarkaðan ávinning (fyrir sveitunga) af auknum hraða á nýrri leið.

Nokkur mótrök

Þessar röksemdir, sem Heilbrigðisstofnun Suðurlands tók að mörgu leyti undir, voru bornar saman í úrskurði ráðuneytisins við rök Skipulagsstofnunar, Bláskógabyggðar og Vegagerðar.

Í stuttu máli túlka ríkisstofnanirnar lögin á annan hátt en Umhverfisstofnun. Lög um Þingvallavatn stuðli að verndun vatnsins, en feli ekki í sér friðun þess. Í þeim sé gert ráð fyrir raski af mannvirkjagerð.

Ráðuneytið reifar þá að samkvæmt lögum sé óheimilt að gera nokkuð það sem geti spillt vatninu og að þess skuli gætt að raska ekki umhverfi bleikjunnar.

Á ÞINGVÖLLUM Umhverfisstofnun telur framkvæmdina raska Eldborgarhrauni verði Gjábakkavegur að veruleika.

Vísað er til valdheimilda ráðherra um losun úrgangsefna og að reglur um frárennsli yrðu strangari en venjulega. Taldar eru til hömlur á völuflutningum, reglur sem lágmarki mengun og svo framvegis.

Ráðuneytið virðist álíta það gild mótrök þegar Bláskógabyggð segir um bleikjuna friðuðu að það sé fremur væntanleg aukning á komu ferðamanna sem muni auka álag á þjóðgarðinn heldur en nýr Gjábakkavegur. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar minnir á að Pétur Jónasson hafi sjálfur barist fyrir því að koma Þingvöllum á heimsminjaskrá, orsakavaldi ferðamannastraumsins.

Tekið skal fram að rök Bláskógabyggðar fyrir lagningu vegarins snúast ekki síst um lengd vegarins, hentugleika og öryggi fyrir vegfarendur, en þau rök snerta ekki álit Umhverfisstofnunar beinlínis, utan þess sem getið er um hámarkshraðann hér á undan.

Fellst á aukna mengun

Ráðuneytið fellst þó á að mengun aukist líklega vegna vegarins. Á móti vísar það til fyrrgreindra reglna um framkvæmdir á svæðinu og, einhverra hluta vegna, í reglur um notkun áburðar á svæðinu.

Telur ráðuneytið því rétt að framkvæmdaraðila verði gert skylt að mæla köfnunarefnismengun áður en framkvæmdir hefjist og í fimm ár eftir að þeim ljúki.

Komi í ljós að lífríki vatnsins hafi spillst að þeim tíma liðnum, er áréttað að ráðuneytið geti „gripið til aðgerða", án þess að það sé skýrt nánar.

Ráðuneytið féllst ekki á að lagning vegarins hefði umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér, sem kunnugt er.

VAR TIL EINSKIS AÐ STREITAST Á MÓTI

ÁRNI FINNSSON
Formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands.

„Skilaboðin voru þau að það væri sama hversu margar athugasemdir við gerðum um Gjábakkaveg, það yrði ekkert gert við þær," segir Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands.

Árni kveður ráðherra hafa verið einarðan í afstöðu sinni, þegar ákvörðun var tekin um að leyfa Gjábakkaveg við Þingvelli. Málinu hafi átt að koma í gegn fyrir kosningar, sama hvað það kostaði.

„Og ég held að úrskurður Jónínu skýrist af því að Guðni Ágústsson, þáverandi landbúnaðarráðherra, var undir gífurlegum þrýstingi frá Sunnlendingum."

Árni segir að öll rök hafi verið með því að hafna vegagerðinni.

„En við litum þannig á þetta að það svaraði einfaldlega ekki kostnaði að fá lögfræðiálit. Með framsóknarráðherra við völd hefði þeim peningum verið kastað út um gluggann."

Árni þakkar Pétri Jónassyni vatnalíffræðingi einum að vegurinn sé enn til umræðu. „Hann er alveg ódrepandi, þótt hann sé kominn á níræðisaldur!"

DAVÍÐ OG JÓNÍNA

„Við lögðum fram þau sjónarmið sem Umhverfisstofnun stendur fyrir. Mér virðist sem einnig hafi verið horft til fleiri þátta," segir þáverandi forstjóri Umhverfisstofnunar, Davíð Egilsson. „Annars vil ég ekki tjá mig um hvort ég sé sáttur eða ósáttur við þennan úrskurð."

JÓNÍNA BJARTMARZ

Jónína Bjartmarz hefur gefið til kynna að hennar sjónarmið endurspeglist í úrskurðinum og hún hafi engu við hann að bæta.

Forsætisráðuneytið
ePSIplus
LÍSA samtök

Hádegisverðarfundur
Endurnot opinberra upplýsinga
Hvert stefnir?

5. september 2007, kl. 11:45-14:00
Kornhlaðan Lækjarbrekku, Bankastræti 2

11:45-12:00	Skráning
12:00-12:05	Inngangsorð; Halldór Árnason, skrifstofustjóri í forsætisráðuneyti
12:05-12:20	Hádegisverður borinn fram
12:20-12:40	Innleiðing tilskipunar um endurnot opinberra upplýsinga á Íslandi; Páll Þórhallsson, lögfræðingur í forsætisráðuneyti
12:40-13:20	ePSIplus verkefnið og PSI tilskipun um endurnot opinberra upplýsinga; Christopher Corbin, ePSIplus sérfræðingur
13:20-13:55	Fyrirspurnir og umræður
13:55-14:00	Lokaorð; Stefán Guðlaugsson, formaður LÍSU samtakanna
14:00	Fundarslit.

Fundarstjóri er Guðbjörg Sigurðardóttir, skrifstofustjóri í forsætisráðuneyti.

Fundurinn er haldinn á vegum forsætisráðuneytis, ePSIplus verkefnis Evrópusambandsins og LÍSU samtakanna.

Verð: kr. 3.000
Nánari upplýsingar: http://lisa.reykjavik.is/
Tilkynning um þátttöku: lisa@skipulag.is

FRÉTTASKÝRING
KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON
klemens@frettabladid.is

Nú er hann 2 faldur um helgina

LOKASLAGURINN
UM ÍSLANDSMEISTARATITLANA Í MOTOCROSS OG ENDURO ER UM HELGINA

Keppt verður á glæsilegu akstursvæði Vélhjólaíþróttafélagsins við Bolaöldu gegn Litlu kaffistofunni 1. og 2. september. Motocrosskeppnin hefst kl. 11.15 á laugardag á keppni kvenna og yngri flokka og keppni MX1/2 hefst kl. 14.06
Á sunnudag hefst keppni í enduro á 5. umferð í Baldursdeild kl. 10.15 og Meistaraflokk kl. 11.15.

Stigakeppnin til Íslandsmeistaratitlanna er gríðarlega jöfn í öllum flokkum og allt getur gerst.

Ekki missa af frábærum keppnum um helgina!

Aðgangseyrir er 700 kr. hvorn dag um sig eða 1000 kr. fyrir báða dagana..
Frítt fyrir 12 ára og yngri.

Vefurinn: PopUrls

Vefur sem tekur saman alla vinsælustu tenglana á internetinu hverju sinni. Fyrirsagnir af Digg, myndbrot úr vinsælustu myndböndum á YouTube og margt fleira.
www.popurls.com

tækni&vísindi
taekni@frettabladid.is

SKÝRING: HD VMD

Lítilmagninn í mynddiskastríðinu

Flestir vita af keppni HD DVD og Blu-Ray mynddiskastaðlanna um peninga neytenda, en færri vita af þriðja keppandanum í stríðinu, HD VMD. Fyrirtækið New Medium Enterprises (NME) hefur þróað disk sem notar hefðbundna DVD-tækni en hefur nóg geymslupláss fyrir háskerpuefni eins og er á HD DVD og Blu-Ray diskum.

Í stuttu máli virkar tæknin þannig að fleiri lög (e. layers) eru á diskunum en á venjulegum DVD-diskum, og leysirinn er rauður í stað þess bláa sem hinir háskerpudiskarnir nota. Þannig kemst meira fyrir á hverjum diski, en þeir eru ódýrari í framleiðslu.

Alexandros Potter, varaforstjóri NME í Bandaríkjunum, segir fyrstu HD VMD spilarana koma á markað á Íslandi í nóvember eða desember, en þeir verða kynntir í Evrópu í næstu viku. Ætlunin sé að selja spilarana á mun lægra verði en aðrir háskerpuspilarar fást á, eða undir tvö hundruð dollurum (12.000 krónum). Algengt verð á Blu-Ray eða HD DVD spilara er um sex hundruð dollarar (38.000 krónur).

Til þess að spila háskerpumynd þarf ekki aðeins spilara heldur myndina sjálfa, og flest stærstu kvikmyndafyrirtæki heims hafa samið við aðstandendur HD DVD eða Blu-Ray (eða báða) um dreifingu sinna mynda á þeirra diskum. Alexandros segir að NME semji þess í stað við útgefendur kvikmynda í hverju landi, sem hafi rétt á að dreifa myndum á hvaða formi sem þeir kjósa.

„Við höfum hitt fólk frá Senu, Myndformi og Sammyndum varðandi myndir sem þau hafa dreifingarrétt á, og erum við það að semja við Myndform. Okkar markmið er að gera þeim sem hafa keypt flatskjái kleift að nálgast háskerpuefni á viðráðanlegu verði, því hinar lausnirnar eru einfaldlega allt of dýrar," segir hann. „Við gerum okkur grein fyrir því að við erum lítilmagninn í þessu stríði, en ég held að það geti komið sér vel fyrir okkur."

TÆKNIHEIMURINN

Manhunt 2 breytt fyrir útgáfu

Tölvuleikurinn ofbeldisfulli, Manhunt 2, verður gefinn út í breyttri útgáfu í Bandaríkjunum í lok október. Leikurinn var bannaður í Bretlandi þegar hann átti að koma út í júní, og var útgáfu hans frestað í Bandaríkjunum meðal annars vegna þess. Nú hefur ofbeldið í leiknum, sem gerist á geðveikrahæli, verið gírað niður og vonast framleiðendur hans til þess að banninu í Bretlandi verði aflétt.

Fyrsti almyrkvi á tungli í sjö ár

Íbúar Nýja-Sjálands urðu vitni að sjaldgæfu geimfyrirbrigði á dögunum þegar tunglið var sveipað rauðum ljóma í um klukkustund vegna tunglmyrkva. Fyrirbrigðið kallast almyrkvi á tungli (e. blood moon), og varð síðast fyrir sjö árum. Þetta gerist þegar sólin, jörðin og tunglið raða sér upp þannig að skuggi jarðarinnar fellur á tunglið og myrkvar það. Rauði ljóminn er vegna þess að eina ljósið sem fellur á tunglið í almyrkva hefur farið í gegnum andrúmsloft jarðar. Næsti almyrkvi á tungli verður 10. desember 2011.

Bandaríkjamenn fitna og fitna

Bandaríkjamenn eru feitari en nokkru sinni fyrr. Samkvæmt nýrri rannsókn eru tveir fullorðnir Bandaríkjamenn af hverjum þremur of þungir, og um 25 milljónir barna. Þyngd þjóðarinnar hefur afar slæm áhrif á heilsu hennar og samkeppnishæfi í heiminum, segir í skýrslunni sem var gerð á vegum Trust for America's Health.

Engir geimfarar undir áhrifum áfengis

Fulltrúar bandarísku geimvísindastofnunarinnar, NASA, sögðu í gær að engir geimfarar á vegum hennar hefðu flogið undir áhrifum áfengis. Ásakanir þess efnis birtust nýlega í niðurstöðum óháðrar rannsóknarnefndar. Þar sagði meðal annars að geimfarar hefðu drukkið áfengi fyrir flug í Kasakstan og í Mið-Asíu, og var vitnað í ónafngreinda heimildarmenn. Talsmenn NASA segja þetta þvætting.

Fjármálastjóri Google hættir

George Reyes, fjármálastjóri hjá Google, hefur tilkynnt að hann ætli sér að hætta störfum fyrir árslok. Fyrirtækið hefur þegar hafið leit að arftaka George, en þetta er mikilvægasta staðan sem losnað hefur hjá fyrirtækinu síðan það fór á hlutabréfamarkað fyrir um þremur árum.

iPhone tekinn úr lás en bannaður á Íslandi

Þrátt fyrir að tekist hafi að opna lásinn í iPhone þannig að hægt sé að nota símann í öðrum símkerfum en bandarískum munu Íslendingar eiga erfitt með að nota hann hér á landi. Hann hefur ekki CE-merkingu og er því bannaður á Íslandi. Þeir sem hafa í hyggju að panta hann frá Bandaríkjunum eiga á hættu að hann komist ekki lengra en í tollinn.

IPHONE Síminn státar af því að vera GSM-sími, iPod-spilari og lófatölva í einu og sama tækinu. Nánast öll framhlið hans er einn stór snertiskjár, sem er óvenjulegt í farsímum í dag. Yfir milljón eintök hafa selst af símanum síðan hann kom á markað í Bandaríkjunum í júní, en áætlað er að gefa hann út í Evrópu í lok þessa árs eða snemma á því næsta. MYND/APPLE

Fréttir af afrekum sautján ára bandarísks tölvusnillings bárust fyrir nokkrum dögum, en honum tókst fyrstum að taka lásinn af símanum með því að opna hann og beita lóðunarkúnstum. Nokkrum dögum síðar bárust síðan fréttir af öðrum hóp hakkara sem hafði tekist hið sama án þess að opna sjálft tækið. Þeirra lausn byggir eingöngu á hugbúnaði, og er því mun einfaldari í framkvæmd en að opna símann og lóða saman víra.

Hugbúnaðurinn hefur ekki verið gefinn út en tæknisíður á borð við Engadget hafa sannreynt búnaðinn og segja hann virka afbragðsvel. Á síðu hópsins sem gerði hugbúnaðinn, www.iphonesimfree.com, má sjá tilkynningu um að hann verði seldur hverjum sem vill kaupa á næstu sólarhringum.

Þó að mögulegt sé að nota iPhone á Íslandi eftir að hann hefur verið tekinn úr lás þýðir það ekki að auðvelt sé að koma honum til landsins. Öll fjarskiptatæki sem nota á í löndum Evrópusambandsins, auk Íslands, Noregs og Liechtensteins, þurfa að hafa svokallaða CE-merkingu, annars má varan ekki vera markaðssett. Innflutningur einstaklinga telst markaðssetning í þessu samhengi, og því má einstaklingur ekki flytja iPhone inn til landsins þó hann sé aðeins til einkanota.

Þegar síminn verður formlega settur á markað í Evrópu, sem gerist í lok þessa árs eða í byrjun þess næsta, má ganga út frá því að öll skilyrði fyrir markaðssetningu verði uppfyllt, og löglegt verði að flytja símann til landsins. Þangað til verður hann stoppaður í tollinum.

Apple er í hag að geta samið við símfyrirtæki um læsingar og stjórnað því nákvæmlega hvenær iPhone kemur út í hvaða heimsálfu, og því hafa fréttirnar af því að hægt sé að taka lásinn af símanum ekki fallið í kramið hjá lögfræðingum fyrirtækisins. Engar tilkynningar varðandi hugsanlega lögsókn hafa þó enn borist frá Apple eða AT&T.

Steingrímur Árnason, þróunarstjóri hjá Apple IMC, segist vonast til þess að fyrirtækið geti hafið sölu á Evrópuútgáfu símans sem fyrst á næsta ári. Að öðru leyti gat hann ekki tjáð sig um tilraunir hinna ýmsu hópa til að taka símann eftirsótta úr lás.

salvar@frettabladid.is

TÆKNIHEIMURINN

Tónlistarverslun Nokia

Stærsti farsímaframleiðandi í heimi, Nokia, ætlar að opna vefverslun sem selur tónlist fyrir Nokia-síma og aðra tónlistarspilara. Með þessu er fyrirtækið komið í samkeppni við iTunes-verslun Apple og aðrar tónlistarverslanir á borð við Rhapsody og Napster. Verslun Nokia mun heita Ovi, sem þýðir dyr á finnsku, og kemur í gagnið síðar á þessu ári.

Engin býður meiri gæði á lægra verði! Komdu og kynntu þér málið.
www.ormsson.is
OPIÐ: Virka daga frá kl. 11-19, laugardaga frá kl. 11-18 og sunnudaga frá kl. 13-18
SETTU ÞAÐ SAMAN HTH
GLÆSILEGAR INNRÉTTINGAR Á VÆGU VERÐI
202.048,- Hvít háglans/4000
ORMSSON LÁN 48 MÁNAÐA ÁN KREDITKORTS
NÝTT 2007
AEG FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI
20% afsláttur af AEG eldhústækjum þegar keyptar eru HTH innréttingar.
HTH–Beinn sími: 530 2907 / 530 2908
ORMSSON SMÁRALIND · Sími 530 2900
ORMSSON ÁRVIRKINN, SELFOSSI · Sími 480 1160
ORMSSON AKUREYRI · Sími 461 5003

GLÆSILEGASTA HLJÓÐFÆRAVERSLUN LANDSINS

Tónastöðin stækkar um helming

Glæný trommudeild, stútfull af alls kyns slagverkshljóðfærum. Prufuklefi fyrir trommur. Stór sending af Sonor trommusettum nýkomin. Rokkdeild með frábæru úrvali gítara, bassa og magnara ásamt öllu öðru sem til þarf. Kassagítarhorn þar sem finna má gæðagítara og hina landsfrægu AER magnara.

Klassísk deild. Þar standa flyglarnir í röðum. Petrof, Kawai, Young Chang og Bösendorfer. Landsins mesta úrval af píanóum í öllum verðflokkum. Og ekki má gleyma nótnadeildinni okkar sem allir þekkja.
Hjá okkur færðu faglega þjónustu, byggða á þekkingu og 20 ára reynslu.
Vertu velkomin/n í heimsókn til okkar.



TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

Tónastöðin • Skipholti 50d • Reykjavík • sími: 552 1185 • www.tonastodin.is

Frístundakortið

Hvernig er styrknum ráðstafað?

1. Skrá barnið í tómstund hjá félagi sem er aðili að Frístundakortinu.
2. ***Félagið skráir barnið*** í Rafræna Reykjavík.
3. Forráðamaður skráir sig inn í Rafræna Reykjavík á vefsíðu Reykjavíkurborgar ***www.reykjavik.is***
   Sé félagið búið að skrá barnið í frístundakortskerfið birtast þær tómstundir sem barnið er skráð í þar, ásamt verði námskeiða.
4. Að lokum ráðstafar forráðamaður upphæð til félagsins og lækkar/greiðir með því reikninginn fyrir tómstundastarfinu.

Á heimasíðu ÍTR ***www.itr.is***, má nálgast nánari upplýsingar um Frístundakortið m.a. aðildarfélög og hvernig hægt er að ráðstafa styrknum. Einnig veitir þjónustuver Reykjavíkurborgar upplýsingar í síma ***411-1111***.

Dans
Leiklist
Gítarnám
Knattspyrna
Golf
Kórsöngur
Skvass
Hnefaleikar
Blak
Karate
Kristilegt starf
Badminton
Frjálsar íþróttir
Handbolti
Akikai
Borðtennis
Júdó
Körfubolti
Skíði
Fimleikar
Keila

Nýtt styrkjakerfi í frístundastarfi fyrir 6-18 ára börn og unglinga í Reykjavík

Hjólreiðar

Skátastarf

Myndlist

Tennis

Söngnám

Klifur

Sund

Blásturshljóðfæri

Tónlist

Skylmingar

Skautar

Píanónám

Hestaíþróttir

Ballett

Glíma

Taekwondo

Sjálfstyrkingarnámskeið

Trommur

Kynning á Frístundakortinu verður á hverfahátíðum víðsvegar í borginni sem hér segir:

Miðborg og Hlíðar

Laugardaginn 1. september kl. 14 - 16 standa samtökin Samtaka fyrir hverfahátíð á Miklatúni.

Árbær og Grafarholt

Laugardaginn 1. september kl. 13 - 15 verður haldin hverfahátíð við Ársel.

Breiðholt

Föstudaginn 7. september kl. 17 - 21 verður Breiðholtsdagurinn haldinn hátíðlegur í risatjaldi á ÍR svæðinu.

Grafarvogur

Laugardaginn 8. september verður Grafarvogsdagurinn haldinn hátíðlegur. Fjölbreytt dagskrá verður í boði frá klukkan 9 - 19.





ÍTR · Bæjarhálsi 1 · 110 Reykjavík · Sími 411-5000 · www.itr.is · itr@itr.is · www.reykjavik.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
8.198 +0,30%

Fjöldi viðskipta: 520
Velta: 7.027 milljónir

MESTA HÆKKUN

CENTURY AL.	+2,05%
FØROYA BANKI	+1,99%
LANDSBANKINN	+1,11%

MESTA LÆKKUN

365	-0,72%
FLAGA	-0,65%
EIMSKIPAFÉLAGIÐ	-0,48%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 9,32 +0,22% ... Bakkavör 66,80 -0,30% ... Eimskipafélagið 41,10 -0,48% ... Exista 33,40 +0,60% ... FL Group 25,90 +0,00% ... Glitnir 28,15 +0,36% ... Icelandair 26,80 +0,19% ... Kaupþing 1.143 +0,00% ... Landsbankinn 40,95 +1,11% ... Straumur-Burðarás 20,35 +0,25% ... Össur 105,00 -0,47% ... Teymi 6,17 +0,82%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Tónlistarmaður með viðskiptanef

Breski tónlistarfrömuðurinn Peter Gabriel hefur með fleirum fjárfest fyrir sem svarar til 340 milljóna íslenskra króna í netfyrirtækinu The Filter. Fyrirtækið heldur úti leitarvél á netinu sem finnur tónlist auk þess að mæla með tónlist af svipuðum toga. Gabriel kveðst horfa til þess að útvíkka möguleika leitarvélarinnar þannig að hún nái til fleiri sviða, svo sem kvikmynda og klæðnaðar. Breska dagblaðið The Independent hefur eftir tónlistarmanninum að hann sjái í þessu mikla möguleika. Þannig mætti láta leitarvél sem þessa hafa upp á vínum sambærilegum við þau sem þegar falla að smekk þess sem leitar.

Húsmóðir dæmd fyrir skattsvik

Héraðsdómstóll í Tókýó í Japan dæmdi nýverið sextuga konu í 18 mánaða skilorðsbundið fangelsi og til greiðslu sektar að jafnvirði 19 milljóna króna vegna skattsvika árin 2003 til 2005. Konan varði arfi eftir móður sína til hlutabréfakaupa og græddi sem nemur tvö hundruð milljónum króna. Hagnaðinn faldi konan svo fyrir vökulum augum skattayfirvalda. Lítið mun hins vegar eftir af góðanum því stærstum hluta hans eyddi konan í rándýr föt, skartgripi og til ferðalaga, að sögn japanska dagblaðsins Mainichi.

Stýrivextir í Japan er með því lægsta sem gerist í dag, eða hálft prósent. Vextir á almennum innlánsreikningum eru því afar lágir og hafa Japanar leitað ýmissa annarra leiða til að ávaxta pund sitt, svo sem með hlutabréfaviðskiptum á erlendum mörkuðum.

MARKAÐSPUNKTAR

Eik Bank Danmark A/S hefur lokið yfirtöku sinni á danska netbankanum SkandiaBanken. Tilkynnt var um kaupin í lok maí á þessu ári. Kaupverðið var 626,3 milljónir danskra króna., stærstu fyrirtækjakaup í sögu Færeyja

Samkeppniseftirlitið telur ekki tilefni til þess að aðhafast nokkuð vegna samruna Sparisjóðs Mýrarsýslu og Sparisjóðs Siglufjarðar annars vegar og Sparisjóðs Mýrarsýslu og Sparisjóðs Ólafsfjarðar hins vegar.

Gefin hafa verið út krónubréf fyrir 12 milljarða króna síðustu tvo daga. Alþjóðabankinn gaf út á miðvikudag fyrir 3 milljarða. Í kjölfarið fylgdi 5 milljarða útgáfa þýska ríkisbankans KfW og 4 milljarða útgáfa Eurofima, fjármögnunarsjóði evrópskra járnbrautarfélaga.

Þrettán milljarða sveifla OR á milli ára

Gengishagnaður af erlendum lánum var 7,7 milljarðar.

Mikill viðsnúningur varð á rekstri Orkuveitu Reykjavíkur á fyrstu sex mánuðum ársins samanborið við sama tímabil í fyrra. Félagið hagnaðist nú um tæpa 8,2 milljarða króna eftir skatta en tapaði nærri 4,8 milljörðum á fyrri hluta síðasta árs. Þarna munar um þrettán milljörðum. „Þetta er búið að vera mjög gott ár. Rekstrarhagnaðurinn sýnir mjög heilbrigðan vöxt," segir Guðmundur Þóroddsson, forstjóri OR.

Breytingar á fjármagnsliðum skýra mikið til þennan viðsnúning. Þeir voru jákvæðir um 7,5 milljarða króna á fyrri árshelmingi en neikvæðir um 9,2 milljarða í fyrra. Langtímaskuldir OR eru að mestu leyti í erlendum myntum og varð 7,7 milljarða gengishagnaður af langtímalánum vegna styrkingar krónunnar. Auk gengishagnaðar hafa breytingar á reikningsskilavenjum þau áhrif að afleiða í orkusölusamningum kemur mjög sterk inn í afkomuna, að sögn Guðmundar.

Betri afkoma varð á grunnrekstri. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var ríflega 5,3 milljarðar og hækkaði um 38,6 prósent á milli ára. Þá hækkuðu tekjur um 22,6 prósent og námu tæpum 10,5 milljörðum. Guðmundur segir að aukning tekna liggi einkum í meiri stóriðjutekjum en restin liggur í auknu umfangi fyrirtækisins.

Eignir OR námu 148,9 milljörðum króna í lok júní en eigið fé stóð í 76,8 milljörðum. Eiginfjárhlutfall var því 51,6 prósent. **- eþa**

Leigutekjur tóku stökkið

Hagnaður fasteignafélagsins Stoða, sem á og leigir fasteignir hér á landi og í Danmörku, nam rúmum 4,3 milljörðum króna á fyrstu sex mánuðum ársins samanborið við tæpa 4,2 milljarða á sama tíma í fyrra.

SKARPHÉÐINN BERG STEINARSSON

Í uppgjörinu kemur fram að rekstrarhagnaður hafi numið rúmum 2,9 milljörðum samanborið við rúma 1,9 milljarða í fyrra. Þar af hækkuðu leigutekjur um 1,3 milljarða á milli ára.

Heildareignir Stoða námu rúmum 170 milljörðum króna í lok júní samanborið við rúma 156 milljarða í lok síðasta árs. Eigið fé nam 34,1 milljarði sem er 11,3 milljörðum meira en í lok síðasta árs. **- jab**

Kalla á aukið aðhald ríkisins

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segir horfur góðar í efnahagslífinu hér. Bönkunum er hrósað, en uppi höfð varnaðarorð um gjaldeyrislán og áhættustýringu.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF) telur horfur íslenska hagkerfisins mjög góðar en í þeim endurspeglist opnir og sveigjanlegir markaðir, traust stofnanakerfi og stjórnsýsla auk skynsamlegrar nýtingar náttúruauðlinda. Engu að síður þarf að huga að ójafnvægi í hagkerfinu og grípa til aðgerða til að ná tökum á þenslu, verðbólgu og viðskiptahalla.

Sjóðurinn birti í vikunni árvissa skýrslu sendinefndar sjóðsins um íslensk efnahagsmál, en hún kemur í kjölfar heimsóknar nefndarinnar til landsins í júníbyrjun. Fyrir sendinefndinni fer sem fyrr Benjamin Hunt.

Í skýrslu sendinefndar sjóðsins er bent á að í uppsveiflu síðustu þriggja ára hafi hér orðið til í hagkerfinu ójafnvægi af áður óþekktri stærð og hvetur sjóðurinn til aukins aðhalds hins opinbera til að ná tökum á eftirspurn. „Hægja þarf á fyrirhuguðum auknum útgjöldum þar til innlendum eftirspurnarþrýstingi hefur verið náð niður að fullu. Á sama tíma þarf að ná tökum á launaþenslu í opinbera geiranum," segir í niðurstöðum nefndarinnar. Áfram er talin þörf mikils aðhalds í peningamálastefnu Seðlabankans. Á það er bent að háir vextir séu helsta ástæða þess að krónan sé of hátt metin, en talið er að gengi hennar muni færast nær jafnvægisgengi þegar tök nást á verðbólgu og vextir taka að lækka.

Enn og aftur kallar Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn eftir aðgerðum í málefnum Íbúðalánasjóðs og bendir á að samkeppni sjóðsins og bankanna dragi úr virkni peningastefnu Seðlabankans.

Sjóðurinn hrósar bönkunum fyrir að hafa unnið sig vel í gegnum þann óróa sem skapaðist í kjölfar neikvæðrar umræðu og efasemda um íslenska fjármálakerfið á síðasta ári. Þeir hafi brugðist rétt við áhyggjum markaðsaðila sem og ábendingum Fjármálaeftirlitsins (FME). Þannig hafi bankarnir staðist álagspróf FME. Sjóðurinn hefur þó uppi almenn varnaðarorð um starfsemi bankanna, sér í lagi þar sem fyrirséður sé áframhaldandi vöxtur þeirra og flækjustig aukist í starfseminni. Áhersla þeirra er því áfram sögð þurfa að vera á áhættumat. Í þeim efnum er sérstaklega bent á aukin útlán bankanna til heimila hér í öðrum gjaldmiðlum en krónum.

BENJAMIN HUNT Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur birt nýja skýrslu um íslensk efnahagsmál, en slík rit eru árviss hjá sjóðnum. Undanfarin ár hefur Benjamin Hunt farið fyrir hópnum sem um landið fjallar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Jónas Fr. Jónsson, forstjóri FME, segir sjónarmið Alþjóðagjaldeyrissjóðsins almennt vera í takt við markmið FME. Í tilkynningu eftirlitsins er eftir honum haft að FME fylgist vel með þeim áhættum sem fyrir hendi séu í kerfinu og komi sjónarmiðum sínum á framfæri við stjórnendur fjármálafyrirtækjanna telji það ástæðu til. „Eins og glöggt kemur fram hjá sjóðnum þá er starfsemi FME orðin mjög alþjóðleg með eftirlitsábyrgð í öðrum löndum og samvinnu við systurstofnanir í fjölda ríkja," segir hann og bendir á að FME geri frekari álagspróf til viðbótar hinu reglubundna, sem meðal annars tengist afleiddum áföllum. **olikr@frettabladid.is**



Afkoma yfir væntingum

Hagnaður Byrs sparisjóðs nam rúmum 4,3 milljörðum króna á fyrstu sex mánuðum ársins samanborið við 698,6 milljónir króna á sama tíma í fyrra. Þetta er 521,7 prósenta aukning á milli ára. Byr varð til með sameiningu Sparisjóðs vélstjóra og Sparisjóðs Hafnarfjarðar 1. desember í fyrra.

RAGNAR Z. GUÐJÓNSSON

Í uppgjörinu kemur fram að hreinar rekstrartekjur hafi numið tæpum 6,7 milljörðum króna samanborið við rúma 1,6 milljarða í fyrra. Aukningin nemur 306,8 prósentum. Þar af jukust hreinar tekjur af fjáreignum á gangvirði, það er hlutafjáreign í skráðum og óskráðum félögum, um 1.949,1 prósent á tímabilinu.

Arðsemi eigin fjár var 62,4 prósent á ársgrundvelli.

Ragnar Z. Guðjónsson, sparisjóðsstjóri Byr, segir afkomuna ríflega yfir væntingum en gerir ekki ráð fyrir viðlíka aukningu á seinni hluta árs. **- jab**

Alvöru Haust ÚTSALA

dagana 29. ágúst til 1. september

hjá Bílalandi B&L, valdir bílar á alvöru útsölu.
Komdu og fáðu þér bíl á frábæru verði.
Engin útborgun og 100% lán í allt að 84 mánuði.

Nokkur dæmi um bíla á útsölu, gott úrval á staðnum:

Útsöluverð kr. 1.180 þús.
Verð áður kr. 1.490 þús.

RENAULT MEGANE II, 2005 - Ek. 27 þús.

Útsöluverð kr. 970 þús.
Verð áður kr. 1.380 þús.

Hyundai Santa Fe, 2001 - Ek. 160 þús.

Útsöluverð kr. 670 þús.
Verð áður kr. 880 þús.

BMW 318, 1999 - Ek.

Útsöluverð kr. 1.250 þús.
Verð áður kr. 1.650 þús.

Ford Focus, 2002 - Ek. 100 þús.

Útsöluverð kr. 580 þús.
Verð áður kr. 880 þús.

Opel Zafira, 2002 - Ek. 124 þús.

2006 - Ek. 22 þús.

Útsöluverð kr. 1.670 þús.
Verð áður kr. 2.120 þús.

RENAULT LAGUNA, 2004 - Ek. 43 þús.

Útsöluverð kr. 530 þús.
Verð áður kr. 790 þús.

Renault Megane, 2002 - Ek. 74 þús.

Útsöluverð kr. 250 þús.
Verð áður kr. 420 þús.

Hyundai Accent, 2000 - Ek. 121 þús.

ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á MORGUN!

Opið frá kl. 9 til 18
og á laugardaginn frá kl. 12 til 16.

bíla B&L land
notaðir bílar

bilaland.is
Grjóthálsi 1 - 575 1200

bílaland.is

skoðun

greinar@frettabladid.is

Varnarstefnan stendur á gömlum merg.

Ný viðfangsefni

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Boðskapur utanríkisráðherra á Norðurpólsráðstefnunni kom ekki á óvart í ljósi stjórnarsáttmálans. En þessi fyrsta stefnumarkandi ræða nýrrar húsmóður í utanríkisráðuneytinu var skýr og afdráttarlaus bæði um gamlan merg stefnunnar í varnar- og öryggismálum sem og ný viðfangsefni.

Það var mikilvægt að ráðherrann skyldi vitna til lýðræðis, frelsis, jafnréttis og mannréttinda. Sú grundvallarbreyting sem varð á utanríkis- og varnarstefnu Íslands 1949 með aðildinni að Atlantshafsbandalaginu snerist einmitt um brotthvarf frá ríkjandi hlutleysi gagnvart andstæðum pólitískum gildum. Þessi skírskotun er því ekki orðin tóm eins og ráðherrann benti réttilega á. Í henni felst sögulegt samhengi utanríkis- og varnarstefnunnar.

Merkasta nýmælið í ræðunni var yfirlýsing um að hafinn væri undirbúningur að gerð vandaðs, faglegs ógnarmats fyrir Ísland. Hér er stigið nýtt og öllu fremur mikilvægt skref til þess að auðvelda pólitískar ákvarðanir á þessu sviði á grundvelli eigin mats á varnarþörf. Þetta er staðfesting á aukinni ábyrgð og vaxandi eigin umsvifum á varnarmálasviðinu.

Ráðherrann skýrði enn fremur að forsendur fyrir áframhaldandi rekstri íslenska loftvarnakerfisins byggðust á því mati Atlantshafsbandalagsins að starfræksla þess væri nauðsynleg fyrir varnir Íslands og bandalagsþjóðanna. Þörf var á þessari pólitísku röksemdafærslu. Engin efni eru til að draga réttmæti hennar í efa.

Óhjákvæmilegt er að setja sérstaka löggjöf um þennan þátt loftvarnanna. Hún mun marka þáttaskil að því leyti að í fyrsta sinn stendur Alþingi andspænis því að lögbinda íslenska hernaðarlega starfsemi. Þó að hún feli ekki í sér vopnvæðingu tökum við eigi að síður að okkur hernaðarlegt verkefni sem gæti, ef þau atvik gerðust, orðið grundvöllur ákvarðana um vopnaða valdbeitingu bandalagsþjóðanna. Ísland bæri þar eðlilega sameiginlega ábyrgð.

Utanríkisráðherra ítrekaði með enn skilmerkilegri hætti en áður hefur verið gert stefnuyfirlýsingu fyrri ríkisstjórnar um að koma á fót lýðræðislegum samráðsvettvangi um þessi viðfangsefni. Áform um sérstaka rannsóknarstofnun á þessu sviði eru einnig fagnaðarefni.

Ekki er öldungis víst að utanríkisráðherra verði að frómri ósk sinni um að viðhald átakahefðar um varnar- og öryggismál verði niður fellt. Til þess standi þó öll skynsamleg rök. Taka verður undir það með ráðherranum.

En hér verður að hafa í huga að helsta ástæðan fyrir því að Vinstri grænt átti ekki kost á að komast í ríkisstjórn var sú að yfir til þess flokks er óbrúanleg gjá á þessu sviði. Ræða utanríkisráðherra staðfestir að það á nú jafnt við um Samfylkinguna sem Sjálfstæðisflokkinn.

Óljós stefna í varnar- og öryggismálum hefur fram til þessa verið einn helsti veikleiki Samfylkingarinnar. Það á sér eðlilega skýringu með því að hún er gerð úr þremur flokkum allsendis óskyldra hugmyndaheima í þessum efnum.

Í því sögulega samhengi má ljóst vera að það er ekki vandalaust fyrir formann Samfylkingarinnar í hlutverki utanríkisráðherra að leggja línur þar að lútandi um ný viðfangsefni á óbreyttum rótföstum grundvelli. Sú afdráttarlausa stefnumörkun sem ráðherrann hefur nú mælt fyrir er mikilsverð fyrir Ísland. Hún þjónar á hinn veginn með árangri einnig þeim tilgangi að styrkja trúverðugleika Samfylkingarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Betri en enginn

Tveir ungir sjálfstæðismenn skrifuðu í Fréttablaðið í gær grein um komandi landsþing SUS á Seyðisfirði í september. Þar segir meðal annars að fyrir þinginu liggi „það vandasama verkefni að velja forystu fyrir SUS næstu tvö árin...“ Það verður vonandi til að létta ungum sjálfstæðismönnum byrðina að enn sem komið er hefur Þórlindur Kjartansson

einn gefið kost á sér í formannsembættið. Það er varla hægt að ímynda sér hversu vandasamt verkefnið yrði væru frambjóðendurnir... ja, þó ekki nema tveir.

Hjálpsemi í Boston

Lítið hefur heyrst af viðbrögðum stjórnvalda vegna framkomu Elisha Flagg Lee, ræðismanns Íslands í Boston, í garð Arons Pálma. Lee hafði verið beðinn um tryggja að ferð Arons gengi vel fyrir sig. Aðstoð hans fólst í því að hann kyrrsetti Aron og ferðafélaga hans á flugvellinum. Þegar Aron benti ræðismanninum á að eftir tíu ára frelsisskerðingu í Texas myndi hann ekki una því að vera kyrrsettur af fulltrúa íslenskra stjórnvalda svaraði Lee: „I dont care what you have been through.“ Því næst hótaði hann að leita til lögreglu og öryggislögreglu landsins til að tryggja að Aron og ferðafélagar hans færu ekki fet. Ljóst er Íslendingar munu hugsa sig tvisvar um áður en þeir leita ásjár ræðismannsins í Boston.

Á öllum vígstöðvum

Krossferð Moggans gegn skálmöldinni í miðbænum heldur áfram með Fríðu Björk Ingvarsdóttur í fylkingarbrjósti. Á mánudag birtist eftir hana kraftmikil grein þar sem hún lýsti því sem fyrir augu bar eftir að skyggja tók á menningarnótt. Í gær birtist á baksíðu Mogga mynd sem Fríða Björk tók umrædda nótt, staðfestur vitnisburður um skrílslætin sem brjótast út í 101 eftir miðnætti um helgar. Í gær

mátti svo finna hlemm á síðu fjögur í Mogga um tvo íbúa miðbæjarins sem fóru á fund borgarstjóra og kvörtuðu. Svo vill til að annar íbúanna er einmitt téð Fríða Björk.

karen@frettabladid.is
bergsteinn@frettabladid.is

Hlustað á grasrótina

STEFÁN JÓN HAFSTEIN

Í DAG | Þróunarmál

Mér varð það á að hugsa um daginn að örlög lífs míns væru að sitja borgarafundi. Ótal slíka hélt ég í útvarpi og sjónvarpi um ýmis mál, hélt svo úti símafundi kenndum við Þjóðarsálina árum saman og líf mitt sem borgarfulltrúi var að sjálfsögðu samfelldur borgarafundur. Úti á mörkinni í Norður-Namibíu halda borgarafundir áfram. Þrír í einni viku meðal hirðingja.

Einn var undir tré. Þar sátu himbakonur, naktar nema í lendaskýlu, vandlega smurðar leir og lit, með voldug armbönd og glæsilegt hálsskraut; hver og ein með hárgreiðslu sem hæfir samfélagsstöðu. Náskyldar konur úr öðrum ættbálki sátu einnig í hringnum, dekkri á hörund og með litríkari muni. Karlar á pilsum eða stuttum buxum, sumir með örvarodda bak við eyrun eða langa hnífa við belti, allir með stóra þunga hringi um hálsinn. Og svo auðvitað þeir sem kusu Adidasboli í viðbót við forna skreytilist.

Nær grasrótinni verður ekki komist en að sitja á henni og hlusta á þetta fólk. Það eru þurrkar og vatnsból væru vel þegin. Menntun barna er áhyggjuefni. Tekjuskapandi úrræði vantar; er býflugnarækt málið? „Við sendum fólk til höfuðborgarinnar til að leita ásjár,“ segir einn. Það er augljóst að það hefur verið stór ákvörðun og allnokkur fjárfesting að gera út sendifulltrúa til að leita uppi hugsanlega aðstoð. Og þótt sú fjárfesting hafi skilað heimsókn okkar hjá Þróunarsamvinnustofnun til að skoða aðstæður frá fyrstu hendi er ekkert fast í hendi enn, og það veit fólkið. „Við erum enn verr stödd en margir aðrir sem fá aðstoð“ eru skilaboðin.

Eins og á kvótafundi á Vestfjörðum

Þessi héruð eru eins konar Vestfirðir Namibíu. Vegirnir eru að minnsta kosti sérlega slæmir og þarf yfir klungur að fara til að komast í lítið þorp þar sem er lögreglustöð, skóli og félagsmiðstöð, en ekkert símsamband. Vatnið úr borholu sem Þróunarsamvinnustofnun lét gera. Hér leysist grjótruðningurinn sem kallast vegur upp í sandslóðir sem liggja hingað og þangað um sveitir; þar eru nautgripa- og geitahjarðir og aðalstarfið að elta þær og reka þangað sem beitilönd er að finna. Ætlunin er að gera kringum 30 vatnsból hér á næstunni fyrir íslenskt fé. Á fundinn mæta höfðingjar sveitanna, æðstihöfðinginn fyrir miðju, síðan koma nokkrir stórbændur, starfsmenn frá ráðuneytinu og fulltrúar kvenþjóðarinnar, sem fyrr klæddir hefðbundnum búningum og vandlega smurðar ryðbrúnum leir frá hvirfli til ilja, sitja flötum beinum og hlýða á.

Þetta er skrautleg samkoma. Alveg eins og á kvótafundi á Vestfjörðum ræða menn úthlutun gæða eins og staðsetningu vatnsbóla. Með okkur er sérfræðingur í vatnsmálum og það er eins með hann og karlana frá Hafró, það þarf sannfæringarkraft þegar talað er um að vísindin ráði. Ekki þarf að fjölyrða um að mörgum liggur hátt rómur um „skilningsleysi stjórnvalda“ sem hafa „vanrækt þennan landshluta“ árum saman. En þakka Íslendingunum fyrir að koma. Ég hef setið marga borgarafundi á landsbyggð Íslands og þessi í Etanga í norðvesturhluta Namibíu var ekkert öðruvísi.

Vaknað til vitundar

Það er mikilvægt að ræða málin og útskýra sjónarmið áður en hafist er handa. Himbarnir verða að skilja að þegar vatnsbólin eru tilbúin verða þeir að annast þau sjálfir, sjá um viðhald og rekstur. Það er því stór ákvörðun fyrir fátækt samfélag að taka við vatnsbóli sem rekið er með dísildælu – hver borgar olíuna þegar fram í sækir? Væri þá ekki betra að hafa sólarrafhlöður? En virka þær um regntímann? Sama á við um leikskóla. Smátt og smátt eru hirðingjarnir að vakna til vitundar um að börnin þeirra verða alltaf undirmáls ef þau fá ekki menntun eins og önnur börn í Namibíu. En hver á þá að reka geiturnar, ausa vatni og bera heim?

Hér telja bændur auðlegð sína í kúm og barnafjölda til að annast hjarðirnar. Og borga kennurum? Með hverju? Geit? Hér er ekkert skattheimtukerfi, enda ekkert fjármagnskerfi þar sem lifað er af landinu. Bankar ótraustvekjandi hugtak. Fyrir okkur er erfiðast að skilja hvernig gamla höfðingjaveldið og nútíma stjórnsýsla mætast „með skilgreindum ábyrgðarsviðum“ eins og það kallast í stjórnunarfræðum. Hefðbundið höfðingjaveldi er viðurkennd stjórnsýsluein ing í Namibíu en manni er ekki alltaf ljóst hvar mörkin liggja milli ríkisvalds og gamla ættbálkasamfélagsins. Það er því úr smá flækju að greiða þegar sest er niður og rætt um „kvótamál“ við héraðshöfðingja sem tala tæpitungulaust eins og menn gera jafnan fyrir vestan. En að lokum er sæst á frekari samræður og að leitað skuli lausna sem koma samfélaginu best. Allt gamlir kunningjar.

Stuðningur til námsgagnakaupa

UMRÆÐAN

Menntamál

KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR

Nemendur í framhaldsskólum fái stuðning til kaupa á námsgögnum.“ Þessa setningu er að finna í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks sem samþykkt var af báðum þessum flokkum nú í vor. Þessi stjórnarsáttmáli er mjög merkilegur. Eiginlega merkilegri en stjórnarsáttmálar sem við höfum séð lengi – finnst mér, því hann einkennist af miklum metnaði og framsýni. Sáttmálinn ber þess merki að nýr flokkur er kominn í ríkisstjórn. Sá flokkur er Samfylkingin.

Stöndum við orð okkar

Undanfarna viku hefur birst sérkennileg umfjöllun hér á síðum Fréttablaðsins um þá hugmynd Samfylkingarinnar að bjóða ókeypis skólabækur í framhaldsskólum, til að draga úr námskostnaði framhaldsskólanema og foreldra þeirra. Framsóknarmenn með Höskuld Þórhallsson nýliða á Alþingi í fararbroddi hafa farið mikinn og sakað Samfylkinguna um svik á þessu kosningaloforði á þeim forsendum að ekkert sé um málið fjallað í stjórnarsáttmálanum. Fyrirsögn þessarar greinar staðfestir hið gagnstæða; í kaflanum um barnvænt samfélag er einmitt sérstaklega hreyft þessu umbótamáli og það er sameiginlegur ásetningur stjórnarflokkanna að þessi stuðningur muni ekki einvörðungu ná til skólabóka heldur annarra námsgagna að auki. Þar með verði gætt jafnræðis milli allra nemenda á framhaldsskólastigi, óháð námsgreinum, en margir nemendur svo sem í verk- og listnámi bera mikinn kostnað af öðrum námsgögnum en skólabókum. Ég hef upplýsingar um það að vinna við útfærslu þessa framfaramáls er þegar hafin í menntamálaráðuneytinu og má vænta frekari fregna af málinu þaðan.

Hvað gerði Framsókn?

Að lokum vil ég fagna áhuga framsóknarmanna á þessu máli nú en það er athyglisvert að flokkurinn sem sat samfellt í tólf ár í ríkisstjórn, skyldi fyrst átta sig á því eftir að ríkisstjórnarsetu hans lauk að stuðningur af þessu tagi við framhaldsskólanema væri góð hugmynd. Velkomin í hópinn!

Höfundur er alþingismaður.

FordEscape AWD

Ford

Nýtt tákn um gæði

Kaffi og kleinur

frumsýning

Komdu í Brimborg í dag
Akureyri, Reykjavík

Ford Escape - nýtt tákn um félagslegan hreyfanleika

Komdu í Brimborg – prófaðu nýjan sportjeppa frá Ford

Með einbeitni og góðum vilja rætast allar óskir. Ný tákn verða til. Þú verður það sem þú vilt vera. Óhindrað hreyfir þú þig milli fólks. Vekur athygli. Skapar eftirtekt. Breyttu viðhorfi þínu til lífsins: nýr og endurhannaður Ford Escape uppfyllir ósk um meiri hreyfanleika. Glæsilegur í alla staði. Á hvaða stað sem er - í bænum meðal fólks eða uppá fjalli með fjölskyldunni. Komdu í Brimborg í dag. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu Escape AWD, sportjeppann frá Ford. Nýtt tákn um lífsgæði.

Ford Escape AWD Genuine Design. Hönnun Ford Escape sýnir í verki einlægan vilja Ford til að tryggja þau lífsgæði sem nútíma fólk óskar eftir. Ekta hönnun Ford Escape merkir að þú færð sterkari og fallegri bíl. Þú færð betri aksturseiginleika og meira öryggi. Þú færð sparneytinn og visthæfan bíl. Þú færð meira rými. Þú færð mun betra verð. Vertu genuine. Reynsluaktu Ford. Veldu Ford Escape AWD.

Nýtt tákn um lífsgæði

FORD ESCAPE AWD
5 dyra, sjálfskiptur
Verð frá 3.350.000 kr.*

visthæf skref
með Brimborg

Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað

Spurðu um hvað fyrirmyndarþjónusta Brimborgar þýðir fyrir þig

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bíll á mynd er Ford Escape Limited með krómpakka. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

© GROUP GREY ALMANNATENGSL

Umgengni sjómanna á fiskimiðunum mun versna

UMRÆÐAN
Kvótakerfið

GUÐJÓN INGÓLFSSON

Búið er að skerða veiðiheimildir á þorski hér við land um þriðjung. Þessi skerðing er þess valdandi að útvegsmenn sem takmarkaðar þorskveiðiheimildir áttu, eiga þær enn takmarkaðri nú. Þar sem meira verð fæst fyrir hvert kg ef fiskurinn er stór en ef hann er smár hefur verið nokkuð algengt að á fiskimiðunum séu stærstu þorskarnir tíndir úr aflanum og restinni af honum, sem allt er dauður fiskur, síðan hent í hafið aftur. Þetta er gert í þeim tilgangi að hámarka verðmæti hvers tonns sem landað er.

Eftir ofangreinda skerðingu má fullvíst telja að það muni aukast að einungis stærstu og verðmestu fiskarnir séu hirtir og restinni hent dauðum í hafið. Einstaka útvegsbændur hafa tjáð greinarhöfundi að þeir hafi hreinlega ekki efni á öðru en að hámarka aflaverðmætið á þennan hátt.

Þar sem ekki er hægt að stunda veiðar á öðrum fisktegundum, svo sem ýsu, ufsa og karfa, nema fá þorsk sem meðafla, verða þeir sem stunda veiðar á þessum tegundum og ekki eiga, eða hafa leigt, aflaheimildir fyrir þorski, að henda aftur dauðum í hafið öllum þorski sem þeir fá sem meðafla. Fiskveiðistjórnunarkerfi sem hefur í för með sér jafn mikið virðingarleysi fyrir lífríki sjávar og leiðir af sér jafn nöturlega umgengni sem staðreyndin er með íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið getur varla talist nothæft til framtíðar í óbreyttri mynd.

Til að réttlæta notkun núgildandi fiskveiðistjórnunarkerfis án nokkurra breytinga heyrast hinir framtakslausu stjórnmálamenn okkar jafnan segja „þrátt fyrir allt þá finnst ekkert annað fiskveiðistjórnunarkerfi, sem er betra en það sem við höfum“. Greinarhöfund langar að vita tilganginn í að svipta sjómenn veiðileyfi komi þeir með meðafla að landi, sem þeir hafa veitt af fisktegundum, sem þeir ekki hafa aflaheimildir fyrir.

Fiskurinn sem þessi meðafli samanstendur af hefur verið veiddur og aflífaður þegar viðkomandi sjómenn neyðast til að henda honum aftur í hafið. Greinarhöfundur leggur til að hætt verði að refsa fyrir að koma með afla að landi sem ekki eru fiskveiðiheimildir fyrir. Þess í stað verði tekið á móti þessum afla. Sjómönnum greidd þóknun fyrir að koma með hann að landi, en andvirði hans renni að öðru leyti í ríkissjóð.

Greinarhöfundur leggur til að sjómenn ákveði sjálfir þegar þeir koma að landi hversu stórum hluta af lönduðum afla þeir ráðstafi á þennan hátt. Í lok hvers fiskveiðiárs verður síðan tekið saman hversu miklum afla var landað fram hjá kvóta með þessum hætti og hann dreginn frá aflaheimildum næsta árs á eftir, áður en þeim er úthlutað.

Þessi breyting á fiskveiðistjórnunarkerfinu mun skila miklum fjármunum í ríkissjóð. Þannig fengi eigandi auðlindarinnar, sem í orði og samkvæmt lögum er íslenska þjóðin, umtalsverðan arð. Margfalt meiri en það sýndarmennsku-veiðigjald sem fram að þessu var innheimt fyrir afnotin af auðlindinni, en hefur reyndar verið aflagt nú til mótvægis skerðingar þorskveiðiheimilda.

Höfundur er verkfræðingur og fyrrverandi vélstjóri til sjós.

Kársnes fyrir íbúana

UMRÆÐAN
Skipulagsmál

ERNA HARÐARDÓTTIR

Þær deilur sem risið hafa upp um skipulagsmál Kársnessins snúast ekki um atorkusaman bæjarstjóra og afturhaldssama íbúa, heldur um afturhaldssamar skipulagsbreytingar og áhyggjufulla íbúa. Og þeir hafa fulla ástæðu til að vera á varðbergi. Í stað metnaðarfullrar uppbyggingar og endurbóta stendur til að gera nýja og enn stærri höfn vestast á Kársnesinu og nýtt og enn stærra hafnarsvæði.

Stærri höfn og stærra hafnarsvæði

Á mánudaginn kemur rennur út frestur til að gera athugasemdir við þær skipulagsbreytingar sem Kópavogsbær er með í auglýsingu fyrir nýtt hafnarsvæði. Verði þær að veruleika bætast 54.000 m² við þær byggingarheimildir sem fyrir eru á atvinnuhúsnæði og hafnarsvæðið stækkar í 27 ha. Um 8 til 12 metra háar vöruskemmur munu rísa upp á hafnarsvæðinu á næstu misserum og bæjaryfirvöldum verður ekkert að vanbúnaði við að hefja framkvæmdir á nýrri og enn stærri höfn. Umferðin sem þessar skipulagsbreytingar leiða smám saman af sér verður heldur ekkert smáræði eða um 4.000 til 5.000 bílar á sólarhring og þar sem um hafnarsvæði og nýja höfn er að ræða verða þetta að miklu leyti atvinnu-, vöru- og þungaflutningabílar.

Með hliðsjón af staðsetningu hafnarinnar og hafnarsvæðisins neyðist hver einasti bíll, sama hversu stór eða lítill, til að aka eftir nesinu endilöngu, á óburðugum íbúða- eða safngötum með tilheyrandi svifryks-, útblásturs- og hávaðamengun.

Hið sanna í málinu

Það er okkur í íbúasamtökunum Betri byggð á Kársnesi nánast óskiljanlegt hvernig bæjaryfirvöld geta talið sér trú um að með þessum breytingum sé verið að koma til móts við óskir bæjarbúa. Hið sanna í málinu er að Kópavogsbúar hafa með Kársnesinga í broddi fylkingar ítrekað óskað eftir nýju og betra skipulagi vestast á nesinu, ÁN uppskipunarhafnar og ÁN hafnarsvæðis. Áherslan hefur verið á metnaðarfullt skipulag sem stuðlar að fjölbreyttara mannlífi, auknum möguleikum á útivist og annarri tómstundaiðkan og fegurri bæjarbrag. Okkur finnst það jafnframt allrar athygli vert, að á meðan nágrannasveitarfélög efna til hugmyndasamkeppna eða lýsa eftir áhugaverðum tillögum þegar til stendur að byggja, breyta eða bæta á þeirra heimaslóðum, sjá bæjaryfirvöld í Kópavogi enga ástæðu til annars en að taka upp úreltar hugmyndir um stækkun á athafnasvæði, sem bitur reynsla sýnir að rekst illa í nábýlinu við íbúa.

Við vonumst til að sem flestir láti sig málið varða, ekki eingöngu meðal íbúa á Kársnesinu heldur í öllum Kópavogi, og þar sem þessar skipulagsbreytingar ná til svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins geta nágrannasveitarfélögin einnig látið að sér kveða. Bæjarstjórinn í Kópavogi hefur margsinnis heitið endurskoðun á þessum breytingartillögum, að því gefnu að andstaða við þær komi í ljós. Þetta þýðir að endurskoðun fer ekki af stað, nema athugasemdir berist Kópavogsbæ. Stöðvum þessar fyrirhyggjulausu framkvæmdir. Nánari upplýsingar og leiðbeiningar eru á karsnes.is.

Höfundur er formaður samtakanna Betri byggð á Kársnesi.

HEILDSÖLU LAGERSALA

Við rýmum til á lagernum fyrir nýjum vörum og seljum því eldri lager og sýnishorn á ótrúlegu verði.
Mikið úval af: skíðafatnaði, útivistarfatnaði, Soft Shell peysum, golffatnaði, barnagöllum, barnaúlpum og mörgu fl.

50-80% afsláttur

Verðdæmi:	verð áður	verð nú
3. laga jakkar:	29.900,-	**11.900,-**
Skíðabuxur:	15.900,-	**7.900,-**
Soft Shell peysur	13.900,-	**6.900,-**
Barnaúlpur	7.900,-	**3.900,-**
Skíðaúlpur	18.900,-	**8.900,-**
Golfjakkar	16.900,-	**7.900,-**

Opnunartími:		
Fimmtudagur	30. ágúst	kl. 14-20
Föstudagur	31. ágúst	kl. 14-20
Laugardagur	1. september	kl. 10-18
Sunndagur	2. september	kl. 11-18
Mánudagur	3. september	kl. 14-20

FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR

Lagersala ZO-ON - Nýbýlavegi 18 - Kópavogi

ZO•ON ICELAND

Til Grétars Mar

UMRÆÐAN
Samgöngur við Vestmannaeyjar

ELLIÐI VIGNISSON

Almennt eru samskipti Vestmannaeyjabæjar við þingmenn Suðurlands með miklum ágætum og sambandið gott. Grétar Mar þingmaður Frjálslynda flokksins er hinsvegar undantekning frá þessari reglu. Ef til vill er skýringu að finna í því að hinn nýbakaði (og vafalaust efnilegi) þingmaður virðist ítrekað misskilja hlutverk sitt. Dæmi um slíkt er þegar hann í nýlegum skrifum sínum ætlast til að ég sem starfsmaður sveitarfélags beri ríkisstofnunum skilaboð hans og dómsdagsspár. Hann kvartar undan því að í skrifum mínum sé vísað í gögn sem hann hefur ekki kynnt sér og telur það lýsa hroka að „taka ekki ábendingum og koma þeim áleiðis heldur gera lítið úr þeim“.

Það er fullkomalega rétt að ég gef minna en ekkert fyrir margt af því sem Grétar Mar hefur lagt til þessara mála enda hefur Siglingastofnun Íslands þegar hrakið nánast allar dómsdagsspár hans. Nú hlýt ég að velta því fyrir mér hvort Grétar Mar hafi haft jafn mikið samband við Siglingastofnun og kjörna fulltrúa í Vestmannaeyjum vegna þessa máls, sem sagt ekkert. Ef svo þá er hér um algert lýðskrum að ræða.

300 metra lenging

Sérfræðingurinn Grétar Mar velur í nýjustu skrifum sínum að fjalla um sjálfumgleði og skort á minnimáttarkennd bæjarstjórans enda hann sjálfsagt einnig sérfræðingur á sviði sálfræði. Þar hefur hann reyndar algerlega rétt fyrir sér. Hinsvegar gerir Grétar Mar ekki nokkra tilraun til að rengja þá fullyrðingu að hafnaraðstaða í Bakkafjöru myndi versna til mikilla muna ef garðarnir yrðu settir 300 metrum utar. Í þessari fullyrðingu kemur enda berlega í ljós að þessi kjörni fulltrúi þekkir ekki til vandaðra úttekta á aðstöðu í Bakkafjöru. Þá fjallar hann ekkert um mun á kenniöldu og brotöldu né nokkuð annað sem máli skiptir. Það er þó huggun harmi gegn að hann fer með rétt mál þegar hann kemur inn á skort minn á minnimáttarkennd, og er ég þó sálfræðingurinn og hann sjómaðurinn.

Málefnaleg umræða

Enn af kvarti þingmannsins. Í nýjustu skrifum Grétars segir hann að uppbygging hafnar í Bakkafjöru sé „ekki hafin yfir gagnrýni og málefnalega umræðu“. Það er einmitt mergurinn málsins og hvet ég þingmanninn til að kynna sér málið og nálgast það út frá málefnalegri umræðu en ekki draugasögum og dómsdagsspám. Fjölmargir sjómenn hér í Vestmannaeyjum hafa lagt sig fram við að skoða gögn í þessu máli og bæta við þau út frá sinni sérþekkingu sem sannarlega er mikil. Af því hefur Siglingastofnun sannarlega haft mikið gagn.

Ég hef meiri trú á Vestmannaeyjum en Grétar Mar

Eitthvað virðist Grétar Mar enn og aftur lesa okkur Eyjamenn rangt þegar hann gerir tilraun til að koma nýjum draugasögum af stað þegar hann segir: „Ef litið er til framtíðar sýnist mér að höfn í Bakkafjöru muni geta minnkað umsvif úti í Eyjum frá því sem nú er. Löndun á fiski gæti færst í Bakkafjöru og ýmis þjónusta, sem nú fer fram í Eyjum, gæti færst upp á land.“ Ef til vill er það vegna sjálfumgleði minnar eða einlægrar trúar minnar á styrk og framtíð Vestmannaeyja að mér finnst þessi nýja draugasaga Grétars nánast brosleg. Ótti minn er ekki sá að á Landeyjasandi miðjum spretti upp sjávarþorp sem keppi við öflugasta útgerðarbæ á Íslandi. Sérstaklega verður þetta kómískt þegar horft er til þess að Grétar Mar hefur gengið hvað lengst í því að telja landsmönnum trú um að sjávarbyggðir eigi sér ekki viðreisnar von. Enda jafnvel þótt ótti þessi væri raunhæfur þá kemur þingmaðurinn þarna enn og aftur upp um vanþekkingu sína því höfnin í Bakkafjöru verður í meirihlutaeigu okkar Eyjamanna og þróun hennar því á okkar ábyrgð. Þetta hefði maður haldið að þingmenn vissu. Svo er það eilítið undarlegt að hann segi að höfnin sé algerlega vonlaus og geti ekki einu sinni þjónað sérhönnuðu öflugu skipi, en geti svo keppt við bestu höfn á landinu þegar kemur að fiskibátum.

Ég hef áður bent á að Vestmannaeyjar þurfa á byltingu að halda í samgöngum. Sigling á nýju skipi í Þorlákshöfn er hænufet sem hvorki breytir verulega atvinnulífi né búsetuskilyrðum Vestmannaeyinga. Á seinasta ári fækkaði búsettum Eyjamönnum um eitt hundrað og því miður eru líkur fyrir því að enn og aftur komum við til með að sjá fækkun íbúa. Öllum sem sjá vilja má ljóst vera að þetta breytist ekki nema veruleg byggðaþróun verði og hún verður einungis með byltingu í samgöngum.

Höfundur er bæjarstjóri Vestmannaeyja.

KitchenAid

Ímynd hins besta!

Landslið matreiðslumeistara notar KitchenAid blandara og hrærivélar

SÍGILD HÖNNUN

MJÚKAR LÍNUR

margir litir

Saxar
Þeytir
Blandar
Kurlar
meira að segja klaka

kíktu á www.ef.is

KitchenAid einkaumboð á Íslandi

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími 520 7900 • www.ef.is

Stóð eiginlega til að ég færi í kokkinn

Sigurjón Brink er eldsnöggur að elda humarinn. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Sigurjón Brink er landsfrægur söngvari en hitt vita færri að hann er líka listamaður í matargerð og gildir þá einu hvort um heimilismat eða veislurétti er að ræða.

„Ég er alinn upp með annan fótinn í eldhúsinu því faðir minn er matreiðslumaður og ég starfaði dálítið með honum á skólaárunum. Það stóð eiginlega til að ég færi í kokkinn," segir Sigurjón spurður um uppruna kunnáttunnar í matargerð. Tónlistin varð samt ofan á og nú starfar Sigurjón mikið með Gunnari Ólasyni, söngvara úr Skítamóral. Þeir koma fram í afmælum og alls konar fögnuðum með kassagítarana. „Við Gunni erum búnir að syngja saman í þrjú ár og erum að leggja lokahönd á plötu," upplýsir Sigurjón. „Þetta er kassagítar/partíplata, bæði með frumsömdum lögum eftir okkur og þekktum lögum eftir aðra."

En aftur að eldhúsinu. „Eins og ég sagði áðan þá kviknaði snemma áhugi hjá mér á að fikra mig áfram í matargerð," segir Sigurjón og í ljós kemur að samningur er milli hans og konunnar um að hann sjái um eldhúsið á heimilinu og hún um þvottahúsið. „Ég er guðsfeginn að losna við þvottinn," segir hann brosandi og bætir við. „Samt er ég svo heppinn að konan er snilldarkokkur líka. En ég sé um heimilismatinn og hef líka gaman af að útbúa veislumat." Nú er hann að undirbúa hátíðarkvöldverð og hefur innbakaðan humar í forrétt. Rétturinn reynist bæði ljúffengur og fljótlegur og uppskriftin að honum er á næstu síðu.

gun@frettabladid.is

Eftirréttir þurfa ekki að vera óhollir til að vera góðir og aðlaðandi. Bláber, ferskjur, jarðarber, banani og létt AB-mjólk eða vanilluskyr og sett í blandara er ljúffengur eftirréttur sem getur komið í staðinn fyrir dísætar kökur.

Fjöreggið veitt á Matvæladeginum

Matvæla- og næringarfræðingar standa fyrir matvæladeginum sem haldinn er í fimmtánda sinn um miðjan október.

Matvæladagurinn er haldinn í fimmtánda sinn hinn 16.október. Dagurinn er í umsjón Matvæla- og næringarfræðafélags Ísland þar sem veitt verður Fjöreggið, sem eru árleg verðlaun félagsins fyrir lofsvert framtak á matvæla- og næringarsviði.

Verðlaunin eru íslenskt glerlistaverk, sem veitt er með stuðningi frá Samtökum iðnaðarins.

Félagsmenn sem og aðrir eru eindregið hvattir til að senda inn tilnefningar sem geta verið vörur eða gott framtak einstaklinga, stofnana eða fyrirtækja sem sýnt hafa frumkvæði og stuðlað að öflugum matvælaiðnaði.

Efni Matvæladagsins í ár er: Þekking á matvælum, upplýsingar og ábyrgð. Hverjir bera ábyrgð á fæðuvali þjóðarinnar?

Tilnefningar verða metnar af fimm manna dómnefnd fagaðila og þurfa berast fyrir 10. september næstkomandi.

Hægt er að kjósa beint á heimasíðunni www.mni.is -rh

Með kærleik í nesti

Nestistíminn finnst mörgum skólabörnum með skemmtilegustu stundum dagsins og því er um að gera að útbúa nestispakka sem inniheldur bæði kærleik og heilsukost.

Samloka með hnetusmjöri og banana er eitthvað sem börnum þykir lostæti en er jafnframt hollt og gott, sé rétta hnetusmjörið notað.

Margir kunna að spyrja sig hvernig kærleik sé komið fyrir í nestispakka og svarið er einfalt; hvað sem er sem minnir barnið á væntumþykju foreldranna.

Þetta geta verið litlir skilaboðamiðar frá mömmu eða pabba. Miðar með hvatningarorðum á borð við „Gangi þér vel í prófinu“, „Við förum í Bláa lónið á laugardaginn“ eða einverju öðru fallegu sem kemur kannski á óvart og hlýjar hjartarætur.

Maturinn í nestispakkanum á umfram allt að vera fjölbreyttur, hollur og lystugur fyrir barnið.

Til að auka á fjölbreytnina má til dæms útbúa pítubrauð með túnfisksalati, grænmeti eða kjúklingi svo fátt eitt sé nefnt.

Samlokur má gera skemmtilegri með því að skera bær á óhefðbundinn hátt og nota til þess stór smákökuform; stjörnur, hjörtu, blóm, gimsteinar og bílar gera stundina gleðilegri fyrir barnið og auka um leið á matarlystina.

Í nestispakkanum á alltaf að vera góð samsetning af trefjum, kolvetnum og próteinum, eða grófu brauði, grænmeti og kjöti eða fiskmeti en ef þau eru illa fáanleg til að borða grænmetið er hægt að beita brögðum. Til dæmis má búa til slöngur eða „snáka“ með því að afhýða agúrku og skera hana svo langsum þannig að úr verði ormar. Til að kóróna verkið má svo setja lítinn tómat á annann endann og búa þannig til höfuð á orminn.

Spjót standa líka alltaf fyrir sínu og því er um að gera að henda ekki grillpinnum þótt tekið sé að líða á sumarið.

Kunni barnið að meta ávaxtasafa er tilvalið að skella nokkrum ferskum og frosnum ávöxtum í blandara og búa til heilnæman hristing. Hellið svo drykknum á brúsa og geymið í frysti yfir nóttina, en takið út áður en farið er í skólann og þá ætti drykkurinn að vera svalandi, ferskur og góður þegar kemur að nestistímanum.

Armband úr morgunkorni er skemmtileg tilbreyting fyrir litlar dömur og eitthvað sem hægt er að draga upp úr nestispakkanum með stolti.

Til að gera slíkt armband eru hringir úr morgunkorni, til dæmis seríós, þræddir upp á teygju sem síðan er hnýtt saman og til að kóróna verkið er svo hægt að festa litla skilaboðamiðann á sömu teygju þannig að úr verður einstakur skartgripur.

margret@frettabladid.is



Uppskrift Sigurjóns

Sigurjón Brink söngvari eldar humar

Innbakaður humar

2-3 humarhalar á mann
salt
sítrónusafi
hvítvín
brauðrasp (ekta brauð)
hvítlaukssmjör

Ég tek humarinn úr skelinni, þíði hann og hreinsa. Legg hann á ofnplötu og mala smávegis af góðu salti yfir hann. Skvetti aðeins hvítvíni yfir, fram og til baka og set örlítinn sítrónusafa. Þá er humarinn tilbúinn. Síðan tek ég venjulegan rasp úr hreinu brauði, set í skál og hræri hvítlaukssmjör saman við þannig að það verði þykkur massi. Set svo um eina matskeið af deigi ofan á hvern humar og reyni að forma það eftir humrinum. Síðan er skotið á þetta inni í 180 gráðu heitum ofni í um 5 mínútur. Ég ber fram með þessu hálfa ristaða brauðsneið (samlokubrauðsneið skorin horn í horn) og ferskt salat í fallegum litum. Ég hef ekki notað neina sósu því humarinn er svo ótrúlega góður, verður svo djúsí út af hvítlaukssmjörinu sem bráðnar ofan í hann og svo er hann stökkur. Ég nota mikið klettasalat og er hrifinn af hnetum af ýmsu tagi út á það.

allt tilboð o.fl.

Reiðhjól eru á helmingsafslætti hjá Hagkaupum þessa dagana og því tilvalið að gera góð kaup og láta bílinn standa heima.

Kaffistell eru á 50 prósenta afslætti í Egginu.

Ódýrt í búið í Egginu

ÚTSÖLUNNI Í EGG LÝKUR Á SUNNUDAG.

Heimilisverslunin Egg er með allt að 80 prósenta afslátt af vörum sínum. Á tilboði er allt mögulegt fyrir heimilið, frá gólfflísum yfir í matarstell. 50 prósenta afsláttur er af gjafavöru, matar- og kaffistellum og 60 til 80 prósenta afsláttur af textílvöru. Enn fremur er helmingsafsláttur af gólfflísum og 60 prósenta afsláttur af veggflísum. Annað sem finna má á útsölunni er hreinlætistæki, heimilistæki, húsgögn, ljós og innréttingar. Útsölunni lýkur á sunnudag.

Stórútsala í Perlunni

Útvistar-, tísku- og skómarkaður hófst í gær í Perlunni.

Útivistarfatnaður frá 66°Norður á börn og fullorðna, skór frá Ecco og tískufatnaður frá Blend eru meðal þess sem selt er á stórútsölumarkaði í Perlunni sem hófst í gær. Verð eru frá 1.000 upp í 5.000 krónur og er því oft um verulega verðlækkun að ræða. Markaðurinn stendur til 9. september og er opinn frá klukkan 12 til 18 alla daga vikunnar.

Stórútsölumarkaðurinn í Perlunni stendur til 9.september.

Skenkir og skatthol

Húsgögn í versluninni 1928 eru á góðum afslætti.

Allt að 70 prósenta afsláttur er af vörum í húsgagnaverslun-inni 1928. 185 sentimetra bókaskápur er á 24.500 krónur, skenkur á 39.200 krónur, skatthol á 49.900 krónur og 165 sentimetra hár spegill á 19.900 krónur. Af öðrum vörum á niðursettu verði má nefna hringborð, náttskáp, innskotsborð og glerskáp. Verslunin er til húsa á Laugavegi 20b og Auðbrekku 1. Útsalan stendur í viku í viðbót.

Húsgögn í versluninni 1928 eru á allt að 70 prósenta afslætti.

nettoline

Innréttingatilboð sem þú mátt ekki missa af

20% afsláttur til 16. sept.

20% afsláttur til 16. sept.

OPIÐ:
Virka daga 9-18
Laugard. 10-15

Friform
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

Innréttingatilboð sem þú mátt ekki missa af!

20% afsláttur af öllum Nettoline innréttingum til 16. september

NÚ ER LAG AÐ GERA GÓÐ KAUP, VERÐIÐ HEFUR ALDREI VERIÐ HAGSTÆÐARA!

nettoline
AUÐVELT - FLJÓTLEGT - ÓDÝRT

20% afsláttur til 16. september

Hlýtt og notalegt — NICE hvítt

Í takt við tímann — PISA höldulaust

Nýtt, ódýrt og spennandi — TORINO hnota

Betra bað - meira úrval - lægra verð

Góð vinnuaðstaða skiptir máli

nettoline

GLÆSILEGAR DANSKAR INNRÉTTINGAR Í ÖLL HERBERGI HEIMILISINS
þú getur valið
um 59 hurðagerðir og liti!

Fataskápar með venjulegum- eða rennihurðum

ÞITT ER VALIÐ!
Þú velur að kaupa ósamsetta innréttingu eða lætur okkur um samsetninguna.
Önnumst líka uppsetningu og frágang fyrir þá sem þess óska.
- fullkomin þjónusta, eigið verkstæði

VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM FYRIR ÞIG!
Komdu með málin af eldhúsi, baði, þvottahúsi, anddyri eða svefnherbergi - við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki.

20% afsláttur af tækjum!

Auk innréttinganna bjóðum við fullkomið úrval vandaðra raftækja, ELBA eldunartæki og SNAIGÉ og WESTINGHOUSE kæli- og frystiskápa. 20% afsláttur af raftækjum þegar þau eru keypt með innréttingum.

www.nettoline.dk

Opið: virka daga 9 - 18
laugardaga 10 - 15

Friform
Askalind 3 - 201 Kópavogur - Sími: 562 1500

Velkomin í Fríform, þar sem þú færð meira fyrir peningana

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8–18
UM HELGAR 11–16

BÍLAR & FARARTÆKI

Nissan Navara 2,5E dísel árg. 5/2005 ekinn 77 þús.km 5gíra beinskiptur, abs, álfelgur, dráttarbeisli, cd spilari, glertopplúga, klædd skúffa og m.fl. Verð 2.390.000.

Volvo S-40 árg. 8/1998 ek. 135þús. km, sjálfskiptur, abs, dráttarbeisli, upphækkaður, reyklaus, líknabelgir og m.fl. Verð 590.000.

Daihatsu Terios SE 1,3 Limeted árg. 9/199 ekin aðeins 93 þús.km, beinskiptur, álfelgur, fjarst. samlæs., nýl. tímareim og m.fl. Verð 390.000. Tilboð 290.000.

Lanos 1,5 SE árg. 9/2000 ekin 76 þús. km, beinskiptur 5gíra, nýleg tímareim. Verð 350.000.

Bílabúð Benna ehf.
Bíldshöfða 10,
Sími: 587 1000
www.benni.is

BMW 745. Árgerð 2003, ekinn 88 þ.km, Bensín, Sjálfskiptur. Verð 4.990.000. áhvílandi 4.150 þús. afb. 64 þús.

BMW 545I. Árg. 2004, ek. 99 þ.km, Bensín, Sjálfskiptur. Ásett 6.990 þús. Tilboð 5.990 þús. áhv. 4.800 þús.

Bílahornið
Funahöfða 5, 110 Reykjavík
Sími: 567 2400
www.bilahornid.is

TOYOTA SELFOSSI

VANTAR LAND CRUISER - DÍSEL Á SKRÁ OG Á STAÐINN ÁSAMT ÖÐRUM TEGUNDUM. BRJÁLUÐ SALA!

Toyota Land Cruiser 120 VX (211432) 1/2007, ekinn 22 þús km, 20" krómfelgur, dráttarkr, spoiler, filmur, ofl. Ásett verð 6.090 þús.

Toyota Land Cruiser 120 VX (269999) 3/2006, ekinn 45 þús km, leður, dráttarkr, filmur, húddhlíf, ofl. Ásett verð 5.590 þús.

Toyota Tundra Crewmax LTD (134389) 2007, ekinn 5 þús km, leður, topplúga, bakkmyndavél, bluetooth, ofl. ATH 381 Hestafl!! Ásett verð 5.290 þús.

Toyota Tacoma Sport SR-5 (211415) 2007, Nýr bíll, klæddur pallur, stigbretti, lengri pallurinn, ofl. Ásett verð 3.860 þús.

Toyota Rav4 VX (134395) 3/2006, ekinn 35 þús km, leður, topplúga, lyklalaust aðgengi, ofl. Ásett verð 3.250 þús.

Toyota Rav4 GX (134399) 4/2006, ekinn 5 þús km, bakkskynjarar, cd magasín, loftkæling, ofl. Alveg eins og nýr... Ásett verð 2.930 þús.

Lexus RX300 (210159) 6/2004, ekinn 45 þús km, leður, rafmagn í öllu, litað gler, xenon aðalljós, ofl. Ásett verð 3.990 þús.

TOYOTA SELFOSSI

Subaru Legacy Stw (201426) 11/2005, ekinn 36 þús km, sumar- og vetrardekk á álfelgum, toppgrindarbogar, dráttarkr, ofl. Ásett verð 2.290 þús.

VANTAR LAND CRUISER - DÍSEL Á SKRÁ OG Á STAÐINN ÁSAMT ÖÐRUM TEGUNDUM. BRJÁLUÐ SALA!

Toyota Selfossi
Fossnes 14, 800 Selfoss
Sími: 480 8000
http://www.toyotaselfossi.is

LITLA bílasalan www.litla.is S. 587 7777

Jeep Grand Cherokee special Edition 2004, ek 33 þ mílur, grár, leður, topplúga,allt rafdr 20"álfelgur+original felgur, bílalán 2.300 þús, verð 2980 þús, fallegt eintak!

Litla bílasalan
Eirhöfða 11, 112 Rvk.
Sími: 587 7777
www.litla.is

Arnarbílar www.arnarbilar.is

NISSAN PRIMERA GX árg 11/1998, ek 129 þ. km, 1.6L 5 gíra, Verð 480 þ. Nánari uppl á www.arnarbílar.is rn: 110513 S. 567 2700

Arnarbílar ehf
Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilar.is

X4 ehf.

Nýr Mazda Cx-7 2.3L. Turbo 244 hp., framúrskarandi hönnun á sportjeppa frá Mazda. Komdu í reynsluakstur í dag.

Nýr Mazda CX-9 3.5L. V6 263 hp., 7 manna lúxus sportjeppi. Komdu í reynsluakstur í dag.

Nýr 2008 Mazda Tribute nýtt og breytt útlit með meiri staðalb. en áður. Komdu í reynsluakstur í dag.

X4 ehf
Malarhöfði 2, 110 Reykjavík
Sími: 565 2500
www.x4.is

Breiðan ehf 821-6292

Nissan Patrol árgerð 1997, diesel, beinskiptur, ek. 140 þús., 33" dekk, þjónustubók, sk.'08, 100% lán, verð kr. 1.150.000 S. 821 6292

VW Caddy diesel árgerð 2005 ek. 92 þús.km., lítur mjög vel út, sk.'08, verð kr. 1.270.000, m.vsk., 100% lánað, s. 821 6292

Ford F-250 Lariat árgerð 2004, diesel 6,0 sjálfskiptur, með öllum aukabúnaði, innfluttur nýr (Brimborg), ekinn aðeins 45 þús.km. (ekki meiraprófsbíll), sk.'08, verð kr. 3.250.000 S. 821 6292

Breiðan ehf
Sími: 821 6292

Bílar til sölu

islandus.com
HYBRID
40%
Minni eyðsla
TOYOTA
Leigubílar frá 2600þús!

Toyota Camry HYBRID 5,9L/100km Nýr frá 2600þús til leigubílstj., almennt v.3325þús. Highlander á Lexus RX400 grunni. 268 hö. 7,5L/100km! 2006 frá 3.790þús. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

2007 Dodge Caliber frá 1995þús, 7,4L/100km (fæst sem 4x4), Dodge Caravan frá 2.490þús! Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

VW Golf Highline '02. Sjálfsk. topplúga, álfelgur o.fl. Ekinn 42þ. Nýskoðaður í toppstandi. Verð 1.190þ. Uppl í s. 699-0988 eða 821-3205

GMC Sierra 1500 X-Cab- 4WD nýsk. '03 Sk. '08. Uppl. í s. 691 7979.
Uppl. í s. 691 7979.

M-Benz C55 AMG árg '05 ek. 27 þús. Rosalega skemmtilegur bíll. Uppl. í s. 893 3955.

A4 S-LINE BLÆJU Árg. 2005 - Ekinn 39 þ.km Verð 5.300 þ. - Áhv. 4.050 þ. Magnaður bíll. SKoða skipti. S. 895 5577.

VW. Bora 1,6 árg. 2000. Ekinn 78.000. Ný tímareim. Verð 780.000. Uppl. í síma 5673444 & 662 2393.

MMC Lancer árg. '95. Ek. 180 þús. Sk. '08. Geislasp., saml., s/v dekk. Sparn. 1300 vél. Verð 150 þús. S. 554 0512 & 821 6453.

Range Rover Sport HSE, árg. 6/2006, ekinn 15.000 km, innfluttur nýr, 2ja ára ábyrgð, einn með gjörsamlega öllu: DVD og margt fleira. Ath. skipti. Verð 9.700.000. Uppl. í s. 898 2111.

Audi A6 3,2l, 2005, ek. 31þús., Gullmoli með öllum aukahlutum. Verð 5.290 þús. Er í ábyrgð. Skipti möguleg dýr/ódýr. S. 869 5336, Senda.

Dodge Dakota árg 2004 SXT. Ek. 22 þús. mílur. Hentar vel fyrir td. fjórhjól, krossara, vélstleða o.fl. Verð 1450 þús. Uppl. í s. 899 0304.

Dodge Ram 2500 Laramie Mega Cap Diesel árg. 2006 ekinn 32 þ. km verð 4590. S 898 2811.

Toyota Corolla '98 ek. 122 þ. í mjög góður lagi í skiptum fyrir yngri japanskan bíl. S. 564 5084.

Alfa Romeo GTV 2.0 Twin Spark árg. '99 ek.77 þ. Verð 1.090. Sími 856 1066.

Varahlutir Í Daiwoo Nubira STW árg. 2002. Uppl. í síma 820 7378.

Til sölu Subaru Legacy árg. '05 ek. 27 þús. km. dekurbíll gott verð. Uppl. í s. 891 8888.

Silfraður Opel Vectra CD, árg. '99. Ný tímareim og ný skoðaður. Ek. 121 þús. V. 300 þ. S. 695 7799.

Toyota Land Cruser LX árg.'04. Ek. 67 þús. Uppl. í s. 869 4843.

Toyota Corolla árg.'00 ek. 108 þús. Uppl. í s. 869 4843.

Honda Civic VTi 170 hö árg. '96 vel með farinn. V. ca. 400 þ. S. 692 6365.

0-250 þús.

Volvo 850 árg. '93, sk. '07, sumar + vetrardekk, mest einn eigandi, vel með farinn. Tilboð óskast. Uppl. í s. 862 3359.

Frábær skólabíll sem eyðir litlu. WV Golf ekinn aðeins 102 þ.km. í toppstandi verð 200 þ.kr. Uppl. í s. 822 7574.

Micra '96,ssk.e.k.102þ grænjupakki,á-klæði,álfelg, v/250 Volvo 960 E2,5 '96 ssk,leður, rafm spegl&rúðum ek,255þ v/520 8460042/6150042

Toyota Hilux árg. '85. 2,4 bensín. V. 250 þús. Engin skipti. S. 892 4305.

SIRKUS

31. ÁGÚST 2007 ■ Móeiður í prestinn ■ Friðrika flytur í nýja húsið ■ Helmingur Gís fer í sjónvarpið ■ Nylon-par byggir hús



AUÐUNN BLÖNDAL AFTUR Í SJÓNVARPIÐ

EKKI HROKAFULLUR HELDUR FEIMINN

PIPAR • SÍA • 71167

FRAMTÍÐARHEIMILIÐ ER KOMIÐ Í PRODOMO

Prodomo er ný verslun sem býður nýjustu hönnun í ljósum og rafbúnaði og háþróaðan stjórnbúnað fyrir lýsingu, tónlist, mynd og hita.

Hlíðasmári 1 / 200 Kópavogur
Sími 520 4545 / www.prodomo.is
prodomo@prodomo.is

PRODOMO

fréttir

Heyrst hefur

Dead komið norður

Það er engin lognmolla hjá Jóni Sæmundi sem nýlega opnaði Dead-verslun á Laugavegi. Nú eru Dead-vörurnar einnig komnar norður því ein skemmtilegasta verslun Akureyrar, antikverslunin Frúin í Hamborg, hefur hafið sölu á vörum Jóns. Jón Sæmundur fær hvorki meira né minna en nærri heilt herbergi í versluninni undir vörur sínar en deilir því reyndar með nokkrum bolum frá Nakta apanum. Planið er að fá fleiri íslenska hönnuði til að selja vörur sínar í versluninni.

Gillz á faraldsfæti

Það er í nógu að snúast hjá Agli Gillzenegger, eða Stóra G eins og hann kallar sig stundum, um þessar mundir. Íþróttaakademían í Reykjanesbæ er komin á fullt en Gillz er potturinn og pannan í félagslífinu þar. Hann lætur þó ekki annir í skólanum halda aftur af sér því Stóri G skellti sér til London fyrir skömmu þar sem hann fylgdist með leik Chelsea og Portsmouth í ensku úrvalsdeildinni. Gillz bloggar um dvöl sína í London á heimasíðu sinni en þar kemur meðal annars fram að hann njóti ekki sömu frægðar þar og hér á landi. Þurfti hann meðal annars að standa í röð á skemmtistöðum eins og hver annar úthverfaplebbi.

Selur glæsihæð á Hagamel

Einar Bárðarson, umboðsmaður Íslands, hefur sett stórglæsilega íbúð sína við Hagamel 8 á sölu. Einar hefur verið með annan fótinn í London síðustu ár þar sem hann hefur unnið að framgangi íslenskrar tónlistar. „Ég hef verið með íbúðir í London og Reykjavík síðustu tvö ár en nú verður smá breyting á," segir Einar. „Mér finnst það mjög leiðinlegt og erfitt að selja þessa íbúð. Hún er á besta stað í Reykjavík."

Og það eru orð að sönnu. Íbúðin er fimm herbergja, með tvö herbergi og þrjár stofur, stutt frá Melaskóla og Melabúðinni. Hún kostar líka sitt. Ásett verð er 55 milljónir.

Einar þarf starfs síns vegna að dvelja meira í London en áður en hann hefur meðal annars átt stóran þátt í því að koma Garðari Thor Cortes á framfæri þar ytra sem og Nylon-flokknum. Einar verður þó ekki einn í London því kona hans, Áslaug Einarsdóttir, og dóttir þeirra verða með honum ytra.

„Ég verð nú með annan fótinn heima líka því ég á hlut í stærsta tónleikafyrirtæki landsins og þarf að sinna því," segir Einar og vísar þar í fyrirtækið Concert sem hann stofnaði fyrir nokkrum árum. Fram undan eru meðal annars tónleikar með Chris Cornell og Megasi í Laugardalshöll sem og fullt af öðrum spennandi hlutum sem Einar vill ekki gefa upp að svo stöddu.

EINAR BÁRÐAR Umboðsmaður Íslands verður meira og minna í London næstu ár svo hann hefur sett íbúðina sína við Hagamel á sölu.

HAGAMELUR 8 Íbúðin hans Einars er í þessu glæsilega húsi við Hagamel.

MÓEIÐUR JÚNÍUSDÓTTIR LÝKUR BRÁÐUM BA-GRÁÐU Í GUÐFRÆÐI. HÚN HYGGUR Á FREKARA NÁM OG ÆTLAR AÐ TAKA EMBÆTTISPRÓF.

Guðslög mikilvægari en landslög

Móeiður Júníusdóttir er við það að klára BA-prófið sitt í guðfræði. Hún ætlar þó hvorki að segja skilið við guð né fræðin að prófi loknu. Hún stefnir að embættisprófi eftir tvö ár. Í framhaldinu getur hún sótt um brauð.

„Ég hef alltaf verið trúuð og trúin hefur ýmis birtingarform. Tónlistin hefur til dæmis verið hluti af henni," segir Móeiður, sem gerði garðinn fyrst frægan sem söngkona enda af miklu tónlistarfólki komin.

Móeiður hefur mörg járn í eldinum því með skólanum ætlar hún að sjá um barnastarfið í Fríkirkjunni í Reykjavík ásamt öðru góðu fólki. Og starfið leggst vel í hana. „Ég get tekið börnin mín með í kirkjuna og sameinað starfið þar og góða stund með þeim," segir Móeiður, sem síðustu ár hefur legið yfir Biblíunni og öðrum góðum skólabókum. Og Móeiður er himinlifandi með guðfræðina. „Hún er alveg ofboðslega skemmtileg og kemur alltaf á óvart. Það er náttúrlega elsta deildin í háskólanum," segir Móeiður, sem reyndi fyrst við aðra gamla en ekki síður merkilegri grein, lögfræði. „Ég hætti eftir eitt ár þegar ég komst að því að guðslög eru bæði mikilvægari og merkilegri," segir Móeiður, sem fær væntanlega innan skamms nafnbótina séra Móeiður.

MÓEIÐUR JÚNÍUSDÓTTIR Móeiður ætlar að sjá um barnastarfið í Fríkirkjunni í Reykjavík í vetur ásamt öðru góðu fólki. MYND/GVA

Gís aftur í sjónvarpið

Guðný Pála Rögnvaldsdóttir, annar helmingur Gís-dúettsins, sem sló í gegn í X-factor þáttunum, er aftur komin í sjónvarpið. Hún er þó ekki fyrir framan myndavélarnar að þessu sinni heldur sinnir skriftustarfi á Stöð 2. Hugurinn stefnir þó aftur fyrir framan myndavélarnar.

„Mig langar einna helst að vinna við sjónvarp í framtíðinni fyrir utan sönginn sem er alltaf efstur á listanum," segir Guðný Pála sem kolféll fyrir myndavélunum þegar hún tók þátt í X-factor. „Sjónvarpið hafði alltaf heillað að vissu marki en þegar ég sá hvernig þetta gekk fyrir sig vissi ég að þetta væri eitthvað sem hentaði mér mjög vel."

Guðný Pála segir hraðann, stressið og adrenalínflæðið vera það sem heilli einna helst við sjónvarpið. Hún hóf störf fyrir rúmri viku síðan. „Þannig að ég er orðin þrautþjálfuð," segir hún og skellir upp úr. Draumur söngkonunnar er að stýra þætti á borð við Ísland í dag. Hún segist þó ekki vera byrjuð að blikka yfirmennina í von um frekari frama innan fyrirtækisins. „Ekki enn þá! Ég verð að vera aðeins lengur áður en ég byrja á því. Ég má ekki vera of æst!" segir söngkonan og hlær áður en hún snýr sér aftur að skriftustarfinu.

GUÐNÝ PÁLA RÖGNVALDSDÓTTIR Er ánægð með nýja starfið sem skrifta á Stöð 2. MYND/ANTON

Náman | námsmannaþjónusta Landsbankans



410 4000 | landsbanki.is

ÍSLENSKA SIA/S LBI 38587 08/07

Skífulistinn

Skífulistinn er samantekt af mest seldu plötunum í Skífunni og verslunum BT út um allt land.

1	Human Child 2CD	↑	Eivör
2	Frágangur	↓	Megas og Senuþjófarnir
3	Magni	↓	Magni
4	Pottþétt 44	↓	Ýmsir
5	Human Child	↑	Eivör
6	Life in Cartoon Motion	↓	MIKA
7	Íslandslög 7	N	Ýmsir
8	Cortes 2007	–	Garðar Thor Cortes
9	Íslandslög 1-6	↓	Ýmsir
10	Shake It Good	↑	Jagúar
11	Alltaf að græða	N	Millarnir
12	Ljótu Hálfvitarnir	↓	Ljótu Hálfvitarnir
13	100 Íslensk 80's lög	↓	Ýmsir
14	Forever	↑	Gus Gus
15	Langferðalög	↓	KK og Maggi Eiríks
16	Back To Black	↓	Amy Winehouse
17	Please Don't Hate Me	–	Lay Low
18	Jógvan	↑	Jógvan
19	Í brekkunni: Eyjalögin 2cd	A	Ýmsir
20	Instant Karma (John Lennon)	A	Ýmsir flytjendur

A Aftur á lista N Nýtt á lista ↓ Lækkar frá síðustu viku ↑ Hækkar frá síðustu viku – Stendur í stað

Listinn gildir vikuna 30. ágúst- 6. september 2007

Eivør

Eivør er að seljast gríðarlega vel í verslunum Skífunnar, enda frábær plata frá henni. Athygli vekur að í rauninni á hún 2 plötur á listanum, Human Child 2cd er númer 1 þar sem Færeyska útgáfan er líka. Human Child er líka í 5 sæti en það er ekki 2cd og því ekkert sungið á Færeysku þar.

Athyglisvert er að aðeins eru 3 erlendir flytjendur eru á listanum Mika, Amy Winehouse og safnplatan Instant Karma en svo er það auðvitað Eivør, en eiga Íslendingar hana ekki?

Nældu þér í eintak

S·K·Í·F·A·N

Fíton/SÍA

ALMA GUÐMUNDSDÓTTIR ÚR NYLON OG UNNUSTI HENNAR, ÓSKAR PÁLL SVEINSSON, FETA Í FÓTSPOR MORTHENS-BRÆÐRA OG BYGGJA SÉR HÚS VIÐ MEÐALFELLSVATN.

NYLON-HÚSIÐ Húsið sem Nylon-hjónin eru að byggja stendur svo sannarlega á glæsilegum stað. MYND/GVA

MEÐ YNDISLEGA NÁGRANNA VIÐ VATNIÐ

Þetta er yndislegur staður að búa á," segir Alma Guðmundsdóttir, söngkona úr Nylon, sem er nú að reisa sér einbýlishús við Meðalfellsvatn í Kjós ásamt unnusta sínum, Óskari Páli Sveinssyni upptökustjóra. Alma og Óskar Páll hafa síðustu mánuði haft afdrep í litlum bústað við vatnið á milli þess sem þau vinna að tónlist sinni. Turtildúfunum hefur líkað lífið í sveitinni svo vel að þau hafa ákveðið að reisa sér einbýlishús á sömu slóðum. „Fyrst fannst mér þetta svolítill spotti en nú er ég orðin vön því að keyra. Þetta er yndislegur staður og það er gott að komast út í kyrrð og ró og umhverfið er svo fallegt," segir Alma og bætir við: „Það skemmir ekki fyrir hvað það eru góðir nágrannar hérna."

Eins og fram kom í Sirkus á föstudaginn eru bræðurnir Bubbi og Tolli Morthens að reisa sér glæsileg hús, hvo sínum megin við Meðalfellsvatn. Vatnið er að verða eftirsóttur staður hjá listamönnum því auk bræðranna, Óskars Páls og Ölmu úr Nylon hefur Jakob Frímann Magnússon Stuðmaður lögheimili þar. Jakob Frímann hefur verið skráður með lögheimili í Kjósarhreppi frá því hann skipaði efsta sæti Íslandshreyfingarinnar – græns framboðs í Suðvesturkjördæmi í síðustu alþingiskosningum. Jakob hefur þó búið að Bjarkargötu 8 í Reykjavík síðustu ár ásamt unnustu sinni, Birnu Gísladóttur, og Jarúnu, dóttur þeirra.

Alma vonast til að geta flutt inn í húsið um næstu áramót. Húsið verður allt hið glæsilegasta og er meðal annars gert ráð fyrir upptökuveri. Það ætti því að vera auðvelt um vik fyrir Ölmu og Óskar að vinna að list sinni á milli þess sem þau fara í rómantíska göngutúra í kringum vatnið og um nærliggjandi svæði.

TÓNLISTARPAR Óskar og Alma eru tónlistarpar sem geta unnið að tónlistinni í hljóðveri sem verður í nýja húsinu.

LÖGHEIMILI JAKOBS Jakob Frímann er með lögheimili í þessu húsi við Meðalfellsvatn. MYND/GVA

Friðrika flutt í nýja húsið

Friðrika Hjördís Geirsdóttir, einn umsjónarmanna Íslands í dag, og Stefán Hilmar Hilmarsson, aðstoðarforstjóri Baugs, eru nýflutt inn í stórglæsilegt 284 fermetra hús við Laufásveg 68.

Hjónakornin keyptu húsið í febrúar í fyrra en ákváðu að taka það ærlega í gegn. Framkvæmdir hófust í september og nú er húsið í Þingholtunum loksins tilbúið.

„Það er algjör draumur að vera hérna. Það er nánast hvergi betra að vera," sagði Friðrika alsæl þegar Sirkus náði tali af henni.

Sjónvarpskonan knáa er alin upp á Kjalarnesi en áður bjuggu þau hjónakornin í íbúð í Brautarholti. Eins og gefur að skilja var Friðrika með puttana í framkvæmdunum enda annáluð smekkmanneskja. „Ég hafði mjög sterkar skoðanir á því hvernig þetta ætti að líta út," segir Friðrika og hlær.

Friðrika er sem stendur í frí frá Íslandi í dag, sinnir barni, sem er að taka tennur, og nýju heimili. Það skýrist hins vegar fljótt hvort hún muni snúa aftur í sjónvarpið þar sem hún hefur farið á kostum í sumar.

GLÆSILEGT HÚS Húsið þeirra Friðriku og Stefáns er stórglæsilegt. MYND/ANTON

FRIÐRIKA GEIRSDÓTTIR Sjónvarpskonan knáa er alsæl í Þingholtunum.

Ertu í húsgagnaleit?

Borðstofuhúsgögn

Mikið úrval af borðstofuhúsgögnum

Leðursófasett 3+2, til í rauðu, hvítu og svörtu leðri **Verð kr. 330.000.-**

Vandaður og þægilegur hornsófi með skemmlum og sterku áklæði sem auðvelt er að þrífa - Margir litir - verð 219.000.-
Einnig fáanlegur með leðri.

Vandað leðursófasett 3+1+1 **Verð kr. 284.000.-**

Rafstýrður hvíldarstóll með lyftu sem lyftir þér upp og úr stólnum.
Afar hentugt fyrir eldra fólk og þá sem eiga erfitt með hreyfingar

Verð m/ákl. kr. 75.000.-

Hornsófi með innbyggðu rúmi **Verð kr. 298.000.-**

NÝJAR SENDINGAR
HAGSTÆÐ HÚSGAGNAKAUP!

www.valhusgogn.is
Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar
Þetta verður þú að prófa!

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Opið Virka daga kl.10-18 / **Laugard. kl.11-16**

DRÖFN ÖSP SNORRADÓTTIR VEKUR ÁVALLT ATHYGLI FYRIR SÉRSTAKAN FATASMEKK. DRÖFN, EÐA DD UNIT EINS OG HÚN ER LÍKA KÖLLUÐ, SEGIR MIKILVÆGT AÐ VIÐ SKOÐUM ÞAÐ SEM ER Í GANGI HVERJU SINNI OG VELJUM ÞAÐ SEM FER OKKAR VEXTI. HÚN SEGIR HJARÐMENNINGUNA SEM BETUR FER Á UNDANHALDI.

DD UNIT „Þennan Oleg Cassini-kjól keypti ég á eBay. Cassini var Hollywood-búningahönnuður sem hannað mikið af kjólum fyrir Grace Kelly og Jacky O. Svala vinkona mín gaf mér svo stígvélin.“

UPPÁHALDIÐ „Vivienne Westwood er í miklu uppáhaldi. Við erum að tala mikið saman sniðlega séð, ég og hún,“ segir Dröfn sem er hér í fallegum kjól frá fatahönnuðinum.

VINNUFÖTIN „Buxurnar eru úr POP á Laugaveginum en það er margt skemmtilegt að finna þar. Wedge-hælarnir eru frá Steve Madden en bolinn fékk ég á 300 kr. á útsölu í Zöru. Kímonó-peysan er úr Liborius en sólgleraugum úr POP.“

ROKKA EKKI HVÍTAR GALLABUXUR FYRIR MITT LITLA LÍF

fötin mín

Ég held það sé nokkuð öruggt að segja að ég hafi lengi spáð í föt og tísku,“ segir Dröfn Ösp Snorradóttir, viðskiptastjóri á auglýsingastofunni Fíton. Dröfn, eða DD Unit eins og hún er líka kölluð, er með sérstakan og skemmtilegan smekk en hún segist ekki leitast eftir að vera öðruvísi. „Ég klæði mig ekki eins og allir aðrir enda versla ég helst í búðum sem selja frekar einstakar flíkur. Ég er samt ekkert að reyna að vera öðruvísi en ég er bara svona,“ segir hún og bætir við að stíllinn hennar sé svolítið bland í poka. „Það fer eiginlega bara eftir því í hvaða skapi ég er hverju sinni. Stundum er ég í gömlum siffon-pallíettu-perlu-kjólum með kisu eyeliner og rauðan varalit en á öðrum tímum voðalega „plain“. En mitt „plain“ er kannski ekki „plain“ hjá öðrum, ég þarf alltaf að vera með eitthvað twist, ég gæti ekki gengið í öllu svörtu heldur skreyti með einhverjum lit, nælu eða set eitthvað í hárið.“

Dröfn verslar aðallega á netinu og sjálf kallar hún sig eBay-drottninguna. „Einnig kaupi ég mikið í verslununni POP, KronKron, Nakta apanum og í Trilogiu. Svo er alltaf gott að finna eitthvað í Zöru og HM,“ segir hún og bætir við að hún eyði einhverjum tíma á kvöldin að plana klæðnað morgundagsins. „Ég þarf að vera fín í vinnunni en ef þú átt nokkra lykilhluti þarf þetta ekki að vera flókið. Ég get til dæmis notað sama svarta kjólinn aftur og aftur ef ég skipti öðru út. Ég reyni að hafa stílinn sem náttúrulegastan fyrir sjálfa mig þótt margir reki upp stór augu þegar þeir sjá mig,“ segir hún hlæjandi.

Dröfn heldur úti heimasíðunni ddunit.blogspot.com þar sem hún fjallar um stjörnurnar í Hollywood á skemmtilegan máta. Hún viðurkennir fúslega þennan áhuga sinn á „selebunum“ og segir þann áhuga ekkert öðruvísi en önnur áhugamál. „Ég meina, sumir hafa áhuga á íþróttum, pólitík, vísindum eða viðskiptum. Þetta er bara enn einn hluti af lífinu. Samt er þessi áhugi minn ekkert upp á líf og dauða heldur bara skemmtun og afþreying,“ segir hún og bætir við að ótrúlegasta fólk lesi síðuna reglulega. Spurð hvernig Íslendingar standi sig þegar kemur að tísku segir hún okkur öll að koma til. „Hér hefur ríkt svolítil hjarðmenning þannig að ef eitthvað er í tísku þá eru allir í því en það er svolítið að breytast. Hver man til dæmis ekki eftir Tark-buxunum og Buffalo-skónum en sjálf get ég stolt sagt að ég hafi staðið fyrir utan þá tískubylgju,“ segir hún brosandi og bætir við að fólk verði að finna sinn stíl svo það verði ekki fórnarlamb tískunnar. „Það er svo margt í gangi og því verður að skoða það sem er í gangi og velja það sem fer þínum líkamsvexti. Það geta ekki allir farið í þröngar gallabuxur og gyrt ofan í stígvél. Ég get til dæmis ekki rokkað hvítar gallabuxur fyrir mitt litla líf. Við verðum að finna það sem fer okkur og þá þarf enginn að vera tískufórnarlamb.“

indiana@frettabladid.is

EBAY-DROTTNING „Þennan Vivienne Westwood fékk ég á útsölu í KronKron í sumar. Skónir eru frá Christian Louboutin og ég keypti þá á eBay.“ /MYND HÖRÐUR

ÍSLENSKA/SÍA.IS/TOY 37889 03/07

Gerðu eitthvað eftirminnilegt

Tvær léttar leiðir til að eignast Aygo:

26.408 kr.* á mánuði	**14.996** kr. á mánuði
Innifalið: Afborgun af láni – Tryggingar – Bifreiðagjald 1. tímabils – Engin útborgun.	Meðalgreiðsla miðað við 30% útborgun og bílalán til 84 mánaða hjá Glitni.

Gerðu eitthvað eftirminnilegt – fáðu þér Aygo á þægilegum kjörum og njóttu þess að keyra áhyggjulaus.
Aygo. Engar áhyggjur. Svo máttu líka leggja frítt!

www.aygo.is

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

AYGO BY TOYOTA

* Sértilboð Elísabetar og AYGO. M.v. 84 mánuði. Innifalið er afborgun af láni, tryggingar (ábyrgðar- og kaskótrygging) og bifreiðagjöld á fyrsta tímabili.

AUÐUNN BLÖNDAL SNÝR AFTUR Á SKJÁINN Á NÆSTUNNI ÞEGAR ÞÁTTURINN TEKINN HEFUR GÖNGU SÍNA. AUDDI, SEM STEFNIR Á LEIKLISTARNÁM Í FRAMTÍÐINNI, SEGIST UNDIR ÞRÝSTINGI VARÐANDI BARNEIGNIR.

KÆRASTAN FJARRI GÓÐU GAMNI

viðtal

Mér finnst þetta alveg meiri háttar skemmtilegt enda blundar lítill spennufíkill í mér," segir sjónvarpsmaðurinn Auðunn Blöndal en ný syrpa af Tekinn hefst 14. september á Stöð 2. Á meðal fórnarlamba Audda að þessu sinni verða Jói Fel, Laddi, Ragnhildur Steinunn, Hermann Hreiðars, Jógvan og Ásgeir Kolbeins. „Við reyndum að taka Eið Smára en það var eini hrekkurinn sem heppnaðist ekki. Áhorfendur fá samt að sjá hvernig til tókst," segir Auddi og bætir við að hugmyndavinnan og undirbúningurinn við þættina sé afar skemmtileg. „Þetta er oft mikið stress og margt verður að ganga upp svo hjartað er oft í buxunum. Jói Fel þurfti til dæmis að leggja í hárrétt bílastæði á réttum tíma svo hrekkurinn myndi heppnast. Keðjuverkunin getur verið mikil." Auddi segir hin frægu fórnarlömb hingað til hafa tekið hrekkjunum vel. Sem betur fer hafi flestir húmorinn í lagi. „Við erum náttúrlega ekkert að niðurlægja fólk, bara hrekkja og það virðist sem þekkt fólk á Íslandi sé voðalega kurteist. Það hefur allavega enginn sett sig á háan hest enda væri voðalega skrítið ef fólk væri gott með sig af því að það er frægt á Íslandi. Menn missa sig kannski í Bandaríkjunum þar sem þú getur fengið mörg hundruð milljónir fyrir að vera frægur en hér á Íslandi missirðu varla stjórn á skapinu þótt einhver leggi í stæðið þitt. Jafnvel þótt þú sért frægur."

„ÉG ER OPINN OG KÁTUR Á MÍNUM HEIMAVELLI EN FEIMINN VIÐ FÓLK SEM ÉG ÞEKKI EKKI OG VIRÐIST ÞVÍ STUNDUM HROKAFULLUR."

Væri til í að eiga pylsuvagn

Auddi hefur starfað í sjónvarpi frá því hann byrjaði í 70 mínútum á sínum tíma á Popptíví. Spurður hvað hann hefði fyrir stafni ef hann væri ekki í sjónvarpi segir hann að hann væri til í að eiga sinn eigin pylsuvagn. „Ef ég væri ekki fyrir framan myndavélina vildi ég vinna á bak við hana enda kominn með góða reynslu af sjónvarpi eftir sjö ár í bransanum. Ef ég yrði að velja eitthvað ótengt sjónvarpi þá yrði minn eigin pysluvagn, Blöndalspylsur, fyrir valinu en honum myndi ég koma fyrir fyrir utan sundlaugina á Sauðárkróki," segir Auddi brosandi.

Lilja, kærasta Auðuns, vakti athygli í fyrri seríunni af Tekinn. Auddi tekur undir að hún hafi staðið sig vel enda þrusugóð leikkona. „Hún reyndi fyrir sér í leiklistardeild Listaháskóla Íslands á sínum tíma og komst langt en ákvað að skella sér í staðinn í lögfræðina. Hún verður hins vegar ekki með í þessari syrpu því við vildum ekki taka sénsinn á að einhver myndi þekkja hana," segir Auddi sem vill sem minnst tala um sitt persónulega líf. „Ég hef ekki gert það í fimm ár og við erum enn saman svo ég er sáttur og ætla ekkert að breyta því," segir hann ákveðinn.

Barneignir ekki á dagskránni

Auddi er með margt í deiglunni en segist alltaf á leiðinni í skóla þótt hann hafi ekki enn komið sér í það. „Mér finnst mjög gaman að leika og langar að mennta mig sem leikara. Vinnan er bara svo skemmtileg að það er erfitt að kúpla sig út og setjast á skólabekk," segir hann og bætir við að hann myndi líklega halda til Bretlands eða Bandaríkjanna þar sem enginn myndi þekkja hann til að læra fagið. Hvort áhugi á frekari frægð og frama í útlöndum blundi í honum segir hann að það væri gaman að reyna fyrir sér. „Það væri ekkert leiðinlegt að prófa Hollywood en það eru kannski dálítið miklir draumórar. Það er samt aldrei að vita hvað maður gerir." Auddi á sér sinn draumahrekk sem honum hefur ekki enn tekist að framkvæma. „Mig langar að hrekkja Björgólf yngri, það er draumurinn. Það hefur hins vegar ekki tekist hingað til enda næstum jafn erfitt og að nálgast sjálfan páfann."

Auddi segist ekki verða fyrir miklu áreiti vegna frægðarinnar. Aðallega sé fólk að ræða við hann um þáttinn á djamminu en það sé vanalega á góðum nótum. Hann viðurkennir að hafa gaman af því að kíkja út á lífið en að hann geri minna af því í dag en áður fyrr. Hvort hann sé ekkert farið að langa í rólegra fjölskyldulíf segist hann varla geta eignast börn á meðan hann sé sjálfur barn. „Ég heyrði þetta hjá einum gæja en held ég verði að víkja frá þessari reglu því annars mun ég aldrei eignast börn. Vonandi koma þau í framtíðinni. Maður er umkringdur börnum vinanna því Simmi, Jói, Sveppi og Pétur eru allir með börn og spyrja mig reglulega hvort ég sé nokkuð með vatnspung, svo ég er undir smá þrýstingi. Barneignir eru samt ekkert á dagskránni."

Þrátt fyrir að geta fíflast og grínast í sjónvarpi viðurkennir Auddi að hann sé í rauninni feiminn, allavega við ókunnuga. „Ég er opinn og kátur á mínum heimavelli en feiminn við fólk sem ég þekki ekki og virðist því stundum hrokafullur," segir hann en bætir við að hrokinn sé misskilinn. „Sjálfstraustið er í góðu lagi í því sem ég er að gera, annars gæti ég líklega ekki unnið þessa vinnu." Eins og flestir vita er Auddi frá Sauðárkróki. Hvort hann gæti hugsað sér að flytja aftur heim segir hann það ekki koma til greina í nánustu framtíð. „Kannski í ellinni þegar ég verð kominn með þrjú börn sem geta séð um pylsuvagninn á meðan ég stjórna á bak við tjöldin," segir Auddi brosandi.

indiana@frettabladid.is

AUÐUNN BLÖNDAL „Sjálfstraustið er í góðu lagi í því sem ég er að gera, annars gæti ég líklega ekki unnið þessa vinnu." MYND/HÖRÐUR

SÆT SAMAN Auddi vill lítið sem ekkert tjá sig um ástina í lífi sínu en Lilja kærastan hans birtist í fyrri þáttaröðinni af Tekinn. Hún verður þó ekki með í ár.

NATURALIS

Grillo burðarvagnar

Hjá DeDion færðu breiða línu sláttuvéla og burðarvagna á beltum og hjólum. frá hinum þekkta smávélaframleiðanda Grillo á Ítalíu.

Auðveldaðu þér verkið. Auktu á hagkvæmni í rekstri með Grillo vinnuvélum.

Tækin frá Grillo eru einstaklega vel hönnuð og hugsuð til að vinna sem best með stjórnandanum. Við hönnunina er einnig tekið tillit til aðgengis þegar þjónusta þarf vélina, það styttir tímann sem vélin þarf að vera frá störfum vegna viðhalds. Grillo vélarnar smellpassa fyrir landbúnað, golfvelli, íþróttasvæði og verktaka. Hafðu samband við DeDion. Veldu Grillo fyrir öruggari rekstur.

Aflaðu þér nánari upplýsinga
Kíktu á netið: www.grillo.is

DeDion | Draupnisgötu 7L | 603 Akureyri
Sími 462 6900 | dedion@dedion.is | www.dedion.is

DeDion
Smávélar & Þjónusta

haustferðir

FÖSTUDAGUR 31. ÁGÚST 2007

Hótel Aldan

Seyðisfjörður er vaxandi ferðamannastaður þar sem gott er að dveljast sumar og haust. **BLS. 10**

Yfirhafnir í úrvali

Mörg góð tilboð

Jakkar aðeins 2 verð

2.900
5.900

50%
afsláttur af öllum síðum kápum

Stuttkápur 2.900

Regnkápur 2.900

TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6, Sími 588-5518

Opnunartími :
Laugardagur 10 - 16
alla virka daga 10 - 18

Rómantískir Þingvellir

Hótel Valhöll á Þingvöllum er vafalítið með þekktustu hótelum landsins. Í dag er það rekið af einkaaðilum sem leggja metnað sinn í hlýlegar og glæsilegar innréttingar, höfðinglega þjónustu og góðan mat og reynir þannig að standa undir nafninu sem því var gefið, enda er Valhöll griðastaður forfeðra okkar úr goðheimum.

Kristbjörg Kristinsdóttir hótelstýra tók við rekstrinum fyrir tveimur árum, en hún er öllu vön þegar kemur að hótelrekstri því hennar fyrra starf var á Hótel Borg.

„Við maðurinn minn, Agnar Róbertsson, tókum við Valhöll árið 2005 og alveg frá upphafi var stefnan sú að hafa þetta rólegt og rómantískt sveitahótel," segir Kristbjörg sem er viðskiptafræðingur að mennt.

Ótal Íslendingar hafa sopið sunnudagskaffið sitt á Hótel Valhöll og tilkomumikið að fara á Þingvöll að skoða haustliti þegar vel viðrar. Fyrir sérlegt áhugafólk um náttúruskoðun sem kýs að gefa sér örlítið meiri tíma bendir Kristbjörg á rómantískar nætur sem innihalda gistingu og þriggja rétta kvöldverð. „Á sumrin er tilboðið á 24.500 en vetrarverðið er 19.500 krónur fyrir parið. Yfir dimmustu vikur ársins er ekki hefðbundinn opnunartími og því hvetjum við fólk til að slá á þráðinn áður en það kemur hingað hvort sem er í kaffi eða gistingu," segir valkyrjan Kristbjörg að lokum.

margret@frettabladid.is

Kjúklingasalat með furuhnetum og basiloliu að hætti Valhallar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kristbjörg Kristinsdóttir hótelstýra leggur áherslu á sveitarómantíkina í Valhöll.

Baðstofan er eitt af betri herbergjum hótelsins. Sérlega íslensk, sveitaleg og sæt. Hvorki sjónvarp né útvarp eru á herbergjum svo að gestir fái notið kyrrðarinnar í botn.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lagt er upp úr rómantískri stemningu í brúðarsvítu hótelsins en eigendurnir sáu sjálfir um að velja innanstokksmuni með aðstoð góðra vina.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

EKTA GISTING OG SPORT
við Akureyri

VAÐLA VILLAN LÚXUSHÚS Í HEIÐINNI

- Húsið er aðeins örfáa kílómetra frá Akureyri
- Kyrrð og ró með frábæru útsýni yfir Akureyri og Eyjafjörð
- Fullbúið hús með þremur herbergjum og svefnlofti, vönduðum innréttingum og búnaði
- Heitur pottur og hiti í gólfum, stór verönd og grill
- Leigist minnst í tvær nætur í einu

Höfum milligöngu um sjóstangveiði og hestaferðir.

Kjörið fyrir brúðhjón, fjölskyldur, starfsmannafélög eða aðra sem vilja eiga notalegar stundir í stórkostlegu umhverfi.

Upplýsingar veitir Eva Reykjalín netfang: evareykjalin@simnet.is
eða Elvar í síma 892 9795

EKTA Fiskur

Barinn hefur fengið nýtt útlit sem aðrar vistarverur hótelsins.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Innan skamms munu Þingvellir skarta sínu fegursta en haustlitaferð í þjóðgarðinn er með því skemmtilegasta sem margir vita.

SKJÓLVEGGUR

Gerð: Cintamani Andrea
Litir: Beinhvítur, burnt orange, svartur
Efni: Pontetorto - No Wind Teflon
Verð: 19.990 kr.

CINTAMANI

CINTAMANI OUTDOOR STORE // LAUGAVEGUR 11

SPJARAÐU ÞIG!

Litla apótekið í Köben hefur laðað til sín gesti síðan 1720.

● LÖNGUM ATHVARF SKÁLDA Det lille Apotek er virðulegur og kósí veitingastaður í hjarta Kaupmannahafnar. Hann er sá elsti í borginni, opnaður 1720, en áður hafði verið alvöru apótek í húsnæðinu. Litla apótekið er aftan við Vorrar Frúarkirkju, í kjallara við Store Kannikestæde 15. Sá kjallari var einn af fáum sem ekki urðu eldi að bráð á þessu svæði.

Sem krá hefur Litla apótekið verið vinsælt af menntamönnum og skáldum í gegnum tíðina, enda aðeins steinsnar frá hinum gamla Kaupmannahafnarháskóla. Eflaust hafa þeir Íslendingar sem námu fræði sín við skólann tæmt þar marga kolluna og hugsað heim til ættjarðarinnar, jafnvel ort þar ljóð henni til dýrðar.

Nú er áherslan ekki síst lögð á góðan mat í Litla apótekinu, meðal annars ekta danskan kost eins og síld, smurbrauð og svínasteik, og einnig má mæla með steinasteikinni.

Mögnuð Montreal

Heimsferðir halda áfram að bjóða beint flug til Montreal í Kanada í haust.

Íslendingar eiga mikið í Kanada og margt sameiginlegt með Kanadabúum. Fram eftir hausti munu Heimsferðir halda áfram að bjóða beint flug til Montreal í Quebec-héraði, en í sumar var byrjað að fljúga þangað með beinu leiguflugi í fyrsta sinn á Íslandi.

Montreal er sannkölluð heimsborg með iðandi menningarlífi og hefur með réttu verið nefnd París Norður-Ameríku. Í henni fangar augað dásamlega blöndu af fallegum gömlum byggingum og háhýsum nútímans. Borgin á sér 400 ára sögu og er önnur stærsta frönskumælandi borg í heimi á eftir París, nema hvað í Montreal tala allir ensku.

Miðborgin er nútímaleg með breiðgötum, verslunargötum, veitingastöðum, skemmtistöðum, söfnum og litlum listagalleríum, en gamli bærinn er umvafinn dulúð og rómantík. Þar má finna fallegar smáverslanir, kaffihús, gallerí og veitingastaði, en Montreal hefur verið ein helsta miðstöð matarmenningar í Norður-Ameríku með ómótstæðilegu úrvali alþjóðlegra veitingastaða. Kvöld- og næturlíf borgarinnar er líflegt og kennir margra grasa, en fjöldinn allur af klúbbum og börum býður upp á lifandi tónlist á hverju kvöldi.

Frá Montreal er stutt að skjótast til útivistarparadísarinnar Mont Tremblant, sem er lítill fallegur bær sem minnir um margt á sjarmerandi fjallaþorp Alpanna og stendur við Tremblant-vatnið. Þangað kemur fólk á öllum árstíðum til að njóta lífsins lystisemda við afþreyingar af öllu tagi.

Meðal annarra nýjunga hjá Heimsferðum í haust eru borgarferðir til Riga í Lettlandi og fjölda annarra áfangastaða; ferðir til Jamaíka og Kúbu, lúxussiglingar, aðventuferðir til Stuttgart og Heidelberg, en mikið er nú þegar um bókanir í komandi haustferðir. *thordis@frettabladid.is*

Cirque du Soleil á rætur að rekja til Monreal.

Gamli bærinn í Montreal er mikið notaður við brúðarmyndatökur.



Hjólarómantík í töfrandi Montreal. FRÉTTABLAÐIÐ/LÁRUS KARL INGASON

Matur, ljós og list

Veitingastaðurinn La Fermette Marbeuf er vel þess virði að heimsækja þegar leiðin liggur til Parísar. Fyrir utan fínan franskan mat og frábæra þjónustu býður hann upp á sannkallaða veislu fyrir augað.

Staðurinn hóf göngu sína árið 1898 en stuttu síðar var hann tekinn í gegn af ungum og hæfileikaríkum arkitekt, M. Hurté, og málaranum Viel Horski, sem skreyttu hann listilega í hólf og gólf. Í tímans rás var staðnum breytt og listaverkin hulin en þau voru enduruppgötvuð fyrir tilviljun í framkvæmdum árið 1978.

Staðsetningin er góð því La Vermette Marbeuf er við 5, Rue Marbeuf örskammt frá Champs-Elysées, götunni sem Sigurboginn er við.

La Fermette Marbeuf er íburðarmikill matstaður.

Til Rhodos frá Akureyri

Jómfrúarferð flugfélagsins Primera Air frá Akureyrarflugvelli verður farin laugardaginn 1. september þegar nemendur Menntaskólans á Akureyri halda í útskriftarferð sína til Rhodos í Grikklandi.

Flugið er á vegum Heimsferða og segir Bjarni Ingólfsson, markaðsstjóri Heimsferða, beina flugið frá Akureyri hafa fengið afburða góðar viðtökur og selst upp nær samstundis, enda ótvírætt mikið hagræði og sparnaður fyrir Norðlendinga að eiga kost á beinu flugi frá Akureyri. Auk þessa fyrsta beina flugs Primera Air verður flogið í september með farþega beint frá Akureyri til Costa del Sol á Spáni. Heimsferðir munu svo í vaxandi mæli halda áfram að bjóða beint flug frá Akureyri á nýja árinu, bæði til vinsælla borga í Evrópu sem og sólarlanda.

Primera Air er þriðja stærsta ferðaskrifstofa Norðurlanda og í eigu Primera Travel Group. Í eigu félagsins eru meðal annars Heimsferðir og Terra Nova á Íslandi. Íslenska flugfélagið JetX annast allt flug Primera Air, bæði frá Íslandi og hinum Norðurlöndunum.

Primera

LJÚFFENG LJÓSANÓTT

Atlastaðafiskur er ungt en framsækið fyrirtæki í Reykjanesbæ sem séhæfir sig í vinnslu og verkun á hágæða sjávarfangi. Fyrirtækið selur sjávarfang til bestu veitingahúsa landsins.

Komdu og kíktu í Atlastaðatjaldið á Ljósanæturhátíðinni, við verðum með ljúffenga humarsúpu ásamt hollustu úr hafinu.

FÖSTUDAGSKVÖLD:

Frí humarsúpa fyrir gesti og gangandi milli kl. 20:30 og 22:00

Gestakokkur Valdimar Axelsson
Syngjandi kokkar, Halli og Maggi í Tjaldinu.
Árni Johnsen kíkir við um 21:00.
Undirleikari Árni Brynjólfur.
Handverkskonan Margrét Símonardóttir, sýnir verk sín.

LAUGARDAGUR:

Er vinningur í humarsúpunni þinni?

Gestakokkur Geiri úr Grindavík lumar á spennandi sjávarrétt.

Syngjandi kokkar, Halli og Maggi í Tjaldinu.

Handverkskonan Margrét Símonardóttir, sýnir verk sín.

ÞEIR SEM KAUPA HUMARSÚPU Á LAUGARDAG GETA ÁTT VON Á SKEMMTILEGUM GLAÐNINGUM FRÁ:

Hótel Glym, Silfri - Hótel Sögu, Kaffi Bístró, Vín og skel, Olís, Besta, Strikinu - Akureyri, Perlunni - Reykjavík, Einari Ben og Hótel Holti

GLYMUR · silfur · HOTEL HOLT · BISTRO · PERLAN · Einar Ben

Við bjóðum þér í ljúffenga humarsúpu. Kíktu í tjaldið hjá Atlastaðafisk á föstudagskvöldið, beint á móti Svarta pakkhúsinu milli kl. 20:30 og 22:00

JÚLLS SJÁVARFANG

Bílahornið hjá Sissa

FLUTNINGAÞJÓNUSTA GUNNARS ehf

H.H. Veitingar ehf.

EIMSKIP

Nesprýði

Oddgeir Karlsson Ljósmyndari

O.S.N. LAGNIR ehf

Pípulagnir Benna Jóns ehf.

danól

SJÓVÁ

STUÐLABERG FASTEIGNASALA

Sælkera-dreyfing Vélsmiðja Ása

Matstofa Kópavogs

RAFHOLT

VÍNHEIMAR WINEWORLD

GLEÐILEGA LJÓSANÓTT

JÚLLS SJÁVARFANG

Komið í nýja höfn á hverjum morgni

Skemmtiferðaskip sjást gjarnan við hafnir landsins á sumrin. Nú er röðin komin að okkur að stíga um borð hjá Úrvali-Útsýn, sem býður ferðir með skipafélaginu Silver Sea.

„Ísland komst í kynni við skipafélagið í gegnum söluaðila fyrir Norðurlöndin sem halda til í Danmörku. Félagið er með söluaðila víða um heim og nú er röðin komin að Íslandi," segir Þorsteinn Guðjónsson, forstjóri Úrvals-Útsýnar.

Skipafélagið er ítalskt og siglir út um allan heim. Meirihluti farþega er frá Bandaríkjunum. „Evrópski markaðurinn hefur farið sívaxandi og þess vegna vaknaði áhugi hjá félaginu að leita inn á íslenska markaðinn," segir Þorsteinn, sem segir félagið vera með fjögur skip og eitt í byggingu.

Farþegar geta farið um borð hvar sem er í heiminum og að sögn Þorsteins eru mjög fjölbreyttar ferðir í boði.

„Fólk fer bæði í styttri ferðir í eina til tvær vikur og upp í heimsreisur sem vara í fleiri mánuði þar sem fólk nánast skiptir um lögheimili tímabundið," segir Þorsteinn hlæjandi.

Hann segir ferðirnar hafa fengið góðar móttökur meðal Íslendinga sem þegar hafa látið sjá sig um borð. „Markhópurinn fram að þessu hefur verið rúmlega fimmtugur hjá Silver Seas. Hópurinn er hins vegar að yngjast og við bjóðum einnig upp á aðrar siglingar með afþreyingu sem höfðar meira til yngra fólks," segir Þorsteinn, sem segir einnig mikið um að fólk sigli í tilefni stórra tímamóta. „Það er mikið um að fólk haldi upp á brúðkaup með siglingu. Einnig að fólk fagni merkisafmælum og taki þá fjölskylduna með," segir Þorsteinn.

Silver Wind, eitt af skipum félagsins, kom við í Reykjavík á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Vistarverur skipanna eru margar hverjar eins og bestu hótelsvítur, búnar DVD-spilurum, þráðlausu neti og svölum.

Um borð í skipum Silver Sea er hægt að bregða undir sig dansfætinum að loknum kvöldverði.

Hann segir þó nokkra hefð fyrir siglingum meðal Íslendinga og telur það vera að færast í vöxt.

„Það hefur alltaf verið viss sjarmi yfir siglingum, allt frá ferðum Goðafoss á sínum tíma. Þetta er sérstakur ferðamáti sem er allt öðruvísi en sólarlandaferðir og hefur alltaf tengst ákveðnum lúxus," segir Þorsteinn, sem segir flesta Íslendinga kjósa sólríkari slóðir en Ísland.

„Flestir Íslendingarnir hefja siglinguna með flugferð og síðan er farið um borð á sólríkari slóðum. Þó er eitthvað um að farið sé um borð hérlendis," segir Þorsteinn, sem segir marga kjósa siglingar út af þjónustunni.

„Farþegarnir þurfa aldrei að borga um borð. Fólk pantar og greiðir ferðina fyrirfram þar sem langflest er innifalið, til að mynda þjónusta, matur, drykkir og skemmtun. Þetta kemur í veg fyrir álag sem skapast á ferðalögum þegar fólk veltir fyrir sér hve miklu það er búið að eyða," segir Þorsteinn, sem segir skipið bjóða upp á gríðarlegt úrval matsölustaða, leikhús, spilavíti, heilsulind, sundlaug, hlaupabraut og bari.

Á siglingunni er komið við í ýmsum löndum þar sem gestir geta ýmist farið í skoðunarferðir, spilað golf eða jafnvel fylgt kokkinum í land til að skoða matarmenningu.

„Þetta er tilvalið fyrir fólk sem vill fara á heimshornaflakk, enda eins og að vera á hóteli þar sem þú vaknar í nýju landi á hverjum morgni," segir Þorsteinn.

rh@frettabladid.is

Viðhaldsfríar
ÞAKRENNUR
Þegar hús eru klædd með „viðhaldsfrírri" klæðningu er nauðsynlegt að nota „viðhaldsfríar" þakrennur.
Rennurnar frá Grövik Verk í Noregi eru gerðar úr 0,9 mm áli og tærast ekki, ryðga, né brotna.
Fyrsta rennan var framleidd árið 1956 og er enn í notkun.
Litir til á lager: Svartar, hvítar, rauðbrúnar og ólitaðar.
Hágæða
Varmaskiptasamstæður
loftræstistokkar og tengistykki
HAGBLIKK ehf.
Smiðjuvegi 4C
Box 281 202 Kópavogur
Sími 587 2202 Fax 587 2203
hagblikk@hagblikk.is www.hagblikk.is
Augl. Þórhildar 1460.24

Raggi Bjarna
Bogomil
Bjarni Ara
Stebbi Hilmars
Laddi

MILLARNIR

Nýr geisladiskur !

Inniheldur m.a. lagið ***Milljarðamæringurinn*** með Ladda.

Fyrsta upplag seldist upp á einum degi.
Annað upplag á leið í verslanir.

Músik ehf.

Siglt á vit heilsunnar

Sigga Dóra skipuleggur heilsu-og lífsstílsnámskeið fyrir konur í Orlando.

● LIFÐU LÍFINU LIFANDI

kallast lífsstíls- og heilsunámskeið sem standa til boða konum sem vilja komast frá amstri dagsins og njóta heilbrigðs lífernis í sólinni.

Námskeiðin fara fram í Kissimee í Orlando. Innifalið í námskeiðunum er gisting í tveggja manna herbergjum í átta herbergja lúxusvillu, persónuleg þjálfun, fyrirlestrar um næringu, líkamsþjálfun og sjálfstyrkingu og morgun- og hádegisverður ásamt tveimur millimáltíðum hvern dag. Aðgengi er að einkasundlaug og allri nauðsynlegri aðstöðu vegna námskeiða auk þess sem kvennanna bíður óvæntur glaðningur.

Næstu námskeið verða 6. til 13. nóvember og 14. til 21. nóvember 2007.

Þjálfari og skipuleggjandi ferðanna er Sigga Dóra, FIA einkaþjálfari, Rope Yoga kennari, lífsstílsleiðbeinandi og hárgreiðslumeistari. Auk hennar verða Sigríður Klingenberg spákona og Ragnheiður Guðfinna með í för og því von á töluverðri gleði.

Nánari upplýsingar www.lifsstillogheilsa.net

Að vakna í dögun, fara út á dekk til að gera jóga og pilates-æfingar, borða lífrænt ræktaða ávexti og fara svo inn að leggja sig áður en lagt verður í dagsferð til Jamaíka – hvern dreymir ekki um slíkt?

Kannski er til fólk sem myndi yppta öxlum við slíku kostaboði, en þó verða þeir sífellt fleiri sem taka heilbrigðan og uppbyggilegan lífsstíl fram yfir þann sem einkennist af sinnuleysi. Því getur lýsing á fríi sem þessu hljómað sem „algjör draumur“ í eyrum þessa sívaxandi hóps. Hóps sem kýs að koma endurnærður til baka úr fríinu í stað þess að þurfa að taka aukalega á því í ræktinni.

Sérhæfð þemu á skemmtiferðaskipum eru ekki nýbreytni. Þetta hefur tíðkast um árabil í þeim iðnaði en fyrir mörgum Íslendingum er slíkt áður óþekktur valkostur. Frá Bandaríkjunum, sér í lagi Flórída, sigla daglega ótal skemmtiferðaskip sem flest halda til eyjanna í Karíbahafi og á meðan verið er að sigla þarf fólk að finna sér eitthvað til dundurs.

Fyrirtækið „A taste of health“ er meðal þeirra sem bjóða slíkar ferðir og er af mörgum talið fremst meðal jafningja enda hefur það boðið upp á sérhæfð heilsunámskeið í um tuttugu ár.

Á vegum „A taste of health“ er reglulega siglt til Karíbahafs frá Miami og á meðan dvalið er um borð er hægt að njóta fyrirlestra og taka á heilsunni sem aldrei fyrr. Meðal annars er boðið upp á fjölbreytta einkakennslu, matreiðslunámskeið, nálastungur, margs konar nudd, jóga, chi qung, hugleiðslu, pilates, leikfimi, lóðalyftingar og margt, margt fleira. Kennarar og fyrirlesarar eru valdir vel en sem dæmi um þá má nefna dr. Benjamin Spock og Deepak Chopra sem skrifaði Lögmálin sjö um velgengni.

Vert er að benda á að það eru margir fleiri sem sérhæfa sig í heilsusiglingum og verðið getur verið mismunandi en hægt er að reikna með um 100-150.000 fyrir vikusiglingu með mat og kennslu í margs konar tímum.

Áhugasamir um slíkar ferðir ættu að nota netið til að kynna sér meira um efnið og slá þá inn leitarorð á borð við „health cruise“ eða „holistic cruise“ en heimasíða A taste of health er www.atasteofhealth.org

margret@frettabladid.is


Sérhæfðar skemmtisiglingar þar sem hugað er að heilsunni með mataræði og líkamsrækt verða æ vinsælli valkostur í fríum.

Rómantíska Riga

Plúsferðir bjóða spennandi nýjung í borgarferðum í haust með fjögurra daga ferð til Riga, höfuðborgar Lettlands, hinn 11. október.

Riga er rómantísk, falleg og áhugaverð sem áfangastaður. Kaupglaðir finna allt sem hugurinn girnist í verslunum borgarinnar; næturlífið er spennandi og nokkrir af bestu veitingastöðum Evrópu eru í Riga. Íbúar Riga eru með eindæmum gestrisnir og leggja allt undir til að gera ferðina innihaldsríka og ánægjulega fyrir gesti sína. Mikill uppgangur er nú í Lettlandi og mælist þar hraðasti efnahagsvöxtur í Evrópu, sem ekki fer framhjá þeim sem heimsækja höfuðborgina.

Menningarlíf er bæði margbrotið og lifandi og endurspeglast það í fjölbreyttu framboði. Ómótstæðileg blanda borgarlífs, verslunar, menningarlífs og lágs vöruverðs laðar að sér himinlifandi ferðamenn. Farareyrir endist lengi í Riga því verðlag er miklum mun lægra en það sem Íslendingar eiga að venjast heima.

Hjarta Riga geymir svo sögu landsins, eins og títt er um elstu bæjarhluta evrópskra borga. Gamli bærinn er yndisfagur með rólegu og þægilegu andrúmslofti og hvarvetna má sjá minnisvarða, en þess má geta að miðbær Riga hefur verið færður á heimslista UNESCO.

Götumynd frá Riga.

Framtíðartækifæri fyrir iðnaðarmenn

Hvað gerir Fjarðaál að góðum vinnustað fyrir metnaðarfulla raf- og véliðnaðarmenn?

Fjölbreytt tækifæri á spennandi vinnustað

Í hátæknivæddu álveri Fjarðaáls starfar metnaðarfullur hópur tæknimenntaðra sérfræðinga. Takmark Fjarðaáls er að verða í fremstu röð á heimsvísu í meðferð og viðhaldi tækja. Allir starfsmenn fyrirtækisins taka þátt í að tryggja áreiðanleika tækjanna og viðhaldi er stýrt í samræmi við raunverulegt ástand þeirra. Iðnaðarmenn vinna í teymum og verkefnin eru fjölbreytt. Áhersla er lögð á frumkvæði og stöðugar endurbætur. Tækifæri til símenntunar og starfsþróunar eru óvíða fleiri.

Góð laun fyrir vaktavinnu eða dagvinnu

Í boði eru vakta- og dagvinnustörf fyrir raf- og véliðnaðarmenn. Góðir möguleikar eru á aukavinnu og viðbótartekjum fyrir þá sem þess óska.

Laun útlærðra iðnaðarmanna miðað við 15% árangursávinning	Vaktavinna 15 tólf tíma vaktir í mánuði	Dagvinna 40 stunda vinnuvika
Heildarárslaun	5,4 milljónir kr.	3,6 milljónir kr.
Mánaðarlaun	450 þúsund kr.	303 þúsund kr.
Meðaltímakaup	2.500 kr.	1.700 kr.

Öryggi og velferð starfsmanna ávallt í fyrirrúmi

Allt vinnufyrirkomulag miðast við að koma alfarið í veg fyrir vinnutengd slys og óþægindi. Iðjuþjálfi leiðbeinir um rétta líkamsbeitingu og nuddari heimsækir vinnustaðinn tvisvar í viku. Starfsmenn Fjarðaáls hafa aðgang að öflugri velferðarþjónustu sem nær meðal annars til læknisþjónustu og ráðgjafar á ýmsum sviðum. Starfsmenn fá hollar og góðar máltíðir í glæsilegu mötuneyti. Fjarðaál greiðir hverjum starfsmanni 12.000 kr. líkamsræktarstyrk árlega og leigir íþróttatíma í Fjarðabyggðarhöllinni. Boðið er upp á rútuferðir frá Reyðarfirði, Eskifirði, Norðfirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og Egilsstöðum. Fyrirtækið útvegar og þvær allan vinnufatnað starfsmönnum að kostnaðarlausu.

Kostnaðarlaus og auðveldur flutningur inn á svæðið

Þurfi starfsmaður að flytja inn á svæðið úr meira en 100 km fjarlægð frá vinnustaðnum greiðir Fjarðaál kostnað við kaup og sölu fasteigna, svo sem sölulaun, lántökugjald og stimpilgjöld. Fyrirtækið sér um að pakka búslóð, flytja hana og koma fyrir á nýju heimili. Með fyrsta launaseðlinum fær starfsmaður 200.000 kr. greiðslu til að koma sér fyrir á svæðinu. Fyrirtækið aðstoðar einnig nýja íbúa á svæðinu við að leigja húsnæði. Starfsmenn fá flugmiða með Flugfélagi Íslands á hagstæðum kjörum.

ÍSLENSKA SIA.IS ALC 38801 08.2007

capacent RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á þessu tækifæri ættir þú hiklaust að hafa samband við Sigurlaugu Þorsteinsdóttur hjá Capacent, í síma 540 1000 eða á netfangið sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is eða skrá umsókn þína á www.capacent.is og haft verður samband við þig.

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál

ALCOA

● PICASSO SAFNIÐ Í PARÍS

er nokkuð sem listunnandi á ferðalagi um borgina ætti ekki að missa af. Safnið sýnir þróun Picasso sem listamanns og er þar meðal annars að finna teikningar og skemmtilega skúlptúra sem sumir hverjir eru gerðir úr hnakk af reiðhjóli. Að sjálfsögðu eru þar fræg verk listamannsins, sem flest eru kennd við kúbisma, þá stefnu sem Picasso er þekktastur fyrir.

Safnið er í sögulegu húsi í fjórða hverfinu í París. Það er hæfilega stórt og tekur því aðeins brot úr degi að skoða allt safnið. Á eftir er kjörið að setjast á eitt af ótal kaffihúsum í grennd við safnið og gæða sér á frönsku kaffi og sætabrauði.

Vasaskipið á flot

Vasasafnið er meðal þess sem gaman er að skoða í Stokkhólmsstað. Standa andspænis þessum tígulega farkosti sem var svo hörmulega illa hannaður að hann sökk í sinni jómfrúarferð árið 1626 eftir tuttugu mínútna siglingu um sænska skerjagarðinn.

Gestir safnsins geta leikið sér að því í tölvu að breyta byggingu og hleðslu skipsins og athuga hvernig gengur að halda því á floti í stormi og stjórsjó.

Ef tilraunin mistekst má búast við skilaboðum eins og þessum frá tölvunni. „Þú ert ómögulegur verkfræðingur og ert rekinn úr þjónustu sænska konungsins.



Skipið er fagurlega skreytt.

Reyndu hjá þeim danska.“

Námskeið á Tenerife

Bjargey Aðalsteinsdóttir býður upp á vikunámskeið á Tenerife dagana 26. september til 3. október í samstarfi við Sumarferðir.

Bjargey Aðalsteinsdóttir íþróttafræðingur heldur lífsstílsnámskeið fyrir konur á Tenerife. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Námskeiðið er fyrir konur á aldrinum 25-63 ára og snýst um nýjan og betri lífsstíl.

Alla vikuna verður skemmtileg leikfimi, fyrirlestrar, gönguferðir, nudd og margt fleira sem byggir upp líkama og sál. Gestur Bjargeyjar í ferðinni er Sigríður Arnardóttir, Sírrý, fjölmiðlakona.

Á Bylgjunni er léttur leikur þar sem tvær heppnar konur geta unnið þátttöku í námskeiðinu. *- sig*

Gömul hús fá nýtt hlutverk

Hótel Aldan er fallegt hótel á Seyðisfirði þar sem gott getur verið að eyða helgi að haustlagi.

Hótel Aldan er í þremur sögulegum byggingum frá aldamótunum 1900 sem gerðar hafa verið upp og lagaðar að starfseminni. Húsin voru á sínum tíma flutt inn frá Noregi og byggð upp á Seyðisfirði og í þeim hafði verið margvísleg starfsemi. Eitt húsanna var til dæmis lengi verslun, annað fyrst hótel og síðan banki og það þriðja pósthús í einhvern tíma. „Aðalmarkmið endurbótanna var að finna þessum húsum hlutverk aftur auk þess sem hótel vantaði í bæinn,“ segir Dýri Jónsson, annar hótelstjóra Öldunnar.

Áður en Dýri og Klas Poulsen, sem rekur hótelið með honum, ákváðu að fara út í hótelrekstur í húsunum höfðu bæjarbúar, Sigurjón Sighvatsson, Seyðisfjarðarkaupstaður, Byggðastofnun og Lífeyrissjóður Austurlands tekið sig saman um að láta gera húsin upp. „Við leigjum síðan húsin af þessum aðilum en við vorum í skóla í Kaupmannahöfn og áttum að vinna nýsköpunarverkefni á sviði viðskipta þegar við sáum þetta tækifæri. Við fengum því að flytja okkur yfir á þetta frá verkefninu í Kaupmannahöfn af því við vissum að það vantaði að leggja línur með rekstur þó að búið væri að leggja línurnar með húsin. Þannig varð þetta að raunverulegu verkefni og við opnuðum hótelið meira að segja áður en við fórum og vörðum lokaverkefnið okkar,“ segir Dýri.

Ekkert mál er að komast í sjóstangveiði á Seyðisfirði.

Í húsnæði hótelsins er veitingastaður og í góðu veðri er hægt að sitja úti og hafa það gott.

Í næsta húsi er nuddkona sem býður upp á ayurvediskt nudd.

Aldan var opnuð í júlí 2003 og strax varð mikil aðsókn að hótelinu. „Síðan er þetta búið að vaxa og við erum farin að leita að enn fleiri sögulegum húsum svo við getum bætt við herbergjum,“ segir Dýri og hlær. „Við tökum á móti mörgum farþegum Norrænu og höfum einbeitt okkur svolítið að því að ná fjölskyldum á bílaleigubílum. Núna er alltaf fullt yfir sumarið en útlendingarnir eru mjög duglegir að bóka og þegar sólin skín og veðrið er fallegt fyrir austan fyllist líka allt af Íslendingum. Seyðisfjörður hefur alltaf verið með svolítið alþjóðlegan blæ, hér var mikið um að vera á síldarárunum og hernámsárunum og svo kom Norræna og tók við og hefur viðhaldið þessum alþjóðlega anda með gestum alls staðar að.“

Herbergin á Hótel Öldunni eru hugguleg.

Dýri segir að Seyðisfjörður sé alveg tilvalinn staður fyrir helgarferðir á haustin. „September er yndislegur mánuður til að heimsækja Seyðisfjörð. Það er svo fallegt hérna og mikið menningarlíf. Hér er hægt að fara í berjamó, sveppatínslu og veiði eða bara njóta haustlitanna og veðursins. Verðið á herbergjunum lækkar og veitingastaðurinn er opinn þannig að við getum alveg dekrað við fólk. Í gamla kjarnanum í kringum hótelið eru mjög skemmtilegar verslanir, rétt hjá er góður golfvöllur, sundlaug og íþróttaaðstaða og svo er hægt að fara í ayurvediskt nudd hjá indverskri nuddkonu hérna í næsta húsi. Það er bara yndislegt fyrir hjón að koma hingað í rómantíska ferð og hvíla sig og hafa það gott.“ *emilia@frettabladid.is*


SUND ER
LÍKAMSRÆKT
Sund er holl íþrótt sem reynir vel á alla helstu vöðva líkamans.
Sund er líka íþrótt sem hentar öllum aldurshópum og þú getur
stundað á þínum hraða – og á þínum forsendum.
AFGREIÐSLUTÍMI LAUGA
Virka daga frá kl. 6:30 - 22:30
Helgar kl. 8:00 - 22:00
Afgreiðslutími er mismunandi eftir
sundstöðum, sjá nánar á www.itr.is
Íslandspóstur hf. óskar eftir afgreiðslufólki til starfa á pósthús viðs vegar á höfuðborgarsvæðinu. Við leitum að sjálfstæðu, úrræðagóðu og þjónustulunduðu starfsfólki sem geta hafið störf fljótlega. Nánari upplýsingar gefa Heiða í síma 580-1263 og Herdís í síma 580 1128. Umsóknum skal skilað til: Íslandspóstur hf. Stórhöfða 29 110 Reykjavík Merkt: Afgreiðslustarf. Starfsumsókn er einnig hægt að fylla út á www.postur.is

Thorvaldsen

Vantar fólk í sal, bar og að þjóna. Duglegt og áreiðanlegt. Umsóknarfrestur rennur út 7. sept. Uppl. veitir Ásta í s. 698 8510.

Amokka kaffihús óskar eftir starfsmanni í hálft / fullt starf. Uppl. í s. 697 7160.

Óska eftir smiðum og verkamönnum í byggingarvinnu. Uppl. í s. 896 2801

Lítið verktakafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar að ráða starfsmenn eldri en 25 ára helst vana gifsveggjum, kerfissláttum, innihurðum og innréttingum. Mikil vinna framundan og góður mórall. Uppl. í s. 893 8985 & 896 9687.

Atvinna óskast

29 ára vanur gröfumaður óskar eftir starfi, má vera hvað sem er. S. 565 8827, Bjarki.

Hópur af langhendum smiðum vantar verkefni og geta gert allt, bæði innan sem utan húss. S. 661 6852.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

Kærleikssetrið

Kynningarfundur

Kynningarfundur í Kærleikssetrinu laugardaginn 1. sept. kl. 14. Kynnt verður vetrarstarfið og Kjarninn, mannræktarskóli Kærleikssetrs. Bryddað verður upp á ýmsum nýjungum í hópastarfinu. Allir velkomnir.
Uppl. og skráning í hópa er í Kærleikssetrinu s. 567 5088 & www.kærleikssetrid.is & kærleikssetrið@kærleikssetrið.is

Celebrity.is

Núna 17.000+ myndir af fræga fólkinu á flottum vef. Nýjar myndir daglega.

Matseld.is

Nýjar uppskriftir daglega á fallegum uppskriftavef.

Kokksinsdraumadjobb!

Matsvein vantar á MB-Mörtu Ágústsdóttir frá Grindavík til netaveiða. Aðeins vanir menn koma til greina. Uppl. í s. 894 2013 & 426 8286.

Einkamál

18plús.is.

XXX samfélag íslendinga á netinu. Sýndu þig, sjáðu aðra. Vertu velkomin/n. www.18plús.is.

GEYMSLUHÚSNÆÐI

Vetrargeymsla í Skagafirði

Erum með geymsluhúsnæði fyrir hjólhýsi, tjaldvagna og fleira í vetur.
Tekið á móti í sept.
Áhugasamir hafið samband í síma 823 1059.

Bakkafjöruhöfn, Bakkafjöruvegur og efnistaka
Drög að tillögu að matsáætlun

Sigligngastofnun og Vegagerðin kynna drög að matsáætlun, þar sem gerð er grein fyrir:

- Fyrirhuguðum framkvæmdum
- Umhverfisþáttum sem fjallað verður um í frummatsskýrslu
- Umfjöllunarefni frummatsskýrslu og rannskóknum sem ráðast á í vegna mats á umhverfisáhrifum

Drögin eru aðgengileg á heimasíðu Siglingastofnunar, www.sigling.is og Vegagerðarinnar, www.vegagerdin.is.

Hægt er að senda ábendingar og athugasemdir um drögin á netfangið stefan@vso.is.

Frestur til að senda inn ábendingar er til 14. september n.k.

Vegagerðin
Siglingastofnun Íslands

Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts auglýsir innritunardaga

Innritun í Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts verður í Breiðholtsskóla mánudag 3. og þriðjudag 4. september, kl.17 - 19 báða dagana.

ATH! Notið ekki aðalinngang heldur inngang að íþróttahúsi skólans.

Skólastjóri

Auglýsing um skipulag - Blönduósbær

Tillaga að deiliskipulagi íbúðarsvæðis við Hólabraut, Blönduósi

Bæjarstjórn Blönduósbæjar auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi Blönduósbæjar samkvæmt 25.gr. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997. Tillagan var samþykkt í bæjarráði Blönduósbæjar þann 13. ágúst sl.
Um er að ræða deiliskipulag á um 2,5 ha. svæði við Hólabraut á Blönduósi. Í gildandi aðalskipulagi fyrir Blönduós 1993–2013 er svæðið skilgreint fyrir íbúðabyggð sem liggur að útivistar og verndarsvæði. Deiliskipulagstillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar að Hnjúkabyggð 33 frá mánudeginum 3. sept. 2007 til föstudagsins 5. okt. 2007.
Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna, eigi síðar en 20. okt. 2007. Skila skal skriflegum athugasemdum fyrir þann tíma til skipulags- bygginga- og veitunefndar á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar.

Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan tiltekins frests telst samþykkur henni.

Bæjarstjóri Blönduósbæjar

TIL SÖLU

Til Sölu

Fiskbúðin Fiskbær í Reykjanesbæ er til sölu.

upplýsingar gefur Elía í síma 896-4744

FASTEIGNIR

ATVINNA

Vantar vana menn á hjólaskóflu og beltagröfu til starfa strax
Mikil vinna framundan.

Upplýsingar gefur Sölvi í síma 660-6100

ATVINNA Í BOÐI

Bifvélavirki eða maður vanur viðgerðum óskast til starfa á þjónustuverkstæði okkar á Selfossi.
Mjög snyrtileg og góð starfsaðstaða.
Uppl. veitir Eyjólfur eða Ingimar í s: 4808080 eða eyjoi@ib.is.

ib.is IB ehf. Selfossi
Sími 4 80 80 80 Fossnesti A 800 Selfossi

Skólaliði/ stuðningsfulltrúi

„börnin sér leika að skeljum á hól"

Óskum að ráða skólaliða /stuðningsfulltrúa til starfa fyrir skólaárið 2007-2008
(heilsdagsskóla - Frístund, gangavarsla, ræsting og aðstoð með nemendum í námi og leik. 60-100% starf)

Upplýsingar veitir skólastjóri í símum 540-4700, 821-5007, netfang er sveinbjorn.njalsson@alftanesskoli.is

Umsóknir með upplýsingum um nám og fyrri störf sendist Álftanesskóla.
Sjá einnig vef Álftanesskóla **www.alftanesskoli.is** og vef Sveitarfélagsins Álftanes **www.alftanes.is**

Laun eru samkvæmt kjarasamningum
Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Skólastjóri.

allt bílar
Alla laugardaga

ATVINNA

Krónan mín kæra

UMRÆÐAN
Íslenska krónan

BRYNJA B. HALLDÓRSDÓTTIR

Gjaldmiðill okkar Íslendinga frá 1885, krónan, er nú sem oft áður í brennidepli efnahagsumræðunnar. Forsvarsmenn og forstjórar allnokkurra stórfyrirtækja sem reka umfangsmikla starfsemi erlendis halda því fram fullum fetum að tími krónunnar sé liðinn og því sé innreið evrunnar tímaspursmál. Bankamenn, fræðimenn í háskólasamfélaginu og ýmsir sjálfskipaðir samfélagsrýnar taka í sama streng.

Evran með eða án ESB?

Sífellt fleiri virðast vera þeirrar skoðunar að einhvers konar tenging við evru væri heppilegri kostur en núverandi peningastefna. Margir vilja taka upp evru, jafnvel án þess að ganga í Evrópusambandið. Um það má gjarnan deila hvort hægt sé að taka upp evru án þess að ganga í ESB en Gabriel Steil, sérfræðingur hjá Lombard Institute í London, heldur því fram að slíkt sé hægt. Á ráðstefnu á vegum RSE sem haldin var í síðustu viku sagði hann: „You would be mad to join the EU and if you do, don't say you weren't warned." Ég er hjartanlega sammála honum að því leyti, að það væri brjálæði að ganga í Evrópusambandið.

Sjálfstæð efnahagsstjórn fyrir lítið

Ástæðan fyrir stöðugleika og háu gengi evrunnar er það traust sem fólk hefur á henni. Ef hún glatar þessu trausti fer stöðugleikinn fyrir lítið og má gera ráð fyrir ýmsum slæmum afleiðingum. Muni Ísland taka upp evruna og afsala sér sjálfstæðri efnahagsstjórn, getum við ekki brugðist við þessum afleiðingum og neyðumst til að þola hitann og þungann af sveiflum á evrópskum mörkuðum.

Gott ástand

Efnahagsástandið á Íslandi hefur sjaldan verið betra en í dag. Verðbólgan er 3,4% og Seðlabankinn spáir því að ná verðbólgumarkmiðum sínum, 2,5%, á næsta ári. Atvinnuleysi hefur aldrei verið minna; 0,9% í júlí. Verg þjóðarframleiðsla á mann er með því hæsta sem gerist í heiminum en hún er helsti mælikvarðinn á hagvöxt. Skattaumhverfið er tiltölulega samkeppnishæft og gott fyrir fjölbreytta atvinnusköpun.

Hverju á að áorka?

Á Ísland við stórfelld efnahagsleg vandamál að etja? Á upptaka evru að „bjarga" Íslandi frá þeim? Sé litið á þessar lykiltölur hér að ofan, má auðveldlega draga þá ályktun að ástandið sé skrambi gott. Einhverjir kynnu að segja að ástandið gæti orðið enn betra. Hverju viljum við ná fram með upptöku annars gjaldmiðils? Lækka viðskiptahalla? Lækka vexti? Auka hagvöxt? Minnka atvinnuleysi?? Áður en ráðamenn hlaupa upp til handa og fóta og skipta um gjaldmiðil þarf að koma því á hreint hverju nýr gjaldmiðill á að áorka. Krónan er bara of kær til að vera látin lönd og leið að ástæðulausu.

Höfundur situr í stjórn Ungra Vinstri grænna og Heimssýnar.

BRÉF TIL BLAÐSINS

Opið bréf til umboðsmanns barna

Jón Jónsson, fyrrverandi vagnstjóri, skrifar:

Nú líður senn að því að blessuð börnin byrji í skólanum á ný eftir stutt sumarfrí. Ég man þá tíð er börnin höfðu næstum 4 mánuði í frí. En af hverju skyldi sumarfrí skólabarna hafa styst svona mikið? Svar: Kjarasamningar kennara við sveitarfélög! Hvað koma kjarasamningar kennara blessuðum börnunum við? Ég mótmæli harðlega svona vinnubrögðum skólayfirvalda. Sonur minn, 14 ára, er í Árbæjarskóla og við upphaf hvers skólaárs fær hann bók - svonefndan „Skólalykil Árbæjarskóla". Í þessum „skólalykli" er meðal annars skóladagatal. Neðst í því er eftirfarandi málsgrein: „Skv. Kjarasamningi Kennarasambands Íslands og launanefndar sveitarfélaga skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á skólaárinu eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum."
Ég er ekki að skrifa þessa grein í eiginhagsmunapoti, heldur er ég að reyna að halda á lofti rétti barna til aukins sumarleyfis, sem mér finnst allt of stutt. Sumarið á Íslandi er nú ekki mjög langt en mér finnst að börnin okkar hafi betra af því að njóta sumarsins en hanga inni í skólastofum. Kjarasamningar kennara eru mál Kennarasambandsins og viðsemjenda þeirra og koma blásaklausum börnum bara ekkert við. Ég vil að börn fái fulla 4 mánuði í frí, þ.e. maí - júní - júlí - ágúst. Síðan þarf að gera námsefni mun einfaldara og leggja höfuðáherslu á: Íslensku - stafsetningu - ensku - reikning - landafræði, en leggja niður kristinfræði - Íslendingasögur - dönsku, já ég sagði DÖNSKU! Vissuð þið að íslenska ríkið fær borgað frá danska ríkinu fyrir að halda uppi dönskukennslu í íslenskum skólum, 5 milljarða á ári!!! Þetta er hneyksli! Ég vil með þessu bréfi óska þess að umboðsmaður barna á Íslandi taki af alvöru á þessu orlofsmáli barna. Börn eru líka fólk með réttindi! Við skulum virða þessi réttindi en ekki troða á þeim bara vegna græðgi kennara og nísku sveitarfélaga.

Þjóðverjar og loftvarnir Íslands

Guðmundur Jónas Kristjánsson bókhaldari skrifar:

Eftir að NATO hefur nú samþykkt að koma að eftirliti með lofthelgi Íslands, á eftir að útfæra það eftirlit nánar, og ákveða hvaða NATO-ríki komi þar að máli. Fyrir liggur að bæði Norðmenn og Danir eru tilbúnir til að taka þar þátt. Í maí sl. fóru fram viðræður við Þjóðverja, en þeir hafa sýnt áhuga á að koma að loftvörnum Íslands. Sú staðreynd, að þýzkar herflugvélar komu næst mest til millilendinga á Keflavíkurflugvelli, áður en bandarískri herinn hvarf af landi brott, hlýtur því að vega mjög þungt nú þegar valið kemur að því hvaða þjóðir munu taka þátt í eftirliti NATO með lofthelgi Íslands. Þýzkaland er í dag eitt öflugasta herveldi NATO, auk þess að vera eitt af forysturíkjum Evrópusambandsins. Íslendingar og Þjóðverjar hafa haft með sér ævaforna vináttu og sterk menningarleg tengsl. Þau tengsl þurfa að eflast verulega í náinni framtíð, og ekki síst á hinu pólitíska sviði. Aðkoma Þjóðverja að loftvörnum Íslands yrði mikilvægt skref í þá átt.

FERSK LÚXUS KJÚKLINGABLANDA: 3 BRINGUR
3 LEGGIR
3 VÆNGIR
Ferskir bitar og bringur
35% afsláttur við kassann
FERSK LÚXUSBLANDA kílóverð nú:
853 KR.
Merkt verð 1313KR.
EKKERT BRUÐL
Kílóbrauð!
98 KR.
HEILT KÍLÓ!
26 SNEIÐAR
Smyrill 300g
89 KR.
Pascual safi
59 KR.
200 ml
Símjúkur Smyrill
Birgjum okkur upp í Bónus!
3 Svalar í pakka
68 KR.
Veljið sjálf!
Bónusísinn vinsæli á sértilboði!
Súkkulaði Ís
2 lítrar
179 KR.
Djöflaterta
Hálf djöflaterta
298 KR.
445g
Stoltið hans Stjána bakara!
500g
59 KR.
smjörlíki
Smjörlíkið í baksturinn og steikinguna!
EUROSHOPPER
grænmeti í kílópakkningum
Frosið grænmeti
kílóverð nú:
198 KR.
Dunkur 1.2 kg
Haframjöl
159 KR.
1,2 kíló!
Quick Oats
Hafragrautur er hollur og ódýr líka!

Hamborgarhryggur

BÓNUS HAMBORGARHRYGGUR
KÍLÓVERÐ NÚ:
898 KR.
Merkt verð 998KR.

Bónus býður betur!

Hálfúrbeinuð og skinnlaus kjúklingalæri

Hálfúrbeinuð skinnlaus læri
kílóverð nú:
600 KR.
Merkt verð 1000KR.

40% afsláttur við kassann

Innflutt ferskt ungnautahakk

Ferskt innflutt ungnautahakk
859 KR.
kílóverð

FERSKAR KJÖTVÖRUR

Kryddlegnar svínakótelettur

40% afsláttur við kassann

Ferskt innflutt ungnautahakk

Svínakótelettur grillkryddaðar
kílóverð nú:
1019 KR.
Merkt verð 1698KR.

Ferskt lambafille af nýslátruðu

EKKERT BRUDL

...fyrir góðan dag!

Ferskt lambafille
kílóverð nú:
2398 KR.
Merkt verð 2998KR.

20% afsláttur við kassann

Ferskar íslenskar bringur

Holta- kjúklingur

FERSKAR HOLTABRINGUR
kílóverð nú:
1498 KR.
Merkt verð 2408KR.

38% afsláttur við kassann

Ferskt lambalæri af nýslátruðu

FERSKT LAMBALÆRI
KÍLÓVERÐ NÚ:
975 KR.
Merkt verð 1298KR.

2 lítrar
85 KR.
Coca-Cola Zero

...fyrir góðan dag!

25% afsláttur við kassann

PÓSTLISTINN
bonus.is

ERAN/Landlist

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

DÍANA PRINSESSA LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1997

„Ég verð að eiga mér stað þar sem ég get fundið sálarró.“

Díana prinsessa af Wales lést í bílslysi þennan dag fyrir tíu árum, aðeins 36 ára gömul.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST 31. ÁGÚST 1805

Steinunn Sveinsdóttir lést

Steinunn Sveinsdóttir frá Sjöundá lést í fangelsi í Reykjavík, 36 ára að aldri, á þessum degi árið 1805. Hún hafði verið dæmd samsek Bjarna Bjarnasyni um að myrða konu hans og mann sinn.

Árið 1802 voru tveir myrtir á bænum Sjöundá við Rauðasand þar sem tvenn hjón bjuggu. Bjarni Bjarnason og Guðrún Egilsdóttir bjuggu á hálfri jörðinni og Jón Þorgrímsson og Steinunn Sveinsdóttir á hinum helmingnum.

Jón hvarf í apríl árið 1802 og var talið að hann hefði hrapað fyrir björg, en þegar Guðrún andaðist skyndilega í júní, komst sá kvittur á kreik að dauðsföllin hefðu ekki verið með eðlilegum hætti. Eins gekk sú saga að Bjarni og Steinunn væru að draga sig saman.

SJÖUNDÁ Glæpahjúin Steinunn Sveinsdóttir og Bjarni Bjarnason myrtu maka sína en öll bjuggu þau á Sjöundá við Rauðasand.

Hreppstjórinn rannsakaði málið og síðla í september sama ár fannst lík Jóns með áverkum sem virtust af mannavöldum.

Steinunn og Bjarni játuðu við réttarhöld að hafa myrt maka sína og voru málsatvik þannig að Bjarni drap Jón og vissi Steinunn af því en Guðrúnu fyrirkomu þau í sameiningu.

Glæpahjúin voru dæmd til pyntinga og líflátsog flutt til Reykjavíkur til gæslu í tukthúsinu á Arnarhóli á meðan málið fór fyrir Landsyfirrétt og síðan konung, eins og aðrir dauðadómar.

Steinunn lést í fangelsinu og var dysjuð á Skólavörðuholti þar sem ummerki um Steinkudys sáust allt fram á tuttugustu öld þegar bein hennar voru tekin upp og grafin í vígðri mold.

MERKISATBURÐIR

1535 Páll II páfi bannfærði Hinrik VIII Englandskonung.

1888 Fyrsta fórnarlamb Kobba kviðristu féll í valinn. Á nokkrum mánuðum féllu fimm konur fyrir hendi manns sem aldrei fannst.

1897 Thomas Alva Edison fékk einkaleyfi á fyrstu kvikmyndatökuvélinni.

1919 Jóhann Sigurjónsson skáld lést, 39 ára gamall.

1962 Trínídad og Tóbagó hlaut sjálfstæði frá Bretum.

1955 William G. Cobb sýndi fyrstu bifreiðina sem knúin var af sólarorku.

1980 Silfursjóður fannst við Miðhús í Fljótsdalshéraði.

1994 Síðustu rússnesku hermennirnir yfirgáfu Eistland og Lettland.

†

Innilegar kveðjur og þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför

Sigfúsar A. Jóhannssonar
bónda, Gunnarsstöðum, Þistilfirði.

Lifið heil.

Sigríður Jóhannesdóttir
Kristín Sigfúsdóttir — **Ólafur H. Oddsson**
Jóhannes Sigfússon — **Fjóla Runólfsdóttir**
Steingrímur J. Sigfússon — **Bergný Marvinsdóttir**
Árni Sigfússon — **Hanne Matre**
Ragnar Már Sigfússon — **Ásta Laufey Þórarinsdóttir**
Aðalbjörg Þuríður Sigfúsdóttir — **Jón Hallur Ingólfsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Þormóður Pálsson
fyrrverandi aðalbókari ÁTVR

lést 18. ágúst. Útför hans fór fram í kyrrþey að hans ósk. Fjölskyldan þakkar öllum sem önnuðust hann og hjúkruðu í Víðinesi og Roðasölum.

Árni Þormóðsson — **Guðrún Jónsdóttir**
Viðar Þormóðsson
Berglind Gunnarsdóttir — **Jón Bjarki Gunnarsson**
Þórdís Árnadóttir — **Sigurjón Rúnar Jónsson**
Jón Árni Árnason — **Anna Berglind Finnsdóttir**
Þorfinnur Kristinn Árnason — **Tinna Rós Pálsdóttir**
og barnabarnabörnin

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Ásdís Ingibergsdóttir,

lést á heimili sínu, Sólvangi í Hafnarfirði, miðvikudaginn 25. júlí. Útför hennar fer fram í Víðistaðakirkju fimmtudaginn 2. ágúst kl. 15.00.

Börn, tengdabörn og barnabörn.

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi

Bjarni Helgason

verður jarðsunginn frá Stokkseyrarkirkju laugardaginn 1. september kl. 14.00.

Erlingur Bjarnason — **Eygerður Þórisdóttir**
Sigrún Bjarnadóttir — **Páll Sigurðsson**
Jóhannes Bjarnason — **Hafdís Óladóttir**
Helgi Bjarnason — **Margrét Bjarnadóttir**
Hafdís Bára Bjarnadóttir — **Guðjón Guðjónsson**
Steinunn Bjarnadóttir — **Kjartan Jóhannsson**
Sigríður Bjarnadóttir — **Hafþór Pálsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

HARALDUR SVERRISSON: NÝR BÆJARSTJÓRI MOSFELLSBÆJAR

Engar byltingar framundan

Haraldur Sverrisson tekur við embætti bæjarstjóra í Mosfellsbæ í dag af Ragnheiði Ríkharðsdóttur, sem er sest á Alþingi.

Haraldur segir nýja starfið leggjast vel í sig. „Ég er búinn að starfa að sveitarstjórnarmálum í Mosfellsbæ í dágóðan tíma. Ég hef verið formaður bæjarráðs og skipulags- og byggingarnefndar í fimm ár,“ segir Haraldur og bætir því við að þar á undan hafi hann verið varabæjarfulltrúi auk þess að sitja í skipulags- og byggingarnefnd. „Þannig að ég þykist nú vita eitthvað að hverju ég geng og er viss um að þetta starf er mjög krefjandi en um leið afskaplega skemmtilegt. Ég fer að stjórna bæjarfélagi sem er í mikilli og örri uppbyggingu þannig að það eru mörg mál sem þarf að fjalla um.“

Haraldur segir bæjarfélagið standa mjög vel fjárhagslega enda sé búið að gera ákveðnar aðgerðir þannig að fjárhagur bæjarins sé góður og reksturinn hafi gengið vel. „Fráfarandi bæjarstjóri hefur staðið sig afskaplega vel í kringum reksturinn svo það mun að sjálfsögðu auðvelda verkefnið framundan,“ segir Haraldur.

Spurður hvort einhverjar áherslubreytingar verði með nýjum bæjarstjóra, segir Haraldur: „Bæjarstjórinn sem embættismaður er kannski ekki að umbreyta bæjarfélaginu heldur vinnum við samkvæmt okkar málefnasamningi og erum í góðu samstarfi við vinstri græn í meirihluta bæjarstjórnar. Eins erum við í ágætis samstarfi við minnihlutann.“

Haraldur bætir því við að engar málefnalegar stefnubreytingar verði við þessi tímamót þó hugsanlega eigi fólk eftir að sjá einhvern blæbrigðamun á störfum. „En það verða engar byltingar gerðar,“ segir Haraldur og hlær. „Annars hlakka ég bara til að takast á við starfið og vonast eftir góðu samstarfi við bæjarstjórn, starfsfólk bæjarins og aðra íbúa,“ bætir hinn nýi bæjarstjóri við að lokum. **sigridurh@frettabladid.is**

NÝR BÆJARSTJÓRI Haraldur Sverrisson tekur við lyklum að bæjarskrifstofunum af Ragnheiði Ríkharðsdóttur, fráfarandi bæjarstjóra, í hádeginu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, bróðir, mágur og tengdasonur,

Kristján Sverrisson
Garðavegi 6, Hnífsdal,

sem lést af völdum krabbameins á Sjúkrahúsinu á Ísafirði föstudaginn 24. ágúst, verður jarðsunginn í dag, föstudaginn 31. ágúst, kl. 13.00 frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði.

Anna Valgerður Einarsdóttir
Annetta Rut Kristjánsdóttir
Ásgeir Kristjánsson
Eva Margrét Kristjánsdóttir
Linda Marín Kristjánsdóttir
Ísak Þór Kristjánsson
Berglind Kristjánsdóttir
Guðný W. Ásgeirsdóttir — **Sverrir Þorsteinsson**
Ásgeir Sverrisson — **Unnur P. Stefánsdóttir**
Anna Karen Sverrisdóttir
Rakel Sverrisdóttir
Ríkharður Sverrisson — **Auður Pétursdóttir**
Árni Árnason — **Lára Jónsdóttir**
Margrét Haukdal Marvinsdóttir — **Einar E. Magnússon**

AFMÆLI

Ingibjörg Stefánsdóttir leikkona og jógakennari er 35 ára.

Sigrún Sól Ólafsdóttir leikkona er 39 ára.

Örn Arnarson sundkappi er 26 ára.

†

Innilegar þakkir færum við þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, ömmu, langömmu, tengdamóður og systur

Kristínar Aðalheiðar Óskarsdóttur
(Öllu), Þórufelli 18, Reykjavík.

Þökkum starfsfólki Líknardeildar Landspítalans í Kópavogi fyrir afbragðsgóða og alúðlega umönnun og hjúkrun og einnig sérstaklega Karitas-konum.

Vigdís, Bjarney, Sigurrós, makar, barnabörn, barnabarnabörn og systkini.

erum og verðum

ALLTAF ÓDÝRARI

INTEL TÖLVUPAKKI 3

- Intel Core2Duo E6550 - 4MB
- 2GB 667MHz Dual DDR2
- 500GB SATAII WD - 16MB
- 256MB Geforce 8600GT
- 19" Acer widescreen 5ms

119.950

AMD TÖLVUPAKKI 1

- AMD X2 DualCore 4200+
- 1GB Dual DDR2 667MHz
- 320GB SATAII WD - 16MB
- 256MB Geforce 6100
- 19" Acer widescreen 5ms

79.950

ACER ASPIRE 5104WLMI

- 1.8Ghz AMD Turion64 X2 TL-56
- 1GB Dual DDR2 533MHz
- 160GB SATA 5400rpm
- 384MB ATI X1300 PCI-E
- 15,4" CrystalBrite skjár

acer

79.950

ACER ASPIRE 5720G

- 1.8GHz Intel Core2 Duo T7100
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 160GB SATA 5400rpm
- 256MB ATI HD 2300 PCI-E
- 15,4" CrystalBrite skjár

acer

104.950

UPPFÆRSLA B

AMD X2 DualCore 4200+, MSI móðurborð, 1024MB DDR2 minni 256MB Geforce 6100 skjástýring, hljóðk, netkort ofl.

@tt.is

19.950

TURNUPPFÆRSLA 3

- AMD X2 DualCore 6000+
- 2GB DDR2 667MHz
- 320GB SATAII WD - 16MB
- 256MB GeForce 8600GT

69.950

AMD ÖRGJÖRVI

AMD Athlon 64 X2 DualCore 4600+ 2,4GHz 2x512GB cache, socket AM2, oem

@tt.is

8.950

AMD MÓÐURBORÐ

MSI K9AG Neo2-Digital með AMD690G kubbasetti,innbygt skjákort með HDMI útgangi, 7,1 hljóð. Gbit lan ofl.

9.950

DIVICO TVIX M-3100

DViCO TViX M-3100U spilari/hýsing fyrir 3.5" IDE harðdiska m/LCD skjá tengist við sjónvarp

14.950

AC-DIAMONDS TURN

Góður miðturn með hljóðlátum 500watt aflgjafa, USB og hljóðtengi framan á kassa

@tt.is

6.950

FORTRON AFLGJAFI

Extra hljóðlátur, 400 watt mjög öflugur aflgjafi, 120MM Low Noice vifta

4.950

2GB CORSAIR MINNI

Hágæða Corsair Value Select 2GB minniskit (2x1GB) lífstíðarábyrgð

8.950

5.1 HÁTALARAKERFI

Öflugt X-530 hátalarakerfi frá Logitech, 5 öflugir hátalarar + risa bassi, 70w RMS

9.750

515 HEYRNARTÓL

Öflug Sennheiser HD-515 heyrnartól, frábær hljómur, frábært verð

7.750

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.

STUÐ MILLI STRÍÐA Vandræði og virðingarleysi

EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR VILL VIRKJA GAMLA FÓLKIÐ

Eitt af því sem mér finnst skipta hvað mestu máli í lífinu er að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum og fátt fer meira í taugarar á mér en virðingarleysi.

Þegar ég var lítil var börnum kennt að það ætti sérstaklega að bera virðingu fyrir þeim sem eldri voru og þeim mun eldri sem þeir voru, þeim mun meiri virðingu bar maður fyrir þeim. Þessa virðingu fyrir eldra fólki finnst mér stundum skorta í dag sem er alls ekki nógu góð þróun. Kannski er það ekkert skrýtið því ekki eiga öll nútímabörn eins greiðan aðgang að sér mikið eldra fólki og áður var. Margir foreldrar hafa alltof mikið að gera til þess að tala við börnin að ráði og margir afar og ömmur líka. Kleinusteikjandi og heimaprjónandi ömmur og sögusegjandi og bílasmíðandi afar eru augljóslega á útleið og í staðinn eru komin yfirvinnandi og utanlandsfarandi nútímaafar og nútímaömmur. Líftími Íslendinga er samt að lengjast svo tölvert er orðið til af sæmilega hressum langömmum og langöfum en einhvern veginn virðist aldrei neinn reikna neitt sérstaklega mikið með þeim.

Vandamálin í samfélaginu eru mörg en sem betur fer er hægt að finna lausnir á þeim flestum. Á sama tíma og á elliheimilum og í einhverjum heimahúsum er fjöldi eldra fólks sem er ennþá í nokkuð miklu fjöri eru grunnskólarnir nefnilega fullir af börnum sem komast ekki að á frístundaheimilum vegna skorts á starfsfólki og foreldrarnir eru í stökustu vandræðum með að koma einhvers staðar fyrir. Ég held því að málið sé algjörlega að leiða þessa tvo hópa saman og skora á ráðamenn að finna leið til þess. Börnin geta þá hresst upp á gamla fólkið með hlátri og smá látum og gamla fólkið getur sagt börnunum sögur frá þeim tíma þegar engir ipodar og leikjatölvur voru til og hápunktur ársins var að fá eitt epli fyrir jólin. Persónulega trúi ég því að þessi samskipti mundu kenna börnunum sitthvað um virðingu og ekki bara fyrir þeim sem eldri eru heldur ýmsu öðru í leiðinni.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Ótrúlegt verð

Öll raftæki fást í Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum

79.990kr
Verð áður 99.990,-

United HD 32" LCD skjár LTV32W63
- 32" HD 16:9 LCD sjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar • HD Ready
- Progressive Scan • Nicam stereó hljóðkerfi • 2 scart, HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp • Fjarstýring
- Passar á Vogels EFW6205 ásamt EFA6875 veggfestinguna (fylgja ekki)
- Stærð í cm (bxhxd): 91,7x51,7x11

69.990kr
Verð áður 89.990,-

United HD 27" LCD skjár
LTV27W63
- Upplausn 1280x720 punktar
- Progressive scan
- HD ready
- 2x6w nicam stereó hljóðkerfi
- 2 scart, HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi
- Textavarp
- Fjarstýring
- Borðstandur fylgir

119.990kr
GOTT VERÐ

Philips 32" LCD skjár 32PFL5322
- 32" HD 16:9 LCD sjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar • Pixel Plus HD myndtækni • HD Ready • Skerpa: 4.000:1 og svartími: 8ms • Sjónsvið (H/V): 178/178° og birtustig: 500 cd/m2• Active control og contrast plus • 2 x 20w nicam stereó hljóðkerfi með incredible surround • 2 scart (með RGB), 2 HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp með 1.000 síðna minni• Svefnrofi og fjarstýring • Borðstandur með snúningi fylgir • Passar fyrir VESA200x100 veggfestingar (fylgja ekki) • Mál í cm (bxhxd): 80,5x54,6x11,5 og þyngd: 15,5kg

69.990kr
GOTT VERÐ

DIBOSS 32" LCD skjár
LT32A2HM
- 32" LCD skjár
- 1366x768 punkta upplausn
- HD Ready
- Skerpa 800:1 og svartími: 8ms
- Birta 500cd/m2
- 2x7w Nicam stereó hljóðkerfi

189.990kr
GOTT VERÐ

Philips HD 42" LCD skjár 42PFL5322
- Upplausn: 1366x768 punktar • Pixel Plus HD myndtækni - Eykur línufjölda og skerpu • Progressive Scan HD Ready • Skerpa: 5.000:1 og svartími: 5ms
- Sjónsvið (H/V): 176/176° • Birtustig: 500 cd/m2 • Ljósskynjari og Active Control - minnkar glampa • 2 x 10w Nicam stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround
- 2 scart (með RGB), 2 HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp með 1.000 síðna minni • Svefnrofi og fjarstýring

99.990kr
GOTT VERÐ

DIBOSS 37" LCD skjár LT37JHM
- 37" LCD skjár • 1366x768 punkta upplausn • HD Ready
- Skerpa: 800:1 og svartími: 9ms • Birtustig: 500 cd/m2
- 2x10w Nicam stereó hljóðkerfi

Gildir til 2. september eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

! ath kl. 22 á Nasa.
Björgvi Gísla, Björn Thoroddsen, Larry Coryell og fleiri gítarsnillingar bregða á leik í kvöld. Sannnkölluð gítarveisla sem verður ekki endurtekin. Skyldumæting fyrir luftgítarmenn og þá sem kunna gripin.

menning

menning@frettabladid.is

Ruglað saman reitum

Í eftirmiðdag opnar Unnar Örn J. Auðarson sýninguna Coup d´État í sýningarrýminu Suðsuðvestur í Reykjanesbæ. Unnar Örn hefur leitað sér efniviðar í Byggðasafni Reykjanesbæjar og vinnur sýninguna í samstarfi við safnið, undir vökulu auga safnamanna innan bæjarins.

Á sýningunni í Suðsuðvestur má sjá brotabrot úr sögu Reykjanesbæjar sett í nýtt samhengi. Þar verða sýndir hlutir úr byggðasafninu sem eiga sér óræða fortíð og er þeim stillt saman við hluti úr einkasafni Unnars Arnar. Þannig verður til sýning sem kallast á við sögur úr fortíðinni en um leið myndast lítil rifa eða staður til að sjá inn í hugsanlega framtíð.

Sýningin mun standa til 7. október. Suðsuðvestur er til húsa í Hafnargötu 22 í Reykjanesbæ. Þar er opið laugardaga og sunnudaga kl. 13.00-17.30 og eftir samkomulagi. **- pbb**

MYNDLIST Ein þeirra sögulegu mynda sem Unnar Örn notar í sýningu sína í Suðsuðvestur.
MYND/LJÓSMYNDASAFN BYGGÐASAFNS REYKJANESBÆJAR

> Vel sagt

„Þeir eru komnir á flug í spjall um þennan helvítis Tom Waits þegar ég sný til baka. Djöfulsins rauðvínsgutlandi rámi ræfill sem enginn hefur gaman af nema trefilvafðir tussulegir háskólanemar í hettuúlpum. Tom Waits og Charles Bukowski, sami pakkinn, eitthvað mömmulið notar verk þessara alkóhólista til að ná sambandi við eitthvað sem það heldur að sé meira „ekta" en litli öruggi sósíalheimurinn sem það hefur velkst í frá blautu barnsbeini."
Dr. Gunni bloggar úr óbirtri skáldsögu sinni.



Finnur Arnar vann

„Vits er þörf þeim er víða ratar", listaverk Finns Arnar Arnarssonar myndlistarmanns, var valið til þess að prýða Háskólatorg Háskóla Íslands. Verkið er til minningar um gjöf Vestur-Íslendinganna er stofnuðu Háskólasjóð Eimskipafélags Íslands. Verkið verður staðsett í keilu sem stendur upp úr þaki Háskólatorgsins. Björgólfur Guðmundson, stjórnarformaður Háskólasjóðs, greindi frá valinu. Bygging Háskólatorgs er að hluta fjármögnuð með framlagi Háskólasjóðs sem stofnaður var með gjöf Vestur-Íslendinga og er verkið til minningar um þá gjöf.

Tillögu sína segir Finnur vísa til þeirra sem um aldamótin 1900 fóru vestur um haf, til Háskólans og menntunar.

Finnur Arnar Arnarsson er fæddur 1965. Hann nam við Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Hann á að baki margar einkasýningar og samsýningar heima og heiman,. Hann starfar við kennslu í Listaháskóla Íslands og margt fleira. **-pbb**

Lif og fjör í Listasafni

Mikið gengur á hjá Listasafni Reykjavíkur þessa dagana. Hafþór Yngvason og hans lið stendur í ströngu; ekki færri en fjórar sýningar eru á lokastigi, þrjár bækur þeim tengdar að koma út, og sú fyrsta opnar í kvöld. Fyrir eru tvær sýningar sem heimta verðskuldaða athygli. Listasafn Reykjavíkur er enda kraftmesta sýningastofnun myndlistar í landinu.

MYNDLIST Verk Eggerts Péturssonar í afgreiðslusal Landsbankans í Austurstræti voru tekin niður í vikunni um leið og Hafþór Yngvason, lengst til vinstri, og Halldór Kristjánsson bankastjóri, lengst til hægri, gerðu samning um styrk Landsbankans við yfirlitssýningu Eggerts Péturssonar, sem stendur á milli þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hafþór var gripinn á blaðamannafundi í gær þar sem gengið var frá samningi við Glitni, aðalstyrktaraðila yfirlitssýningar um feril Gjörningaklúbbsins sem opnar í kvöld í Hafnarhúsi. Hafþór hefur lagt áherslu á þá stefnu í sýningastjórn í hinum mörgu sölum Listasafnsins að auka hlut yngri myndlistarmanna og gera sýningar að lifandi starfsvettvangi þeirra sem eru í hvað mestu starfi í margvíslegum birtingarmyndum þessi dægrin.

. Þá er í vændum sýning á verkaröð eftir Birgi Snæbjörn Birgisson og Jóhannes Atli Hinriksson er með innsetningu í D-salnum í Hafnarhúsinu sem hefur verið lagður undir yngstu kynslóðina. Þar verður Karlotta Blöndal með aðsetur í nóvember á sama tíma og Margrét Blöndal sýnir í aðalsölum hússins. Þá er ógetið sýningar á lágmyndum Helga Gíslasonar sem opnar líka 8. september á Kjarvalsstöðum

Breytt stefna

Hafþór segir um stefnuna: „Þetta er svo huglægt, það á ekki að vera áþreifanlegt.. Það er ekki ungviðið hér og hefðbundin list á Kjarvalsstöðum. Erlendis eru söfn sem sýna listamenn sem eru að berjast við takmörkin, vilja brjótast út úr viðjunum, vera með tilraunastarfsemi. Fólk sem fer þangað hefur áhuga á þeirri stemningu: hvað er að gerast? Síðan,vill kannski sama fólkið bara sjá vandaða sýningu í öðrum söfnum vegna þess að það vill sökkva sér niður í listina á öðrum forsendum. Þetta gengur út á að skapa tilfinningu frekar en að eitt sé hér og annað þar."

Sýningarskrár

Um aðra helgi opna tvær aðrar sýningar í sölum safnsins: yfirlitssýning á verkum Eggerts Péturssonar, hins dáða málara, er á Kjarvalsstöðum 8. september og er styrkt af Landsbankanum, og í Norðursal verður á sama tíma opnuð sýningin Byggingarlist í augnhæð. Báðum sýningunum fylgja vandaðar bækur.

„Við erum búnir að gefa út bækur sem tengjast sýningunum hér: Þegar ég kom hingað sá ég að það vantaði bækur hérna. Hingað komu erlendir sýningarstjórar sem vildu fá hugmynd um hvað væri að gerast hérna og þær vantaði. Svo ekki sé talað um íslenskan almenning. Það er feikileg vinna sem liggur að baki sýningum. Ólöf K. Sigurðardóttir er sýningarstjóri á sýningu Eggerts og er búin að vinna við hana í meira en ár. Eitt af því sem safn þarf að gera er að sinna rannsóknum og við gerum það í beinum tengslum við sýningarnar, en það má ekki láta þá vinnu tapast. Þess vegna verður að gefa út rit um sýningarhaldið.

Við ætlum að safna saman gögnum um sýningarnar í D-salnum og gefa út, vonandi fyrir Listahátíð í vor, fyrstu bókina í þeirri röð."

Starf sýningarstjórans

Sýning Eggerts er viðamikil. Verkin spanna allan feril Eggerts, frá því hann tók þátt í starfi Suðurgötu 7 og til þessa dags. Málverk hans af smágerðu landi undir fótum okkar hafa lengi verið feikilega eftirsótt enda fágætar smíðar á striga.

„Það eru svo mörg handtökin við að undirbúa sýningu, ekki bara að færa verkin inn í safnið, tryggja þau og það allt, heldur þarf líka að búa til sýninguna. Það eru ekki listamenn sem sýna í safninu heldur sýnir safnið verk þeirra. Það eru ekki listamenn sem velja sín verk, taka það sem til er á vinnustofunni, heldur gengur sýningin út á að finna einhverja hlið á málunum. Sýna verkin í ákveðnu ljósi. Það er hlutverk sýningarstjóranna," segir Hafþór.

Að læra að lesa myndir

Aðrir sýningarstjórar sem eru í önnum þessi dægrin eru þau Mika Hannula, Yean Fee Quay og Æsa Sigurjónsdóttir, en það er Guja Dögg Hauksdóttir deildarstjóri byggingardeildar sem vinnur Byggingarlist í augnhæð í Norðursalnum.

Hún er eins og fyrri sýningar í þeim sal einkum hugsuð fyrir börn og er unnin í samstarfi við Arkitektafélag Íslands og Námsgagnastofnun. Gestum er boðið að upplifa sýninguna á margvíslegan hátt og geta sjálfir spreytt sig á að skapa og hanna. Í tengslum við sýninguna kemur út bók eftir Guju sem er ætluð til fræðslu í byggingarlist.

„Hingað koma þúsundir skólabarna á hverju ári," segir Hafþór. „Þau byrja á að skoða verk Kjarvals, næsta ár sýnum við þeim verk Ásmundar og leiðum þau svo lengra. Það verður að leiða fólk inn í myndlistina. Skynjun á myndlist er ekki sprottin af sjálfu sér, hún er lærð. Ég vissi ekkert um byggingarlist fyrr en ég fór að læra um hana og eftir það sá ég borgina sem ég bjó í þá í nýju ljósi. Við þurfum því að kenna fólki að njóta þeirrar listar sem við bjóðum upp á."

pbb@frettabladid.is

OPIÐ ALLA HELGINA

OPIÐ ALLA HELGINA • STÚTFULL BÚÐ AF SPENNANDI TILBOÐUM • ALLAR FARTÖLVUR TIL AFGREIÐSLU STRAX

Glæsilegur 8bls bæklingur með Fréttablaðinu í dag, fjöldi tilboða

VERÐ VÖRN
Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur
Þá lækkum við okkar verð á staðnum



VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu.

Aðeins þessa helgi, meðan birgðir endast

iP4300
PRENTARI
7.990
Athugið aðeins 1 stk. á mann

Aðeins þessa helgi, meðan birgðir endast

1GB
MINNI
3.990
1GB OCZ DDR2 667MHz vinnsluminni

Aðeins þessa helgi, meðan birgðir endast

25DVD
DISKAR
1.690
Verbatim 16x DVD+R spindill

Aðeins þessa helgi, meðan birgðir endast

320GB
HARÐDISKUR
4.990
Athugið aðeins 1 stk. á mann

Aðeins þessa helgi, meðan birgðir endast

18xDVD
NEC SKRIFARI
2.990
Svartur NEC 18x DVD skrifari

TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

OPNUNARTÍMAR
Í DAG FÖSTUDAG
09:00 - 19:00
LAUGARDAG
10:00 - 18:00
SUNNUDAG
13:00 - 17:00

Týndi hesturinn

NÝTT GALLERÍ Galleríið The Lost Horse opnar í Skólastræti 1 á föstudag.

Nýtt myndlistargallerí verður opnað í Skólastræti 1 í dag. Galleríið hefur hlotið nafnið The Lost Horse. Fyrsta sýningin er samsýning þeirra Gabríelu Friðriksdóttur, Jóns Sæmundar Auðarsonar, Hafsteins Michaels Guðmundssonar, Davíðs Arnar Halldórssonar og Tómasar Magnússonar.

„Þetta er eldgamalt hús sem var byggt sem hesthús. Þegar menn komu í kaupstaðarferðir til Reykjavíkur var algengt að þeir yrðu ofurölvi og týndu hestunum sínum. Til að leysa vandamálið var þetta hús byggt með pláss fyrir tíu hesta. Það voru svo tveir menn sem fóru um og sóttu hesta sem voru í reiðileysi og sáu um þá þar til rann af eigendunum," segir Agnar Agnarsson, annar eigenda gallerísins, um ástæðuna fyrir nafngift gallerísins, The Lost Horse, eða týndi hesturinn. Hægt verður að leigja út sýningarrými gallerísins og vinnustofu sem er á bak við það. „Öllum er velkomið að sækja um að sýna hér en við veljum hverjir fá að sýna, svo sýningarnar samrýmist stefnu gallerísins."

Sýningin á föstudag verður opnuð kl. 19. Nánari upplýsingar má finna á www.this.is/subaqua.

AURORA BORELALIS Þær stöllur halda tónleika í kvöld.

Norðurljós í Ystaseli

Margrét Hrafnsdóttir sópran og Ólöf Sigursveinsdóttir sellóleikari mynda saman „Aurora Borealis". Hafa þær unnið saman um nokkurt skeið. Samstarfið byrjaði á litskyggnusýningu Dieter Schweizer, þar sem sýndar voru myndir frá Sardiníu, en þar fluttu þær ítalskar antíkaríur. Á litskyggnusýningu Dieters með íslenskum myndum tóku þær upp þráðinn með íslenskum þjóðlögum og við svo góðar móttökur að ákveðið var að gera meira úr. Í maí 2007 komu þær fram á opnunarhátíð íslenskra daga í Stuttgart og af því tilefni var ákveðið að gefa út geisladisk með íslenskum þjóðlögum sem nú er kominn út hjá 12 Tónum. Á disknum, Hjartahljóð, styðjast þær stöllur við útsetningar Jórunnar Viðar, Sigursveins D. Kristinssonar og Hallgríms J. Jakobssonar. Í tilefni af útgáfu disksins munu þær halda útgáfutónleika föstudaginn 31. ágúst í vinnustofu Hallsteins Sigurðssonar myndhöggvara að Ystaseli 37 sem er óvanalegur og spennandi vettvangur. Tónleikarnir hefjast kl. 20.00 og eru allir hjartanlega velkomnir. - **pbb**

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

ÁGÚST

28 29 30 **31** 1 2 3

Föstudagur

TÓNLEIKAR

☐ 20.00 Bláir söngvar/Bláir skuggar - **Sigurður Flosason** spilar ný frumsamin lög við texta **Aðalsteins Ásbergs Sigurðssonar** í Iðnó í kvöld. Með honum koma fram Ragnheiður Gröndal, Egill Ólafsson, Kjartan Valdemarsson, Pétur Östlund, Jón Páll Bjarnason og Þórir Baldursson.

☐ 22.00 **Björn Thoroddsen** heldur djass og blús gítarveislu á Nasa í kvöld. Tónleikarnir eru hluti af **Jazzhátíð Reykjavíkur**. Með Birni koma fram helstu gítarleikarar Íslands fyrr og nú, Björgvin Gíslason, Halldór Bragason, Guðmundur Pétursson, Ómar Guðjónsson og Ólafur Gaukur Þórhallsson. Rythmadeildina skipa Jón Rafnsson og Jóhann Hjörleifsson. Sérstakur gestur verður Larry Coryell og Örn Árnason kynnir.

☐ 23.00 Hljómsveitirnar **Drep** og **Vonbrigði** spila á tónleikastaðnum Organ í kvöld.

OPNANIR

☐ 20.00 **Gjörningaklúbburinn** opnar stóra yfirlitssýningu á verkum sínum í Hafnarhúsinu. Á sýningunni eru stórar innsetningar, vídeó, þrívíð verk og teikningar sem varpa ljósi á sögu klúbbsins.

DANSLIST

☐ 17.00 Boðið verður upp á óhefðbundin **dansferðalög um miðbæinn** í dag. Fólk verður leitt á milli staða þar sem dansverk verða flutt. Hægt er að velja um tvo hópa. Í hóp A eru **Margrét Bjarnadóttir** og **Saga Sigurðardóttir** með verkið Sgwímsli, **Katla Þórarinnsdóttir** með Ég hef það fínt og **Damien Gmuer** og **Rita Aozane Bilibio** með Guerilla Improvisations. Í hóp B eru **Erna Ómardóttir** með Talking Tree, **Ástrós Gunnarsdóttir** með Karl-í-mynd og **Ólöf Ingólfsdóttir** með Domestic Dances.

☐ 20.00 Fjögur verk verða sýnd á **Reykjavík Dance Festival** í Verinu í Loftkastalanum í kvöld. **Andreas Constantinou** sýnir verkið Her-maphro-dit-ic, **Lovísa Ósk Gunnarsdóttir** og **Halla Ólafsdóttir** sýna Hundaheppni, **Margrét Sara Guðjónsdóttir** og **Knut Berger** sýna Dead Meat og **Erna Ómarsdóttir** og **Damien Jalet** sýna verkið Ófætt - workshop installations.

SÍÐUSTU FORVÖÐ

☐ 14.00 Sýning þeirra **Helga Þórssonar** og **Morgan Betz**, Bermuda love triangle: the story of Doctor Son and Mister Bates, í gallerí 101 lýkur um helgina. Sýningin er opin frá kl. 14 til 17 í dag og á morgun.

BÍÓ

☐ 17.00 Heimildar- og tónleikamyndin **Thelonious Monk: Straight, No Chaser** frá 1988 um ævi og feril píanósnillingsins Thelonious Monk (1917-1982) er sýnd í Tjarnarbíói. Sýningin er samvinnuverkefni **Jazzhátíðar Reykjavíkur** og **RIFF** alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

JAZZHÁTÍÐ REYKJAVÍKUR 29. ÁGÚST - 1. SEPTEMBER 2007

Siggi Flosa Bláir Söngvar Bláir Skuggar

Siggi Flosa

Gítar gengið og Larry Coryell

Í kvöld:

Bláir Söngvar/Bláir skuggar

Sigurður Flosason, saxófónleikarinn hugljúfi spilar glæný blúslög við texta Aðalsteins Ásbergs Sigurðssonar. Flottur söngur Egils Ólafssonar og Ragnheiðar Gröndal ásamt Kjartani Valdemarssyni og Matthíasi Hemstock.

Iðnó

Föstudagskvöld **31. ágúst, kl. 20:00**

Björn Thoroddsen, Larry Coryell og Gítargengið

Björn Thoroddsen leiðir Gítargengið, alla kræfustu gítarleikara þjóðarinnar ásamt gítargoðsögninni Larry Coryell. Algjört dúndur; þéttir hljómar og mikið fídbakk. Örn Árnason kynnir.

ATH! Breytt staðsetning Nasa

Föstudagskvöld **31. ágúst, kl. 22:00**

REYKJAVÍK Jazz 07

ALLIR ELSKA JAZZ!

Jazzbíó kl.5

Í dag, föstudag í Tjarnarbíói. Sýnd verður víðfræg heimildarmynd Charlotte Zwerin: THELONIOUS MONK - STRAIGHT NO CHASER.

Ókeypis fyrir þá sem keypt hafa miða á atburði jazzhátíðar 2007

Miðasala við innganginn og á www.midi.is

Allar upplýsingar um einstaka viðburði og flytjendur á **www.jazz.is**

Reykjavíkurborg Saga Capital Icelandair Egils Eymundsson Guðjónó

FORTE Auglýsingastofa

Siggi Flosa Gítargengið

Auglýsingasími 512 5050

– Mest lesið

Bláir söngvar í kvöld

Það er frítt föruneyti sem fylgir þeim Sigurði Flosasyni og Aðalsteini Ásberg ljóðasmið í kvöld. Sigurður býður upp á glæný lög við texta Aðalsteins Ásbergs og eru flytjendur þau Egill Ólafsson, Ragnheiður Gröndal, Kjartan Valdemarsson og Matthías Hemstock á slagverk. Eru þetta lög af disknum Bláum skuggum sem nú er kominn út.

Til að bæta gráu ofan á svart eða bláum á bláan verða einnig flutt lög af glænýrri plötu sem nefnist „Bláir skuggar". Þar er teygt á blúsforminu svo lög sem hljóma eins og blús verða eitthvað allt annað. Sem sagt tilraunastarfsemi með kunnar uppskriftir. Lifandi, skemmtilegt, blúsað og fjörugt segja menn að þetta verði enda engir aukvisar á ferð: Jón Páll Bjarnason á gítar, Pétur Östlund á trommur og Þórir Baldursson á Hammond-orgel. Þetta gerist í Iðnó í kvöld kl. 20 og eru tónleikarnir hluti af dagskrá Jazzhátíðar í Reykjavík. - pbb

Þríeyki sýnir í Safni

Á morgun opna þrír myndlistarmenn sýningu í SAFNI á Laugavegi 37. Þeir eru Sigurður Guðjónsson, Huginn Þór Arason og Tony Trehy.

Í SAFNI er samtímamyndlist til sýnis á þremur hæðum. Aðgangur er ókeypis en Reykjavíkurborg hefur til þessa veitt Pétri Arasyni og Rögnu Róbertsdóttur, sem eiga einstakt safn nútímaverka, styrk til reksturs þess. Þar hefur um langt árabil verið rekin metnaðarfull sýningarstefna sem vakið hefur athygli langt út fyrir landsteinana.

Sigurður Guðjónsson er fæddur 1975 og býr og starfar í Reykjavík. Hann fæst að mestu við gerð vídeóverka, ljósmynda og innsetninga í myndlist sinni. Í Safni sýnir Sigurður tvö vídeóverk sem ekki hafa verið sýnd á Íslandi. Að auki sýnir hann ljósmyndaverk sem eru stillur úr fyrri verkum og verkum í vinnslu. Vefur Sigurðar er www.sigurdurgudjonsson.net.

Huginn Þór Arason er fæddur 1976 og býr og starfar í Reykjavík.Hann fæst við afar fjölbreytta efnisnotkun og ýmsa miðla. Sem dæmi hefur hann gert gjörninga, málverk, teikningar og skúlptúra t.d. úr pitsum, barnaleir og bómull. Í verkum sínum hefur Huginn skapað eigin heim, þar sem fléttast saman barnsleg form, sem líkjast hlutum úr daglega lífinu, skærir litir og kjánalegir gjörningar. Á annarri og þriðju hæð Safns sýnir Huginn Þór leirverk, lyktarverk, ljósmyndateikningar, og endurunnið málverk.

Þriðji maðurinn í Safni er Tony Trehy, fæddur 1960. Tony er enskt ljóðskáld og sýningarstjóri, búsettur í Manchester. Hann hefur um árabil fengist við að gera ljóðaskrif sín að myndrænni upplifun fyrir áhorfendur/lesendur. Eftir heimsókn sína til Reykjavíkur árið 2006 hóf Tony að vinna að textaverkinu Reykjavík, þar sem hann notar, að eigin sögn, tungumál stærðfræðinnar og margvíddar rúmfræði, svo og jarðfræði, heimspeki og myndlist í kerfi um rými og táknfræði borgarinnar. Í Safni kynnir Tony Trehy bókverkið Reykjavík, sem er handinnbundið og prentað í litlu upplagi. Bókin verður fáanleg í Safni. Vefslóðir með upplýsingum um hann eru: www.tonytrehy.com og www.sleeper1.com.

Sýningarnar standa til 7. október. Opið er frá 14-18 miðvikudaga til föstudags, en frá 14-17 laugardag og sunnudag. - pbb

MYNDLIST Deathbed eftir Sigurð Guðjónsson.
MYND: SIGURÐUR GUÐJÓNSSON/SAFN

GERÐUBERG
www.gerduberg.is

Ég bið að heilsa
Sýning á bútasaumsverkum í tilefni af 200 ára fæðingarafmæli Jónasar Hallgrímssonar

Erró - Kvenfólk
Grafíkverk í eigu Listasafns Reykjavíkur

Af hjartans list!
Alþýðulistamaðurinn Ágúst Jónsson sýnir málverk í Boganum

Vissir þú...
að í Gerðubergi er góð aðstaða fyrir ráðstefnur, námskeið, fundi og móttökur.
Sjá www.gerduberg.is

Sýningarnar standa til 9. september
og eru opnar virka daga frá 11-17
og um helgar frá 13-16. Sími 575 7700

Kennsla hefst 10. september

Innritun og upplýsingar í síma 561 5620 frá kl. 12-17.

www.schballett.is



BALLETTSKÓLI
Eddu Scheving
Safnaðarheimili Háteigskirkju
Háteigsvegi • Sími 552 5620
Félag íslenskra listdansara

Fíton/SÍA

2 fyrir 1 á Gretti!

VÍS býður viðskiptavinum sínum tvo miða á verði eins á söngleikinn Gretti í Borgarleikhúsinu í september.

Söngleikurinn fjallar um hinn lánlausa Gretti. Hann lendir í fangelsi eftir misheppnaðan glæp og þar hellir hann sér af krafti í lyftingar og vaxtarrækt. Eftir fangelsisvistina nær hann skjótum frama fyrir hlutverk í sjónvarpsseríu byggðri á Íslendingasögunni um Gretti sterka. Frægðin færir honum peninga og ástir kvenna í ríkum mæli og framtíðin virðist blasa við björt og fögur.

Viðskiptavinir geta nálgast tilboðsmiða á þjónustuskrifstofum VÍS.
Tryggið ykkur miða í tíma á þessa frábæru fjölskylduskemmtun.

Vátryggingafélag Íslands Ármúla 3 108 Reykjavík Sími 560 5000 **www.vis.is**

Þar sem tryggingar snúast um fólk

> Í SPILARANUM

Ölvis - Bravado
Minä Rakastan Sinua - Elvis
Ólafur Sveinn Traustason - Óli Trausta
Rúnar Júlíusson - Snákar í garðinum

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Sprengjuhöllin heldur veislu

Hljómsveitin Sprengjuhöllin hefur lokið upptökum á fyrstu plötu sinni. Af því tilefni býður hún áhugasömum að koma á Organ á laugardaginn til að hlusta á afraksturinn. „Okkur langaði bara að halda gott partí. Við erum búnir að vera í stúdíói og höfum ekki getað haldið almennilega tónleika í smá tíma," segir Snorri Helgason, gítarleikari Sprengjuhallarinnar.

Þetta eru ekki útgáfutónleikar því platan kemur ekki út strax. „Við vildum bara fagna því að vera búnir með plötuna." Hljómsveitin Retro Stefson spilar með Sprengjuhöllini á tónleikunum. Húsið verður opnað kl. 20 og fljótlega eftir það verður nýja platan sett á fóninn. Tónleikarnir hefjast þegar líður á kvöldið og að þeim loknum taka Sprengjuhallarliðar við plötuspilurunum og spila hressandi tónlist fram eftir nóttu.

HLUSTUNARPARTÍ Spengjuhöllin heldur tónleika og spilar nýju plötuna á Organ á laugardag.

> Plata vikunnar

Eivör - Mannabarn/Human Child

★★★

„Þrátt fyrir iðnaðarpopplegar og misvel heppnaðar útsetningar þá sýnir Eivör Pálsdóttir enn og aftur á Mannabarni að hún er frábær söngkona. Ein af þeim allra bestu." TJ

TÓNNINN GEFINN
Steinþór Helgi Arnsteinsson

Myndrænn tónbútasaumur

Bútasaumur í tónlist er löngu orðið vel þekkt fyrirbæri, þar sem tónlistarmenn taka hljóðbúta úr öðrum lögum, blanda þeim saman við aðra, breyta örlítið og gera að sínum. Þrátt fyrir að þetta fyrirbæri sé orðið nokkuð gamalt er enn fullt af nýjum og ferskum hlutum að gerast. Meðal nýrra sveita má sem dæmi hæglega benda á The Go! Team, Girl Talk og Danger Mouse, þá sérstaklega Gráu plötuna hans. Breska sveitin Addictive TV er hins vegar nafn sem ekki margir kannast við en sveitin sú arna kemur með nýja vídd inn í þennan fínkennda bútasaum.

Addictive TV á sér langa forsögu en hún byrjaði aðallega að hanna sjónlistaverk ýmiss konar. Við árþúsundaskiptin var sveitin síðan leiðandi í þróun og mótun myndbandasnúða (e. VJ, Video Jockey) og var einnig fengin til þess að þróa með Pioneer sérstaka DVD-plötuspilara. Undanfarin ár hefur þessi fjöllistahópur síðan ferðast vítt og breitt um Evrópu og haldið svaka tónleika þar sem hann vinnur með ýmis myndbrot til tónlistarsköpunar. Þar fer Addictive TV frá einu yfir í annað, byrjar til dæmis á tónleikaupptöku með Rolling Stones og fer síðan yfir í bútasaumspakka úr ýmsum Bond-myndum en einnig samkrulli úr fjölbreyttum tónlistarmyndböndum. Hound Dog með Presley er blandað við Fit But You Know It með The Streets, Riders of the Storm með The Doors við Rapture með Blondie og sitthvað fleira. Hópurinn hefur einnig sett upp verk sín á ýmsum listasýningum sem eru öðruvísi en þegar um eiginlega partítónleika er að ræða. Verkin þar eru töluvert meira abstrakt en aldrei samhengislaus.

Kvikmyndageirinn virðist helst nýta sér þessa tækni Addictive TV. Sveitin hefur verið fengin til þess að endurhljóð- og myndblanda ýmis sýnishorn mynda og hefur Addictive TV tekist virkilega vel upp á því sviði. Mæli ég sérstaklega með sýnishornum úr myndunum Take the Lead, Snakes on a Plane og Shoot Them Up. Margir muna væntanlega eftir laginu Timber með Cold Cut (en tónleikar þeirrar sveitar eiga margt skylt við tónleika Addictive TV) og sérstaklega myndbandið en þar var einmitt unnið með hljómbútasaum út frá myndbrotum. Þó að tónlist Addictive TV sé ekki nærri eins magnþrungin og Timber er margt af því sem sveitin er að gera merkilegt. Kíkið endilega inn á YouTube eða myspace.com/addictivetv, sjón er sögu ríkari.

M.I.A. hugsar hnattrænt

M.I.A. sló í gegn með fyrstu plötunni sinni Arular fyrir tveimur árum. Það var sannkölluð tímamótaplata og ein af afburðaplötum nýrrar aldar. Nú er komin ný plata, Kala, og eins og Trausti Júlíusson komst að þá gefur hún frumburðinum ekkert eftir.

Fyrsta M.I.A.-platan Arular var á undan sinni samtíð og gekk lengra en áður hafði þekkst í að blanda saman ólíkri tónlist og ólíkum menningaráhrifum. Arular var ein af plötum ársins 2005 og þess vegna margir spenntir að heyra framhaldið. Nú er biðin á enda. Kala kom út í vikunni.

Til liðs við skæruliða

M.I.A. er skammstöfun sem stendur fyrir „Missing In Action", en líka önnur stafsetning á fornafni listakonunnar sem heitir Maya Arulpragasam. Hún fæddist í London, en flutti nokkurra mánaða gömul til föðurlandsins Srí Lanka með foreldrum sínum sem vildu leggja skæruliðum Tamiltígra lið í baráttunni gegn stjórn landsins.

Á fyrstu árum ævi sinnar kynntist Maya ófriði, sprengingum, flótta, fátækt og kynþáttafordómum. Hún flúði aftur til London með móður sinni þegar hún var tíu ára. Eftir að hafa reynt fyrir sér í myndlist og hönnun hóf hún að búa til tónlist á Roland MC-505 groovebox og var fljótlega komin með samning við XL-plötufyrirtækið. Á Arular blandaði M.I.A. saman hiphop-i, grime, dancehall, brasilísku fönki, elektró og poppi, en platan innihélt m.a. lögin Pull Up The People, Galang og Sunshowers.

Flakkað um heiminn

Upphaflega ætlaði M.I.A. að gera plötu númer tvö í Bandaríkjunum en þegar henni var neitað um vegabréfsáritun ákvað hún hins vegar að leggja land undir fót og taka plötuna upp hér og þar í heiminum.

Hún dvaldi vikum saman á Indlandi þar sem hún tók upp lifandi slagverksleik og gerði líka lögin BirdFlu og 20 Dollar. Hún tók upp á Trínidad, á Jamaíku, í Japan og í Ástralíu. Eins og Arular er Kala mjög pólitísk. Hún er hugsuð sem heróp frá þriðja heiminum. Á meðal gesta á plötunni er nígeríski rapparinn Afrikan Boy og barnakór frá Líberíu sem syngur með Mayu í laginu Paper Planes, en textinn í því er skemmtilegt innlegg í hryðjuverkaumræðuna.

En þó að þriðji heimurinn sé áberandi þá er líka vísað í vestrænt popp á Kala. Upphafslag plötunnar Bamboo Banga hefst á broti úr texta Jonathans Richman Roadrunner og í Paper Planes er notaður bútur úr laginu Straight To Hell með The Clash.

Bollywood diskósmellur

Kala hefur fengið frábæra dóma. Hún er með næsthæstu meðaleinkunn á árinu hjá Metacritic og er frábært framhald af Arular.

Harðari og hrárri ef eittvað er, fyrir utan lagið Jimmy sem er Bollywood-diskósmellur og verður næsta smáskífa en það er byggt á gömlu lagi sem Maya litla dansaði við til að vinna sér inn pening á Srí Lanka.

M.I.A. Fjörmikið danspopp með alvarlegum undirtóni.



Kvennakór Reykjavíkur

Við getum bætt við félögum í allar raddir. **Ef þú ert áhugasöm um söng ættir þú að hafa samband við okkur í síma 896-6468 eftir kl. 17 og láta í þér heyra.** Kórinn æfir á mánudögum kl. 18:30 og á miðvikudögum kl. 20. Fyrsta æfing vetrarins verður miðvikudaginn 5. september í sal ÍSÓR að Grensásvegi 9. Hlökkum til að sjá þig!

Senjoritur Kvennakórs Reykjavíkur hefja æfingar mánudaginn 10. september kl. 16 í sal ÍSÓR að Grensásvegi 9. Kórinn er ætlaður konum 60+. Skráning nýrra kórfélaga í síma 896-6468 eftir kl. 17.

Kórskóli Kvennakórs Reykjavíkur verður starfræktur á miðvikudögum kl. 18 fyrir konur sem eru óvanar kórsöng. Söngtækni, þjálfun í söng í röddum og undirstaða í tónfræði er megininntak þessa 12 vikna námskeiðs. Skráning í síma 896-6468 eftir kl. 17.

BRENNSLAN ÓLAFUR SVEINN TRAUSTASON

„Það er alltaf erfitt að velja tíu lög sem eru manni hjartfólgin en til að einfalda það fyrir mig ákvað ég að velja lög sem eru tímalaus og hægt er að hlusta á aftur og aftur," segir tónlistarmaðurinn Ólafur Sveinn Traustason um Brennsluna sína.

1. Sveitapiltsins draumur - Hljómar
„Ótrúlega flott lag sem er erlent að uppruna en textinn er einstaklega vel gerður af Ómari Ragnarssyni."

2. Burning Love - Elvis
„Ég varð að velja eitt Elvis-lag, og alltaf gaman að hlusta á þetta lag í flutningi eins besta söngvara og skemmtikrafts allra tíma."

3. While My Guitar Gently Weeps - The Beatles
„Einstaklega vel samið lag af George Harrisson, sýnir vel hversu frábær lagasmiður hann var og er þetta að mínu mati eitt flottasta Bítlalagið."

4. You Belong to Me - Björgvin og Krummi
„Lag samið um miðja síðustu öld en fært í tímalausan búning af feðgunum sem flytja lagið á einstakan hátt. Flott lag og góð útsetning."

5. Love Will Keep Us Alive - Eagles
„Að mínu mati eitt af flottustu Eagles-lögunum. Flott melódía og tilfinningaríkur flutningur frá einni bestu hljómsveit síðustu áratuga."

6. Jesús Kristur og ég - Mannakorn
„Ein af flottustu perlunum úr safni Magnúsar Eiríkssonar við texta sem Vilhjálmur frá Skálholti orti."

7. Tvær stjörnur - Megas

ÓLAFUR SVEINN TRAUSTASON Ólafur valdi tíu tímalaus lög fyrir Brennsluna sína. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

„Eitt af fallegustu lögum sem samin hafa verið á Íslandi. Það hafa nokkrir af okkar bestu söngvurum flutt það og gert vel, en mér finnst Megas sjálfur gera því best skil."

8. Wine for My Weakness - Pétur Ben
„Mjög flott lag og sýnir ótvírætt að Pétur Ben er einn af færustu og bestu tónlistarmönnum okkar í dag."

9. American Tune - Simon og Garfunkel.
„Þetta er ekki eitt af þekktustu lögum Pauls Simon en mér finnst það eitt af hans flottustu."

10. Höldum til hafs á ný - Erlent lag/texti Jónas Árnason.
„Þetta lag kemur mér alltaf í gott skap og í hvert sinn sem mér gefst færi á að spila á gítar í fjölmenni þá tek ég þetta lag. En vel að merkja, það er einstaklega vel flutt af Pöpunum á Þjóðsögu-disknum þeirra."

OneSystems®
sími: 660 8551
fax: 588 1057
www.onesystems.is
one@onesystems.is

Vilt þú koma skjalamálunum í lag?

OneRecords®
mála- og skjalakerfi

- Auðvelt að halda utan um skjöl, t.d. skönnuð skjöl, Office skjöl, Word, Excel, PDF, TIFF ofl.
- OneRecords styður öryggi á einstök skjöl.
- Hægt að tengja One kerfi við vefinn (OnePortal®) fyrir þjónustu 24 tíma á sólarhring.
- Auðvelt að aðlaga kerfi.

SYSTEMS One®
Microsoft Office samhæft
Byggt á Microsoft tækni

OneSystems® bjóða heildarlausn
í skjalamálum fyrirtækja og stofnana

Meðal viðskiptavina OneSystems er fjöldi stórra og smærri fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga:

Íbúðalánasjóður · RÍKISÚTVARPIÐ · Umferðarstofa · Mosfellsbær · Hafnarfjarðarbær · Kópavogur · SJÓVÁ · GLITNIR · LOGOS Lögmannsþjónusta síðan 1907 · Tónastöðin Allt fyrir tónlistarmanninn

> VISSIR ÞÚ?

Leikkonan Salma Hayek fékk einu sinni tvo apa að gjöf sem hétu Carolina og El Mariachi. Þeir voru gjöf til hennar frá Antonio Banderas meðleikara hennar í Desperado og hétu einmitt eftir söguhetjum myndarinnar.

fólk

folk@frettabladid.is

Heiðra McCartney

Hljómsveitin Buff ásamt Reykjavik Sessions Quartet verður með tónleika til heiðurs Bítlinum fyrrverandi, Paul McCartney, í Austurbæ fimmtudaginn 13. september. Flutt verða mörg bestu lög Bítilsins fyrrverandi með tilheyrandi ljósasýningu og fínum hljómgæðum.

Gestasöngvarar verða Magni, Matthías Matthíasson og Ragnar Zolberg.

„Þetta verður geðveikt gaman. Mig hefur lengi langað til að syngja eitthvað á rólegri nótunum sem er ekki bara brjálæði og öskur," segir Ragnar Zolberg. „Ég er mikill Bítlamaður. Pabbi var með Bítlana á fóninum þegar ég fæddist þannig að þetta rennur í blóðinu."

Ragnar er um þessar mundir staddur í Englandi með hljómsveit sinni Sign. „Við höfum verið hérna í þrjár vikur. Það hefur gengið frábærlega og við höfum fengið góða dóma," segir hann.

Miðasala á McCartney-tónleikana hefst á mánudag í Austurbæ, á midi.is, Skífunni í Reykjavík og BT úti á landi. - fb

PAUL MCCARTNEY Tónleikar til heiðurs Bítilnum fyrrverandi verða haldnir í Austurbæ 13. september.

Ellý Ármansdóttir lætur lesa bloggi sínu

Einn vinsælasti bloggari landsins, Ellý Ármannsdóttir, hefur læst bloggi sínu. Aðdáendur hennar verða því að fá úthlutað sérstöku lykilorði til að geta lesið hinar skemmtilegu og erótísku sögur hennar.

Ekki náðist í Ellý í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að forvitnast um ástæður læsingarinnar. Staðgengill netstjóra mbl.is, Árni Matthíasson, sagðist ekki hafa hugmynd um af hverju Ellý hefði læst bloggi sínu og taldi það ekki vera neinn heimsendi fyrir Moggabloggið þótt að þetta hefði gerst. „En það voru vissulega heitar umræður um skrif hennar á miðvikudagskvöldinu. Ég veit hins vegar ekki hvort það hafði eitthvað með þessa læsingu að gera," segir Árni og viðurkenndi jafnframt að netstjórninni hefðu borist einhverjar athugasemdir við skrif Ellýar. „Annars virðist fólk vera ótrúlega umburðarlynt á blogginu," bætir Árni við.

Á bloggsíðu Jennýar Önnu Baldursdóttir, jenfo.blog.is sem hefur verið í einum af efstu sætum vinsældalista Moggabloggsins, var skrifuð færsla um skrif Ellýar og sett spurningarmerki við hvort sögurnar væru ekki komnar út fyrir allt velsæmi. Ekki stóð á viðbrögðunum í athugasemdakerfinu því yfir fjörutíu athugasemdir voru skráðar við umrædda færslu.

LÆST Erótískar sögur Ellýar eru nú læstar og ekki opnar hverjum sem er.

Vinsældir Ellýar hafa nánast verið lygilegar en hún skaust upp á stjörnuhiminn bloggsins fyrr í sumar. Í byrjun maí náði Ellý því takmarki að yfir tíu þúsund heimsóknir voru á síðu hennar. Ellý hefur jafnframt verið áberandi að undanförnu í fjölmiðlum og vakti ekki litla athygli þegar hún sat fyrir með fartölvuna eina klæða á forsíðu tímaritsins Ísafoldar. - fgg

Á norrænt þing í eldsmíði

Guðmundur Sigurðsson fer ekki troðnar slóðir í lífinu en hann er á leiðinni á norrænt þing eldsmiða um helgina.

Auk þess að vera menntaður hljóðfærasmiður og umsjónarmaður keilusalarins á Akranesi er Guðmundur einnig virkur meðlimur í Víkingafélaginu Hringhorna. „Það verða á fjórða tug eldsmiða sem hittast þarna með afl og fýsibelg til þess að smíða úr járni upp á gamla mátann úti í guðs grænni náttúrunni," segir Guðmundur en mótið fer fram í Árósum í Danmörku. Hann verður ekki eini Íslendingurinn því Keflvíkingurinn Böðvar Gunnarsson fer utan með Guðmundi. „Ég er búinn að vera að fikta við eldsmíði í nokkur ár og hitti umsjónarmenn þingsins á víkingahátíðinni í Hafnarfirði þar sem ég var að smíða flautur. Þannig kom það nú til að ég ákvað að fara."

Guðmundur segist reikna með að læra töluvert á þinginu þótt hann hafi áður sótt námskeið í greininni. „Ég fór á námskeið í Reykjavík hjá Bjarna Þór Kristjánssyni auk þess sem ég fékk til mín smið frá Svíþjóð sem kenndi mér í vikutíma. Hann hafði verið að vinna fyrir austan sem fjárhirðir. En maður lærir eitthvað nýtt við hvert tækifæri sem maður fær til þess að smíða. Það er ekki mikið hægt að stunda eldsmíðina hér á landi, fólk þarf að vinna fyrir salti í grautinn og hefur ekki takmarkalausan tíma til að dunda sér í einhverju svona. Maður þyrfti að vinna við þetta til að ná upp alvöru færni. Það er ekki nóg að kveikja upp nokkrum sinnum á ári."

Þema þingsins er skurðarverkfæri og ætlunin er meðal annars að smíða eftirlíkingar af verkfærum sem fundust í kistu árið 1936 og talið er að séu frá víkingatímanum. En hvað er svona skemmtilegt við eldsmíðina? „Ekki neitt!" segir Guðmundur og skellir upp úr. „Maður er í því að brenna sig og hvaðeina. Nei, ég segi svona. Ég þarf bara að prófa allt sem tengist þessum tíma þegar menn gátu enn gert eitthvað með höndunum." - sók

SMÍÐAR BÆÐI HLJÓÐ- OG VERKFÆRI Guðmundur Sigurðsson smíðar bæði fiðlur og verkfæri úr járni og segist hugfanginn af víkingatímabilinu. Hann ætlar til Danmerkur um helgina þar sem verður haldið þing norrænna eldsmiða.

Lengsta vatnsrennibraut landsins

Lengsta vatnsrennibraut á Íslandi er í smíðum við sundlaugina í Neskaupstað. Brautin, sem verður opnuð í lok september, er um 63 metrar að lengd og er gjöf frá Samvinnufélagi útgerðarmanna í Neskaupstað, SÚN.

„Við höfum ekki haft rennibraut í mjög mörg ár," segir Benedikt Sigurjónsson, forstöðumaður íþróttamiðstöðvar Neskaupstaðar. „Ég held að fyrsta rennibrautin á Íslandi hafi verið sett hér upp fyrir fimmtíu árum. Það var ungur íþróttakennari sem kom með þessa hugmynd og lét smíða hana á staðnum. Gólfdúkur var notaður sem renniflötur og það var vinsæl rennibraut þótt hún væri ekki stór, eða um einn tíundi af þessari nýju. Hún stóð uppi í fimm til sex ár en hún stæðist ekki kröfur eftirlitsstofnana í dag," segir Benedikt.

Hann segir það ekki skipta öllu máli þótt nýja brautin sé sú lengsta á landinu eður ei. „Það er ekki aðalmarkmið heldur að þetta virki eins og til er ætlast hvað varðar afþreyingu og skemmtun." Stórar og miklar dælur fylgja brautinni eins og gefur að skilja og verður brautin þar af leiðandi ekki opin alla daga ársins.

Að sögn Benedikts er mikill spenningur í bænum fyrir nýju brautinni og hugsar unga fólkið sér gott til glóðarinnar að skella sér í góða salibunu. Hann býst þó ekki við því að nágrannasveitarfélögin verði dugleg við að koma í rennibrautina og hvað þá starfsmenn álversins í Reyðarfirði. „Það verður nýjabrum eins og gengur og gerist en þeir koma afskaplega lítið hér." - fb

NÝJA VATNSRENNIBRAUTIN Vatnsrennibrautin verður opnuð í lok september við mikinn fögnuð bæjarbúa.

Gerðu hagstæð innkaup í Nettó

1.128 kr/kg, áður 2.256 kr/kg
Ísfugls kjúklingabringur án skinns

398 kr/kg, áður 699 kr/kg
Matfugls ferskur heill kjúklingur

196 kr/kg, áður 418 kr/kg
Goða saltkjöt

349 kr/pk, áður 499 kr/pk
Frechetta Italiano, 2 stk í pakka

88 kr/fl
Egils Pepsi Max, 2l

Hönnun: H:N markaðssamskipti / SÍA Umbrot: Vikurfréttir

full búð af frábærum tilboðum

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 30. ágúst – 2. sept. eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

Nýtt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ

Sími: 553 2075
- bara lúxus





Ísl. tal

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

DISTURBIA	kl.5.45,8 og 10.20-POWER	14
BRETTIN UPP íslenskt tal	kl. 4 og 6	L
THE BOURNE ULTIMATUM	kl. 5.40, 8 og 10.20	14
RUSH HOUR 3	kl. 8 og 10	12
RATATOUILLE íslenskt tal	kl. 3.35	L
TRANSFORMERS	kl. 3.40	10

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is

NÝTT Í BÍÓ!





SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

SURFS UP ENSKT TAL	kl. 4 - 6 - 8 - 10	
BRETTIN UPP ÍSL. TAL	kl. 4 - 6	
BOURNE ULTIMATUM	kl. 8 - 10.30	14
BOURNE ULTIMATUM LÚXUS	kl. 5.30 - 8 - 10.30	
THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL	kl. 4 - 8 - 10	
THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL	kl. 4 - 6	
RUSH HOUR 3	kl. 6 - 8 - 10.10	12

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó!

SÝNINGARTÍMAR GRÆNA LJÓSSINS

KL. 5.30	Hallam Foe / Deliver Us From Evil	
KL. 8	Away From Her / Die Falscher / Cocaine Cowb.	
KL. 10.30	Sicko / Shortbus / The Bridge	
EVENING	kl. 5.30 - 8 - 10.30	
BRETTIN UPP ÍSL. TAL	kl. 6	

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

BRETTIN UPP ÍSL. TAL	kl. 6	
ASTRÓPÍA	kl. 6 - 8 - 10.10	
BOURNE ULTIMATUM	kl. 5.30 - 8 - 10.30	14
RUSH HOUR 3	kl. 6 - 8 - 10	12
BECOMING JANE	kl. 8 - 10.30	

SÍMI 462 3500

BRETTIN UPP ÍSL. TAL	kl. 6	
DISTURBIA	kl. 8 - 10.10	14
BOURNE ULTIMATUM	kl. 8 - 10.10	14
RUSH HOUR 3	kl. 6	12

MIÐASALA Á midi.is

SAMBÍÓIN www.SAMbio.is 575 8900 midi.is

Ertu að fara að gifta þig?
Þá viltu alls ekki lenda í honum!!!

Drepfyndin gamanmynd með hinum eina sanna Robin Williams og ungstirninu Mandy Moore.





ÁLFABAKKA

DISTURBIA	kl. 5:30 - 8 - 10:30	14
DISTURBIA	kl. 5:30 - 8 - 10:30 VIP	
LICENSE TO WED	kl. 4 - 6 - 8 - 10:10	7
ASTRÓPÍÁ	kl. 4 - 6 - 8 - 10:10	L
RATATOUILLE M/- ENSKU TAL	kl. 8 - 10:30	L
RATATOUILLE M/- ÍSL TAL	kl. 5:30	L
TRANSFORMERS	kl. 5 - 8 - 10:40	10
SHREK 3 M/- ÍSL TAL	kl. 3:45	L

KRINGLUNNI

ASTRÓPÍÁ	kl. 3:40 - 6:30 - 8:30 - 10:30	L
LICENSE TO WED	kl. 4 - 6 - 8 - 10:10	7
BOURNE ULTIMATUM	kl. 5:40 - 8 - 10:20	14
RATATOUILLE M/- ÍSL TAL	kl. 4 DIGITAL	L

SELFOSSI S. 482 3007

ASTRÓPÍÁ	kl. 6 - 8 - 10	L
RUSH HOUR 3	kl. 8 - 10	12
RATATOUILLE M/- ÍSL TAL	kl. 5:50	L

AKUREYRI

LICENSE TO WED	kl. 8 - 10	7
RATATOUILLE M/- ÍSL TAL	kl. 6	L
ASTRÓPÍÁ	kl. 6 - 8 -10	L

KEFLAVÍK

ASTRÓPÍA	kl. 6 - 8 - 10	L
BOURNE ULTIMATUM	kl. 8 - 10:30	12
RATATOUILLE M/- ÍSL TAL	kl. 5:45	L

Íslenskir karlmenn ófeimnir við að sýna nekt

Danshöfundurinn Ástrós Gunnarsdóttir auglýsti á dögunum eftir karlmönnum í tökur fyrir dansverk. Ekki stóð á viðbrögðum íslenskra karlmanna sem létu sig ekki muna um að fækka fötum framan við myndavélarnar.

KARL-Í-MYND „Ég fékk alls konar karlmenn, sem var einmitt það sem ég vildi," segir Ástrós. „Þeir voru ekkert mjög feimnir, að minnsta kosti ekki margir."

„Þetta gekk bara þokkalega, við fengum að minnsta kosti nóg af karlmönnum," segir Ástrós en afraksturinn úr tökunum hefur hún notað í vídeóverkið Karl-í-mynd sem verður frumsýnt í verslunarglugga Liborius á Laugaveginum kl. 17 í dag í tengslum við Reykjavík Dance Festival. „Við auglýstum undir yfirskriftinni „karlmenn" og tókum fram að óskað væri eftir sjálfboðaliðum sem sýndu andlit, hendur, líkama og kynfæri þótt engum væri gert skylt að sýna allt. Ég fékk alls konar karlmenn, sem var einmitt það sem ég vildi. Þeir voru ekkert mjög feimnir, að minnsta kosti ekki margir, og voru alveg til í að taka þátt í þessu listaverki. Ég bauð þeim að fara úr öllu, sumir þáðu það og aðrir ekki."

Vídeóverkið er byggt á rannsókn sem Ástrós hefur unnið að víðsvegar um heiminn undanfarið ár um ímynd karlmanna í hugum kvenna. „Ég vona að með þessu stingi maður kannski á einhverjum kýlum sem legið hafa óhreyfð," segir hún. „Ég er fyrst og fremst að fjalla um ímynd karlmanna útlitslega séð og tek ekki tillit til stöðu þeirra eða þess háttar. Ekki ósvipað því hvernig karlmenn hafa mótað ímynd kvenna." Hún segir niðurstöður rannsóknanna vera leyndarmál. „Þær koma fram í verkinu og eru settar fram á listrænan en þó skýran og skilmerkilegan hátt."

Ástrós segir að sig hafi lengi langað til þess að gera verk um karlmenn. „Ég hef einfaldlega áhuga á karlmönnum, útliti þeirra og líkamsbyggingu. Þetta er fyrsta skrefið í því ferli en mig langar að halda áfram og gera sviðsverk eftir svipaðri hugmynd." Hún játar því að í verkinu þyrftu karlmennirnir helst að sýna nekt. „Það er ekkert fallegra en nakinn karlmannslíkami. Ég held að við konurnar séum allt of ragar við að tjá okkur um þessi mál. Karlmenn eru óhræddir við að segja sínar skoðanir á konum en ekki öfugt."

- sók

HEFUR ÁHUGA Á KARLMÖNNUM Ástrós Gunnarsdóttir gerði vídeóverk um karlímyndina og fékk íslenska karlmenn til liðs við sig. „Ég hef einfaldlega áhuga á karlmönnum," segir Ástrós um tilurð verksins, sem er byggt á rannsóknum hennar meðal kvenna.

Holdafar Keiru stelur senunni

Kvikmyndahátíðin í Feneyjum stendur nú yfir en þó eru það ekki kvikmyndirnar sjálfar sem fengið hafa mesta umfjöllun heldur holdafar stjarnanna, einkum hinnar bresku Keiru Knightley. Keira þykir sjaldan eða aldrei hafa verið jafn grönn þótt hún neiti því staðfastlega að þjást af átröskun. Þó er því haldið fram í Daily Mail að hún hafi verið „ótrúlega horuð" en Keira kærði einmitt tímaritið í janúar síðastliðnum fyrir að halda því þráfaldlega fram að hún væri með átröskun. „Það væri ekki hægt að segja neitt hræðilegra," sagði Keira um umfjöllun blaðsins. Hún hefur einnig margoft lýst því yfir í fjölmiðlum að hún fái sig ekki til þess að fara í ræktina. „Mér finnst það óbærilega leiðinlegt." Hugsanlega felst skýringin á vexti Keiru í mataræðinu því einhverju sinni var haft eftir ónafngreindum „vini" hennar í einhverju slúðurblaðinu að hún borðaði mestmegnis vatnsmelónur og grænmeti.

KEIRA KNIGHTLEY Eins og sjá má á þessum myndum er Keira afar grönn.

OWEN WILSON Wilson er að jafna sig eftir að hafa reynt að fyrirfara sér á dögunum.

Hættur við Thunder

Leikarinn Owen Wilson, sem reyndi að fremja sjálfsvíg á dögunum, hefur hætt við að leika í gamanmyndinni Tropic Thunder. Wilson átti að koma fram í feluhlutverki í myndinni, sem er leikstýrt af vini hans Ben Stiller.

Söngkonan Courtney Love heldur því fram að breski leikarinn Steve Coogan, sem átti að vera mótleikari Wilson í Tropic Thunder, hafi haft slæm áhrif á Wilson með óheilbrigðu líferni sínu. Coogan hefur vísað þessu alfarið á bug.

Talið er að Wilson sjáist næst opinberlega á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum þegar mynd hans The Darjeeling Limited verður frumsýnd 29. september.

Upptökur ganga vel hjá U2

Upptökur á nýjustu plötu U2 hafa gengið vel. Upptökustjórinn Daniel Lanois, sem tók upp plöturnar The Unforgettable Fire, The Joshua Tree og Achtung Baby, var fenginn til að aðstoða sveitina við lagasmíðar fyrir plötuna ásamt öðrum góðvini U2, Brian Eno.

Að sögn Lanois hafa upptökurnar gengið vonum framar. „Í þetta sinn var okkur boðið að taka þátt í lagasmíðunum," sagði hann. „Ég tók þátt í þremur samningalotum með Eno og U2 og það gekk frábærlega. Við ætlum að hittast aftur í nóvember."

Síðasta plata U2, How to Dismantle an Atomic Bomb, kom út árið 2004 við góðar undirtektir.

U2 Hljómsveitin U2 er að undirbúa nýja plötu með aðstoð Daniels Lanois og Brians Eno.

JOLIE Angelina Jolie heimsótti Sýrland og Írak fyrir skömmu.

Hitti íraska flóttamenn

Leikkonan Angelina Jolie fór í opinbera heimsókn til Sýrlands og Íraks, þar sem hún hitti flóttamenn og bandaríska hermenn sem þar eru staddir. Jolie, sem er góðgerðarsendiherra hjá flóttamannahjálp Sameinuðu þjóðanna, hitti fyrst íraska flóttamenn í Sýrlandi og fór síðan yfir til Íraks í nokkrar klukkustundir.

„Ég fór til Sýrlands og Íraks til að vekja athygli á ástandinu sem þar ríkir í mannúðarmálum. Vil ég hvetja þjóðir heimsins til að auka stuðning sinn við flóttamannahjálp Sameinuðu þjóðanna og samstarfsaðila hennar," sagði Jolie. Talið er að um 4,2 milljónir Íraka hafi þurft að yfirgefa heimili sín síðan Íraksstríðið hófst fyrir fjórum árum.

Ástarsaga í skugga Alzheimer

Kvikmyndin Away From Her segir frá miðaldra hjónum, Fionu og Grant, takast á við Alzheimer-sjúkdóm Fionu og innlögn hennar á hjúkrunarheimili fyrir Alzheimer-sjúklinga. Við fylgjumst með Fionu missa minnið smám saman og erfiðleika þeirra hjóna við að sætta sig við sjúkdóminn og afleiðingar hans.

Away From Her er fyrsta myndin í fullri lengd sem Sarah Polley leikstýrir. Sarah er tæplega þrítug, margverðlaunuð leikkona, sem hefur áður gert nokkrar stuttmyndir.

Polley tekst einstaklega vel að fjalla um þetta viðkvæma efni af virðingu og án þess að vera væmin eða of dramatísk. Í grunninn er þetta einfaldlega saga um fólk sem er að gera sitt besta til að takast á við lífið í skugga illviðráðanlegs sjúkdóms.

Leikurinn í myndinni er góður. Aðalleikkonan Julie Christie sýnir snilldarleik. Henni tekst að túlka andlega hnignun Fionu á einkar sannfærandi hátt. Aðrir standa nokkuð í skugganum af henni en skila sínu áfallalaust.

Söguþráðurinn er að mörgu leyti fyrirsjánlegur en það kemur ekki að sök því ekki er verið að elta einhverjar klisjur. Persónusköpunin er það sterk að það sem er fyrirsjánlegt verður samt aldrei ósannfærandi.

Away from her er því þegar á heildina er litið góð mynd um manneskjur í erfiðum aðstæðum.

-Jarþrúður Karlsdóttir

KVIKMYNDIR

Away From Her

Leikstjóri: Sarah Polley

Sýnd á Bíódögum Græna ljóssins

★★★★

Away From Her er falleg vel leikin mynd um það hvernig hjón takast á við að konan fær Alzheimer.

Stafrænn South Park

Höfundar teiknimyndaþáttanna South Park hafa gengið frá samningi um að þættirnir verði fáanlegir á stafrænan hátt á netinu, í farsímum og í leikjatölvum.

„Núna getum við líka ofboðið fólki í gegnum farsíma, leiki og tölvur. Þetta er allt saman mjög spennandi," sagði Trey Parker, annar höfundanna.

Einnig undirrituðu Parker og félagi hans, Matt Stone, samning við Viacom um að búa til þrjár þáttaraðir til viðbótar af South Park. Hefur þátturinn verið sýndur við frábærar undirtektir frá árinu 1997.

SOUTH PARK Þátturinn South Park nýtur enn þá gífurlegra vinsælda.

STONES Hljómsveitin Rolling Stones er hvergi nærri hætt þó að meðlimirnir séu komnir á sjötugsaldurinn.

Ekki hættir

Ronnie Wood, gítarleikari The Rolling Stones, segir að sveitin sé langt í frá hætt og eigi eftir að fara í fleiri tónleikaferðir á næstu árum. „Við þurfum hvíld núna en að sjálfsögðu förum við aftur í tónleikaferð. Við ætlum aldrei að hætta því," sagði Wood.

Rollingarnir luku The Bigger Bang-tónleikaferðinni á dögunum með tónleikum í London. Orðrómur hefur verið uppi um að þetta væri síðasti túr sveitarinnar en Wood hefur nú vísað honum til föðurhúsanna.

www.volkswagen.is

* Á meðan birgðir endast.

Komdu og prófaðu Golf GT Sport og fáðu miða á hasarmyndina The Bourne Ultimatum.*

Ómótstæðilegur, þú fellur fyrir honum eins og skot!

170 hestafla TSI-vélin kemur bílnum í 100 km hraða á aðeins 7,9 sekúndum og eyðir aðeins 7,3 lítrum í blönduðum akstri. Sportfjöðrunin tryggir hámarksupplifun af akstrinum. Meðal annars búnaðar er: Sportinnrétting, GT-grill, sóllúga, álfelgur og fjölrofastýri. Bíllinn er samlitur með skyggðum rúðum.

Verð frá 3.090.000 kr.

Volkswagen Golf GT Sport er grænn bíll

HEKLA greiðir fyrir kolefnisjöfnun allra nýrra Volkswagen-bíla í eitt ár. Kolefnisjöfnun felst í því að binda samsvarandi magn gróðurhúsalofttegunda og bíllinn gefur frá sér. Þetta gerum við með skógrækt og landgræðslu.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 07-1197

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

HEKLA

> D-dagur hjá Kjartani Henry

Félagaskiptaglugginn lokar á miðnætti í kvöld og það verður því mikill handagangur í öskjunni í dag. Kjartan Henry Finnbogason er enn án félags en hann hefur farið til reynslu hjá fjölda félaga án árangurs. Kjartan segir eina helstu fyrirstöðuna vera þá að Celtic vilji fá hærri uppeldisbætur en þau lið sem hafa áhuga á honum vilja borga. Kjartan sagði við Fréttablaðið í gær að enn kæmi til greina að fara til danska liðsins Viborg sem og til sænsks 1. deildarliðs. Félögin munu þó ekki semja við Kjartan nema Celtic slái af kröfum sínum og þar liggi hundurinn grafinn.

sport
sport@frettabladid.is

ÍSLANDSMEISTARAR VALS: MIKIL MEIÐSLAVANDRÆÐI HJÁ MEISTURUNUM ÞEGAR STUTT ER Í MÓT

Sigurður flýgur hugsanlega í leiki með Val

Undirbúningstímabilið hefur ekki verið neinn dans á rósum hjá Íslandsmeisturum Vals í handknattleik. Fjöldi leikmanna glímir við meiðsli og á þessari stundu er ekki ljóst hversu mikinn þátt Markús Máni Michaelsson tekur í Íslandsmótinu en hann hefur ekkert æft með Valsmönnum í sumar.

„Það er óvissuástand með Markús. Hann er samningsbundinn félaginu og alls óvíst hvað verður með hann. Við vitum vel af hans stöðu en Markús hefur mikinn metnað í sinni vinnu og hún er tímafrek. Okkar mál eru unnin í góðu og það er engin kergja í gangi," sagði Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, við Fréttablaðið í gær en það þarf ekki að fara mörgum orðum um hversu mikill missir það væri fyrir meistarana að missa Markús Mána. Það segir reyndar sína sögu að Óskar Bjarni er þegar búinn að útnefna Ólaf Gíslason fyrirliða liðsins í stað Markúsar.

Fyrir utan málið með Markús þá er Sigurður Eggertsson farinn til Danmerkur og þeir Ernir Hrafn Arnarson, Elvar Friðriksson, Fannar Friðgeirsson og Hjalti Pálmason hafa allir verið að glíma við meiðsli. Svo er ekki enn búið að ganga frá félagaskiptum Sigfúsar Páls Sigfússonar til Vals en Valur reiknaði með honum í slaginn. Eins og staðan er í dag er alls óvíst að hann leiki með félaginu í vetur.

„Þetta er vissulega bagalegt. Það getur vel farið svo að við nýtum okkur Sigurð Eggertsson eitthvað í upphafi móts vegna meiðslanna en Sigurður er enn samningsbundinn okkur og við höfum ekkert heyrt frá félaginu sem hann ætlar að spila með. Það kæmi því vel til greina að fljúga með Sigurð í einhverja leiki ef við þurfum á aðstoð að halda," sagði Óskar Bjarni sem býst engu að síður við því að Sigurður muni síðan ganga frá samningi við danska félagið en Sigurður er staddur í æfingabúðum á Spáni með því félagi.

ÚRSLIT

Landsbankadeild kvenna:

Þór/KA-KR	1-6
Rakel Hönnudóttir - Katrín Ómarsdóttir, Edda Garðarssdóttir, Hólmfríður Magnúsdóttir, Ólína G. Viðarsdóttir, Hrefna Jóhannesdóttir, Lilja Valþórs.	
ÍR-Fjölnir	1-0
Daniela Veloso, víti.	
Stjarnan-Fylkir	3-1
Harpa Þorsteinsdóttir 2, Helga Sjöfn Jóhannesdóttir - Anna Björg Björnsdóttir, víti.	

STAÐAN:

1. KR	12	11	1	0	55:13	34
2. Valur	**11**	**10**	**1**	**0**	**54:5**	**31**
3. Breiðablik	12	7	1	4	25:24	22
4. Keflavík	**12**	**7**	**0**	**5**	**28:26**	**21**
5. Stjarnan	12	4	3	5	19:23	15
6. Fjölnir	**13**	**3**	**3**	**7**	**12:18**	**12**
7. Þór/KA	13	2	1	10	10:40	7
8. ÍR	**12**	**2**	**1**	**9**	**14:48**	**7**
9. Fylkir	11	1	3	7	11:31	6

Fram	2-2	Keflavík

Laugardalsvöllur, áhorf.: 781 — Jóhannes Valgeirss. (6)

1-0 Hjálmar Þórarinsson (7.)
1-1 Guðmundur Steinarsson (23.)
1-2 Þórarinn Kristjánsson (52.)
2-2 Jónas Grani Garðarsson (81.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	6–15 (4–7)
Varin skot	Hannes 5 – Bjarki 2
Horn	4–9
Aukaspyrnur fengnar	9–10
Rangstöður	4–0

FRAM 4–5–1		KEFLAVÍK 4–4–2	
Hannes Halldórsson	5	Bjarki Freyr Guðmu.	5
Ingvar Þór Ólason	5	Guðjón Antoníusson	5
Reynir Leósson	6	Kenneth Gustafsson	5
Kristján Hauksson	5	Guðmundur Mete	5
Daði Guðmundsson	6	Hallgrímur Jónasson	6
Hjálmar Þórarins.	4	Marco Kotilainen	6
Hans Mathiesen	5	Jónas Guðni Sævars.	6
(55., Óðinn Árna.	5)	Baldur Sigurðsson	4
***Alexander Steen**	**7**	Simun Samuelsen	5
Theodór Óskarsson	6	Guðmundur Steinars.	6
(86., Ívar Björns.	-)	(83., Magnús Þorst.	-)
Henrik Eggerts	5	Þórarinn Kristjánsson	6
(55., Patrick Redo	5)		
Jónas Gr. Garðars.	5		

**Maður leiksins*

STAÐAN Í LANDSBANKADEILDINNI

FH	**15**	**10**	**4**	**1**	**36-19**	**33**
Valur	14	8	4	2	31-17	28
ÍA	**15**	**7**	**4**	**4**	**28-22**	**25**
Fylkir	15	7	3	5	17-16	24
Breiðablik	**15**	**4**	**7**	**4**	**22-14**	**19**
Keflavík	15	5	4	6	23-25	19
HK	**15**	**4**	**3**	**8**	**14-30**	**15**
Víkingur	14	3	4	7	13-21	13
Fram	**15**	**3**	**4**	**8**	**21-27**	**13**
KR	15	2	5	8	12-26	11

Herbragð Guðjóns virkaði

Skagamenn unnu Blika í gær, 2-1, á heimavelli sínum þó svo gestirnir hafi verið mun betri í leiknum. Að slíku er ekki spurt og varnarleikur ÍA skilaði sigri.

FÓTBOLTI Skagamenn unnu dýrmætan sigur á sprækum Blikum á Skipaskaga í gær. Staðan í hálfleik var 1-1 og eftir að hafa sótt stíft allan síðari hálfleikinn urðu Blikar að játa sig sigraða eftir að Dario Cingel tryggði heimamönnum sigur í blálokin.

„Í fótbolta er ekkert sanngjarnt. Þetta snýst bara um hvað liðin ná að skora mörg mörk," sagði Guðjón Þórðarson, þjálfari ÍA, og hitti naglann á höfuðið. Blikar mega þó vera mjög ósáttir við útkomuna.

Blikar voru fyrri til að skora en þar var að verki Prince Rajcomar eftir fyrirgjöf Gunnars Arnar Jónssonar. Prince var einn á auðum sjó eftir að stungið sér inn á milli varnarmanna Skagans og skallaði laglega í markið.

Skagamenn jöfnuðu þegar þeir fengu dæmda aukaspyrnu og eftir hana barst boltinn á Vjekoslav Svadumovic sem skoraði. Skagamenn fengu aftur aukaspyrnu á 88. mínútu. Bjarni tók spyrnuna og gaf inn á teiginn þar sem Dario Cingel stökk hæst og skallaði boltann í netið.

„Ég er auðvitað sleginn og orðlaus yfir því að við náðum ekki að nýta okkur þá yfirburði sem við höfðum í leiknum," sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Blika. „Strákarnir gerðu allt rétt og spiluðu glimrandi vel í leiknum. Það vantaði bara að klára færin og það var svo andvaraleysi í vörninni sem kostaði okkur leikinn."

Guðjón Þórðarson sagði að skilaboðin sem hann hafði til sinna manna í hálfleik hafi verið einföld. „Ég sagði við þá að agaður leikur og vinnusemi myndu skila sigri í þessum leik. Það kom á daginn. Við vorum búnir að æfa föstu leikatriðin vel á æfingu í gær og það varð úr að við skoruðum bæði mörkin úr föstum leikatriðum."

Miðað við spá sparkspekinga í vor hafa Skagmenn farið fram úr björtustu vonum. „Ég er ekki ánægður ennþá. Ég vil fá fleiri stig," sagði Guðjón.

eirikur@frettabladid.is

HÁLOFTABOLTI Skagamaðurinn Andri Júlíusson og Blikinn Árni K. Gunnarsson berjast hér um boltann. FRÉTTABLAÐIÐ/GÍSLI BALDUR

ÍA	2-1	Breiðablik

Akranesvöllur, áhorf.: 637 — Kristinn Jakobsson (8)

0-1 Prince Rajcomar (22.)
1-1 Vjekoslav Svadumovic (36.)
2-1 Dario Cingel (88.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	9–15 (4–9)
Varin skot	Páll Gísli 8 – Jacobsen 1
Horn	2–9
Aukaspyrnur fengnar	12–16
Rangstöður	1–3

ÍA 5–4–1		BREIÐAB. 4–4–2	
Páll Gísli Jónsson	8	Casper Jacobsen	6
Guðjón H. Sveinsson	5	Árni K. Gunnarsson	7
Árni Thor Guðm.	7	Srdjan Gasic	7
***Dario Cingel**	**8**	Nenad Petrovic	6
Heimir Einarsson	7	Arnór Aðalsteins.	6
Helgi Pétur Magnús.	6	Gunnar Örn Jónsson	6
Bjarni Guðjónsson	7	(72., Magnús Páll	-)
Jón Vilhelm Ákason	5	Arnar Grétarsson	7
V. Svadumovic	7	Olgeir Sigurgeirsson	5
Andri Júlíusson	6	Nenad Zivanovic	6
Björn Bergmann	6	Kristinn Steindórsson	5
(82., Dean Martin	-)	Prince Rajcomar	6
		(78., Kristján Óli	-)

**Maður leiksins*

Landsbankadeild karla:

Metið stendur

FÓTBOLTI Ekki tókst að slá aðsóknarmetið í efstu deild karla í leikjunum fjórum í gær.

Það vantar samt ekki nema 632 áhorfendur til að slá metið. Má reikna með að metið falli á sunnudag þegar Víkingur tekur á móti Valsmönnum í Víkinni. 97.394 manns hafa mætt á völlinn í sumar. **- esá**

UEFA-bikarinn í knattspyrnu:

Ari Freyr hetja Häcken í gær

FÓTBOLTI Ari Freyr Skúlason skoraði sigurmark Häcken í 1-0 sigri á skoska liðinu Dunfermline í UEFA-bikarnum í gær og tryggði liði sínu þar með sæti í næstu umferð. Ari Freyr skoraði markið á 27. mínútu en fyrri leiknum í Skotlandi lauk með 1-1 jafntefli. Häcken sló út KR í fyrstu umferð en dregið verður í næstu umferð í dag. **- óój**

Jafntefli í bragðdaufum markaleik á Laugardalsvelli sem endaði 2-2:

Gullið tækifæri rann Fram úr greipum

FÓTBOLTI Fram náði ekki að rífa sig frá botninum er liðið varð að sætta sig við jafntefli gegn Keflavík, 2-2.

Leikurinn fór þó fjörlega af stað. Keflvíkingar voru aðgangsharðir í byrjun en á 7. mínútu breyttist gangur leiksins. Fram komst yfir með laglegur marki Hjálmars Þórarinssonar. Eftir sókn upp vinstri vænginn fékk Hjálmar boltann á vítateigslínunni miðri. Þaðan skaut hann hnitmiðuðu skoti í hægra hornið á marki Keflavíkur.

Fram tók í kjölfarið öll völd á vellinum og það var gegn gangi leiksins að Guðmundur Steinarsson jafnaði metin á 23. mínútu með marki eftir hornspyrnu. Marco Kotilainen tók horn frá vinstri. Hannes Þór reyndi að kýla boltann frá en gekk ekki betur en svo að boltinn barst til Guðmundar Steinarssonar sem sendi boltann af miklu öryggi í mitt markið úr miðjum vítateignum.

Keflvíkingar mættu mjög ákveðnir til leiks eftir leikhlé og uppskáru mark eftir aðeins 7 mínútna leik. Símun Samuelsen sendi boltann fyrir frá vinstri þar sem Baldur Sigurðsson kom askvaðandi og skallaði boltann að marki. Hannes Þór varði vel en náði ekki að halda boltanum. Þórarinn Kristjánsson var fljótastur að átta sig á stöðunni og potaði boltanum yfir Hannes og í netið.

Fram tryggði sér mikilvægt stig í fallbaráttunni þegar Alexander Steen átti frábæra sendingu inn fyrir vörn Keflavíkur á Theódór Óskarsson sem renndi boltanum á Jónas Grana Garðarsson sem rúllaði boltanum yfir marklínuna af stuttu færi í autt markið. Sanngjarnt jafntefli því staðreynd í auðgleymanlegum leik.

Þeir Reynir Leósson, fyrirliði Fram, og Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur voru sammála um að jafntefli hefðu verið sanngjörn úrslit.

„Það er auðvitað svekkjandi að hafa ekki náð sigri miðað við stöðuna í deildinni," sagði Reynir. „Með sigri hefðum við komist fjórum stigum frá KR. En þetta var betra en að tapa leiknum. Mér líst svo ágætlega á framhaldið. Við erum alltaf jákvæðir en við vitum að þetta verður mjög erfitt áfram."

Kristján sagði að hann hefði séð batamerki hjá sínum mönnum eftir erfiða törn í deildinni undanfarið. „Við áttum þó að gera betur í seinni hálfleik. Við vorum ekki nógu rólegir á boltann."

Hann segir að Evrópusæti sé ekki lengur takmark liðsins. „Það eina sem við ræðum um er að vinna einn leik. Við siglum lygnan sjó í deildinni og þess vegna er það óþarfi að mæta yfirspenntir í leikinn. Við þurfum að vera rólegri og kannski kemur það með einum sigri. Ég er þó sáttur við að báðir framherjarnir skoruðu í dag. Það var mikilvægt." **- gmi / - esá**

Á FLEYGIFERÐ Færeyingurinn Simun Samuelsen skeiðar hér auðveldlega fram hjá Framaranum Ingvari Ólasyni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Brúarhlaup Selfoss 2007



1. september Hlaupið hefst kl. 12:00, hjólreiðar kl. 11:00 og hálfmaraþon kl. 11:30

Fyrir alla aldurshópa sem vilja hlaupa, ganga eða hjóla

Þátttökugjald: 1.200 kr. fyrir 14 ára og eldri, 600 kr. fyrir 13 ára og yngri, 1.500 kr. fyrir 10 km hlaup og 2.000 kr. fyrir hálfmaraþon. Allir þátttakendur fá keppnisbol við skráningu og verðlaunapening við komu í mark. Veittur er fjölskylduafsláttur.
Verðlaunaafhending: Að loknu hlaupi við **Landsbankann Selfossi** kl. 14:00.

Skráning: Á hlaup.is og í Landsbankanum Selfossi.
Nánari upplýsingar: Sími 482-3182 og 825-2130 og á umfs.is/frjalsar og hlaup.is

Landsbankinn

2,5 og 5 km skemmtiskokk, 10 km hlaup, hálfmaraþon ásamt 5 og 10 km hjólreiðum

RIÐLARNIR

A-riðill:

Liverpool
Porto
Marseille
Besiktas

B-riðill:

Chelsea
Valencia
Schalke
Rosenborg

C-riðill:

Real Madrid
Werder Bremen
Lazio
Olympiakos

D-riðill:

AC Milan
Benfica
Celtic
Shaktar Donetsk

E-riðill:

Barcelona
Lyon
Stuttgart
Rangers

F-riðill:

Man. Utd
Roma
Sporting Lissabon
Dynamo Kiev

G-riðill:

Inter
PSV Eindhoven
CSKA Moskva
Fenerbahce

H-riðill:

Arsenal
Sevilla/AEK Aþena
Steaua Búkarest
Slavia Prag

Dregið í riðlakeppni Meistaradeildarinnar:

Meistarar AC Milan í þægilegum riðli

FÓTBOLTI Það var mikið um dýrðir í Mónakó í gær þegar dregið var í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu í gær. Meistarar AC Milan voru ánægðir með dráttinn enda lenti liðið í þægilegum riðli með Benfica, Celtic og Shaktar Donetsk.

E-riðill er mjög áhugaverður þar sem Eiður Smári og félagar í Barcelona fá mjög erfiða mótherja. Öll ensku félögin voru í fyrsta styrkleikaflokki og Chelsea lenti líklega í erfiðasta riðlinum með Valencia, Schalke og Rosenborg.

Við athöfnina í gær voru einnig krýndir bestu leikmenn Meistaradeildarinnar á síðustu leiktíð og skyldi engan undra að meistarar Milan hrepptu nánast öll verðlaunin. Kaká var valinn besti leikmaður Meistaradeildarinnar sem og besti sóknarmaðurinn. Það kom ekki á óvart.

Félagi hans hjá Milan, Clarence Seedorf, var besti miðjumaðurinn og fyrirliði Milan, Paolo Maldini, var valinn besti varnarmaðurinn. Petr Cech, markvörður Chelsea, var síðan valinn besti markvörðurinn. **- hbg**

FRÁBÆRIR Kaká og Clarence Seedorf voru frábærir með AC Milan í Meistaradeildinni á síðustu leiktíð og voru verðlaunaðir í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

TYSON GAY Sigurvegari spretthlaupanna á HM í Osaka. NORDIC PHOTOS/GETTY

HM í frjálsum:

Tyson Gay fékk sitt annað gull

FRJÁLSÍÞRÓTTIR Bandaríski spretthlauparinn Tyson Gay vann í gær keppni í 200 metra spretthlaupi á HM í frjálsíþróttum sem fer fram í Osaka í Japan. Gay hljóp á 19,76 sekúndum og bætti þar með mótsmet Michaels Johnson. Annar varð Usain Bolt frá Jamaíka og þriðji Wallace Spearmon frá Bandaríkjunum.

Gay var vitanlega í skýjunum með árangurinn en hann vann einnig keppnina í 100 m hlaupi. Þar með lék hann eftir afrek fyrirmyndar sinnar, Maurice Greene, sem vann þessar tvær greinar á HM árið 1999. **- esá**

Yngri landslið Íslands:

Margir leikir framundan

FÓTBOLTI Fjórir leikir eru framundan hjá U-21 og U-19 karlalandsliðum Íslands. Síðarnefnda liðið leikur tvo æfingaleiki við Skota, hinn 8. september í Sandgerði og tveimur dögum síðar í Keflavík. U-21 liðið heldur áfram þátttöku sinni í undankeppni EM 2009 og mætir Slóvakíu ytra 7. september og Belgíu á heimavelli hinn 11. september.

Theodór Elmar Bjarnason, leikmaður Celtic, var valinn í U-21 liðið en hann lék síðast með A-landsliðinu gegn Svíþjóð í júní síðastliðnum. Hann er nú að stíga upp úr meiðslum. **- esá**

Ásgeir Gunnar með fyrstu þrennuna

Mark Bjarnólfs Lárussonar eftir 10 sekúndur dugði KR-ingum skammt þegar FH-ingar rasskelltu þá 5-1 í Kaplakrikanum í gær. KR-ingar sitja því sem fastast á botninum með fjórtán mörk í mínus.

FH 5-1 KR

Kaplakrikavöllur, áhorf.:2237 Egill Már Markússon (8)

0-1 Bjarnólfur Lárusson (1. - 10 sek.)
1-1 Ásgeir Gunnar Ásgeirsson (28.)
2-1 Ásgeir Gunnar Ásgeirsson (35.)
3-1 Tommy Nielsen (39.)
4-1 Ásgeir Gunnar Ásgeirsson (67.)
5-1 Sigurvin Ólafsson (81.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	23–17 (15–9)
Varin skot	Daði 7 – Stefán Logi 8
Horn	12–8
Aukaspyrnur fengnar	10–15
Rangstöður	4–4

FH 4–3–3		KR 4–3–3	
Daði Lárusson	7	Stefán Logi Magn.	6
Guðm. Sævarsson	7	Kristinn Magnússon	3
Sverrir Garðarsson	7	Pétur Marteinsson	4
Tommy Nielsen	8	Gunnlaugur Jónsson	4
Freyr Bjarnason	7	Guðm. R. Gunnarss.	3
Davíð Þór Viðarsson	7	Bjarnólfur Lárusson	3
***Ásgeir Gunnar**	**9**	Atli Jóhannsson	3
Dennis Siim	7	(67., Rúnar Kristinss.	4)
(69. Sigurvin Ólafss.	7)	Grétar Hjartarson	5
Matthías Guðm.	7	(67., Guðm. Péturs.	5)
(79. Ólafur Snorras.	-)	Sigmundur Kristjánss.	3
Matthías Vilhjálms.	5	(67., Óskar Hauks.	5)
(74. Arnar Gunnl.	-)	Björgólfur Takefusa	4
Tryggvi Guðm.	8	Jóhann Þórhallsson	6

**Maður leiksins*

ÞAÐ FYRSTA AF ÞREMUR Ásgeir Gunnar Ásgeirsson fagnar hér fyrsta marki sínu ásamt félögum sínum í FH-liðinu. Besti maður KR-inga í leiknum, Jóhann Þórhallsson, er ekki eins hrifinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FÓTBOLTI Ásgeir Gunnar Ásgeirsson skoraði þrennnu í 5-1 stórsigri FH á KR í Landsbankadeildinni í gær. FH náði með því sex stiga og þriggja marka forskoti á Val sem á leik inni gegn Víkingum á sunnudaginn. Það var meistarabragur á FH-liðinu í gær, það leysti vel úr martraðarbyrjun og setti nú alla pressuna yfir á Valsmenn.

KR-ingar höfðu ekki skorað í 482 mínútur í leikjum gegn KR fyrir leikinn en það tók þá ekki nema tíu skeúndur að bæta út því. Bjarnólfur Lárusson skoraði þá stórglæsilegt mark með viðstöðulausu skoti eftir sendingu Sigmunds Kristjánssonar og upphlaup Grétars Hjartarsonar. FH-ingar voru steinsofnandi og það hjálpaði örugglega ekki að FH-lagið var í gangi hálfa sóknina þar sem vallarstarfsmenn gleymdu að slökkva á því þegar flautað var til leiks.

KR-ingar byrjuðu leikinn af miklum krafti og það skall oft hurð nærri hælum upp við mark FH-inga. Bjarnólfur Lárusson var allt í öllu fyrstu tuttugu mínúturnar en síðan var eins og hann springi á limminu og í kjölfarið tók FH-liðið yfir miðjuna með Ásgeir Gunnar Ásgeirsson í fararbroddi. Ásgeir skoraði tvö mörk með sjö mínútna millibili og FH-liðið var búið að vinna upp forgjöfina sem þeir færðu botnliðinu í upphafi leiksins.

Fyrst fylgdi hann á eftir skoti Guðmundar Sævarssonar og svo kom hann með eitt af sínum frægu hlaupum inn í teiginn af miðjunni og nýtti sér að mislukkað skot Davíðs Þórs Viðarssonar varð að hinni bestu stoðsendingu. FH-ingar skoruðu síðan þriðja markið á aðeins ellefu mínútum þegar Tommy Nielsen skallaði inn hornspyrnu Tryggva Guðmundssonar.

KR-liðið hélt áfram að skapa sér færi og vesturbæingar voru duglegir að láta vaða á markið en þeir máttu sín lítils á miðjunni og FH-ingar voru komnir með öll völd síðustu mínúturnar í hálfleiknum.

Seinni hálfleikurinn var síðan algjörlega í eigu FH-inga og KR-ingar geta þakkað fyrir að meistaranir bættu bara við tveimur mörkum, fyrst Ásgeir Gunnar með laglegu langskoti eftir skallasendingu Davíðs Þórs Viðarssonar og svo Sigurvin Ólafsson með skalla eftir aukaspyrnur Tryggva Guðmundssonar sem var allt í öllu í sóknaruppbyggingu FH-liðsins í gær.

„Það er þvílíkt gaman að skora þrennu, það er ekki það oft sem maður skorar og hvað þá þrjú mörk," sagði FH-ingurinn og miðjumaðurinn Ásgeir Gunnar Ásgeirsson sem varð fyrsti leikmaður Landsbankadeildar karla til þess að skora þrjú mörk í sumar. „Þeir skora eftir 10 sekúndur og það var áfall fyrir okkur. Við hikstuðum þarna í byrjun en þegar við komumst yfir þá var þetta aldrei spurning. Við ætluðum að svara þessu marki þeirra og gerðum það með stæl," sagði Ásgeir Gunnar sem átti frábæran leik og gat vel bætt við mörkin sín þrjú.

„Mér finnst alltaf skemmtilegast að spila í rigningu sérstaklega þegar það er svona logn og á svona góðum velli. Maður var að reyna að stinga sér inn í teig og það gekk vel í dag. Ég er réttfættur en setti samt tvö með vinstri í dag. Þetta er einn af bestu leikjunum á ferlinum allavega miðað við mörkin," sagði Ásgeir kátur í leikslok og bætti við. „Nú er pressan á Val."

Logi Ólafsson, þjálfari KR, var ekki eins kátur. „Við höfðum þann einlæga ásetning að fara með góða samvisku í fríið sem framundan er en ég held að menn hafi ekki góða samvisku eftir þennan leik. Það eru þýðingarmikil smáatriði sem eru að klikka í okkar leik. Það var mjög góð stemning í liðinu í upphafi leiks og fyrir leikinn en þegar FH komst yfir þá var eins og menn glötuðu þeirri trú að hægt væri að vinna þennan mun upp. Við reyndum í fyrri hálfleik og náðum upp nokkuð mikilli pressu en þetta fellur ekki með okkur eins og oft áður í sumar," segir Logi og bætir við.

„Það er verk að vinna í þessu fríi. Það er vonandi að menn láti þessa rassskellingu sér að kenningu verða," sagði Logi að lokum.

ooj@frettabladid.is

RÚMAR TVÆR VIKUR Í NÆSTA LEIK Logi Ólafsson fær 17 daga til að taka til í KR-liðinu eftir rassskellinn í Krikanum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

HK 1-2 Fylkir

Kópavogsvöllur, áhorf.: 872 Magnús Þórisson (6)

0-1 Peter Gravesen (39.)
1-1 Hermann Geir Þórsson (67.)
1-2 Peter Gravesen (79.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	7–23 (3–12)
Varin skot	Gunnleifur 9 – Fjalar 2
Horn	3–3
Aukaspyrnur fengnar	15–8
Rangstöður	4–8

HK 4–5–1		FYLKIR 4–4–2	
Gunnleifur Gunnl.	8	Fjalar Þorgeirsson	6
Stefán Eggertsson	4	Viðir Leifsson	6
Ásgrímur Albertsson	3	Kristján Valdimars.	7
Finnbogi Llorens	4	David Hannah	6
Hermann Þórsson	5	Andrés Jóhannesson	7
Hólmar Eyjólfsson	4	***Peter Gravesen**	**8**
Rúnar Páll Sigmun.	3	Ólafur Stígsson	5
Hörður M. Magnús.	3	(50., Mads Beierh.	-)
(64., Finnur Ólafs.	4)	(63., Björn Herman.	4)
Þórður Birgisson	3	Valur Fannar Gísla.	5
(46., Almir Cosic	4)	Halldór Hilmsson	7
Calum Þór Bett	4	(88., Arnar Úlfars.	-)
(88., Kristján Halld.	-)	Páll Einarsson	7
Jón Þorgrímur Stef.	5	Albert Ingason	5

**Maður leiksins*

Fylkismenn komnir í hörkubaráttu um Evrópusæti eftir 1-2 sigur gegn HK:

Gravesen afgreiddi HK með stæl

FÓTBOLTI Fylkir var mikið mun betra liðið gegn HK í gær en fyrir einskæran klaufaskap tókst Árbæingum ekki að klára Kópavogsliðið fyrr en ellefu mínútum fyrir leikslok. Það þurfti þrumufleyg frá Peter Gravesen til að landa stigunum þremur sem Fylkir átti svo sannarlega skilið enda var HK ekki með í leiknum fyrr en í síðari hálfleik.

„Við áttum ekkert skilið enda byrjum við ekki fyrr en eftir klukkutíma og það dugar ekki gegn liði eins og Fylki," sagði hundfúll markvörður HK, Gunnleifur Gunnleifsson, en hann varði eins og berserkur og hélt HK-ingum á floti nánast allan leikinn. „Þetta var framhald af Framleiknum. Ég skil ekki hvað við erum að spá. Það er margt að sem verður að laga fyrir KR-leikinn."

Fylkir átti fyrri hálfleik með húð og hári og Gunnleifur hafði brjálað að gera allan hálfleikinn við verjast stórskotahríð Árbæinga. Hann réði þó ekki við skot Gravesens á 39. mínútu er Halldór lagði boltann laglega á hann. Það var fjórtánda skot Fylkis í leiknum.

HK kom mun grimmara til síðari hálfleiksins en það vantaði ákveðinn slagkraft í sóknarleikinn. HK-ingar gáfust þó ekki upp og Hermann var verðlaunaður fyrir gott hlaup þegar hann náði að skila boltanum í netið á fjærstöng en vörn Fylkis gleymdi að hafa gætur á Hermanni sem var einn á auðum sjó.

Það var síðan Gravesen sem kláraði leikinn með einu fallegasta marki sumarsins, þrumufleyg fyrir utan teig sem Gunnleifur átti ekki möguleika á að verja.

„Ég get alveg játað að ég er alveg búinn," sagði brosmildur Páll Einarsson, en hann lék allan leikinn í fremstu víglínu hjá Fylki og átti frábæra spretti í síðari hálfleik.

„Þrjú stig eru frábær hér í dag en við áttum að klára þetta fyrr. Nú erum við í hörkubaráttu um þriðja sætið og við ætlum okkur það," sagði Páll sem reiknar með að vera klár í næsta leik þó svo hann hafi verið ansi þreyttur í gær. - hbg

BARÁTTA Það var vel tekist á þegar HK tók á móti Fylki í gær. Leikurinn var bráðfjörugur og áhorfendur fengu sitt fyrir peninginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

SpKef Sparisjóðurinn í Keflavík
REYKJANESBÆR
REYKJANES MARAÞON
1. september
Skráning er hafin í Lífsstíl, sími 420 7001
Lífsstíl líkamsrækt 420 7001 • lifsstill.net
Þátttökugjald kr. 1.500, kr. 1000 fyrir 14 ára og yngri
Hálfmaraþon (ræsing kl 10:30)
10 km hlaup (ræsing kl 11:15)
3,5 km skemmtiskokk (ræsing kl 11:20)
Verðlauna afhending kl. ca. 12:30
Úrdráttar verðlaun m a utanlandsferð fyrir tvo með Icelandair
ICELANDAIR
Umsjón með hlaupinu hefur LÍFSSTÍLL líkamsræktarstöð (Hótel Keflavík), Vatnsnesvegi 12, 230 Keflavík, upplýsingar í síma 899-0501 (Vikar). Rásmark, búnings- og sturtu aðstaða er við Lífsstíl.

BT

FLAKKARI

TOSHIBA

PSPB6E-03H02WN5
TOSHIBA SATELLITE P200-16C
Intel Core 2 Duo T7100
- 1.8 GHz, 2MB L2, 800MHz FSB
17" WXGA TruBrite skjár
ATI Mobility Radeon HD2400 128MB
2GB Vinnsluminni (1024x2)
160GB SATA Harður diskur
1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
Dual Layer DVD skrifari
Innbyggt þráðlaust net
Innbyggður 5 - 1 kortalesari
Harman Kardon hátalarar
Bluetooth
6xUSB2 / FireWire / TV out
Aðeins 3.2kg á þyngd

•FYLGIR 14.999

300968E
LaCie 320GB F.A. Porsche útvær harður diskur fylgir!

2GB Vinnsluminni
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

Intel® Core Duo
Nýja fartölvutæknin frá Intel. Stóraukin afkastageta, lengri rafhlöðuending og aukið öryggi.

160GB Harður diskur
Þú getur geymt ógrynni af kvikmyndum, ljósmyndum og tónlist á 160GB hörðum disk.

•FYLGIR 24.999

20" FSC LCD skjár fylgir

179.999 •

BT LÁN™

BT Verð frá: 14.999 12 mán. Vaxtalaust

BT Verð frá: 4.942 59 mánaða

BRJÁLUÐ PS3-HELGI

TAKMARKAÐ MAGN

BT NÖRD™

Í tilefni þess að BT leikjanördinn er kominn með heimili á www.bt.is hefur hann ákveðið að setja Playstation 3 á tilboð sem á sér enga hliðstæðu.

PS3 leikjavél

Þráðlaus stýrpinni

• 49.999

69.999

TOSHIBA

PSL40E-02R01QN5
TOSHIBA SATELLITE L40-139
Intel Celeron M 520
- 1.6GHz, 1MB L2, 533MHz FSB
15.4" TFT WXGA
- 1280 x 800 Upplausn
Intel 943 251MB skjástýring
1GB Vinnsluminni (2x512MHz)
120GB Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort
Lyklaborð í fullri stærð
Aðeins 2,72kg á þyngd

Windows® Vista Premium
WinDVD™ 8.0
Ulead DVD MovieFactory
Toshiba Disk Creator
Norton Internet Security 2007
- 90 daga leyfi
2 ára alþjóðleg ábyrgð

Intel® Celeron M örgjörvi
Öflugur örgjörvi af nýjustu gerð Intel Celeron örgjörvanna frá Intel.

120GB Harður diskur
Þú getur geymt ógrynni af kvikmyndum, ljósmyndum og tónlist á 120GB hörðum disk.

1GB Vinnsluminni
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

FLAKKARI

•FYLGIR 14.999

300968E
LaCie 320GB F.A. Porsche útvær harður diskur fylgir!

• 89.999

BT LÁN™

BT Verð frá: 7.499 12 mán. Vaxtalaust

BT Verð frá: 2.632 59 mánaða

BT Skeifan • Kringlan • Smáralind • Grafarvogur • Hafnarfjörður • Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri

dagskrá

> Ben Kingsley

Ben fæddist á Englandi árið 1943. Hans upprunalega nafn er Krishna Bhanji en faðir hans er af indverskum ættum. Eftirminnilegasta mynd Bens er líklega Gandhi frá árinu 1982. Gagnrýnendur voru sammála um að enginn annar en Ben hefði getað túlkað Gandhi á jafn sannfærandi hátt enda hlaut hann Óskarsverðlaun fyrir frammistöðu sína. Ben leikur í myndinni Mrs. Harris á Stöð 2 Bíó kl. 22.00.

VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON GLÍMIR VIÐ HEILABILUN OG HJARTASJÚKDÓMA

Ég gæti verið læknir á öllum sviðum

Fyrir þrettán árum skaust upp á stjörnuhimininn leikari í læknaslopp. Hann þeyttist milli sjúkrarúma í Chigaco og bjargaði því sem bjargað var en tókst á einhvern undarlegan hátt að eiga samt í ástarsambandi við hinar og þessar hjúkkur. En síðan Doug Ross kom sjúklingum til hjálpar í sex sjónvarpsþáttaröðum E.R. hafa bandarískir framleiðendur bundið vonir sínar við að þeir gætu fundið hinn næsta George Clooney sem lék einmitt Ross á sínum uppvaxtarárum í afþreyingariðnaðinum. Miðað við völd og áhrif hinnar grásprengdu stórstjörnu í Hollywood er ljóst að allir myndu vilja eiga slíkan vin í framtíðinni.

Tilraunir amerísku sjónvarpsverksmiðjunnar eru af öllum stærðum og gerðum. Scrubs er ætlað að fá fólk til að hlæja þegar einhverjir læknar glíma við persónuleg vandamál á meðan þeir krukka í kollinn á sjúklingum sínum. Grey's Anatomy er vinsæll hjá þeim sem kjósa dramatíkina fram yfir eiginlega læknisfræði að ógleymdri hinni þvottekta sjúkrasápu Chicago Hope. Síðan má nálgast snilling í læknisfræðinni hjá House og komast yfir dýrmæt leyndarmál heilans í 3lbs. Þeir sem vilja síðan virkilega græða peninga hefðu átt að horfa á Nip/Tuc. Í raun mætti halda því fram að þeir sem hafa legið yfir sjónvarpinu í tæpa tvo áratugi gætu hafa lært sitthvað í skurðaðgerðum, beinbrotum og hjartasjúkdómum.

Ef marka má íslenskt sjónvarp er augljóslega markaður fyrir lækna, hjúkkur og vandræði þeirra því næst er það Heartland með Treat Williams sem birtist bráðum á skjánum. En fyrir þá sem ekki vita þá var Treat einmitt náunginn sem lék Berger í Hárinu árið 1979 og verður því að teljast heldur ólíklegur arftaki Clooneys enda nokkuð eldri en hann.

Allt þetta læknadót hefur síðan þær afleiðingar að þegar íslenskir sjúklingar koma á spítala verða þeir vonsviknir. Ekki vegna þess að þjónustan sé eitthvað bagaleg heldur er ekkert drama milli lækna og hjúkrunarkvenna á meðan aðgerðin er framkvæmd.

EKKI MISSA AF

▶ **18.00 AC Milan - Sevilla** SÝN

▶ **19.40 Friends** STÖÐ 2

▶ **22.00 Mrs. Harris** STÖÐ 2 BÍÓ

▶ **20.40 Ren & Stimpy** SIRKUS

▶ **21.00 The Biggest Loser** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

09.50 HM í frjálsum íþróttum Beint.
16.35 14-2 e.
17.05 Leiðarljós
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Músahús Mikka (21:28)
18.23 En hvað það var skrítið (4:4)
18.30 Ungar ofurhetjur (16:26)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.05 Meiri gusugangur (Splash, Too) Bandarísk ævintýramynd frá 1998 um samband manns og hafmeyjar. Leikstjóri er Greg Antonacci og meðal leikenda eru Todd Waring og Amy Yasbeck.
21.35 Díana - Síðustu dagar prinsessunnar Ný bresk sjónvarpsmynd sem fjallar um Díönu prinsessu og hvernig líf hennar endaði á hörmulegan hátt þennan dag fyrir 10 árum.
23.10 13 stig - Dagbók úr nútímasambandi (13 Stufen: Tagebuch einer modernen Beziehung) Þýsk stuttmynd þar sem rakin eru hin ýmsu stig í nútímaástarsambandi. Leikstjóri er Daniel Böhme og aðalhlutverk leika Roman Roth og Kirstin Warnke
23.40 Þefari (Sniffer) Norsk stuttmynd eftir Bobbie Peers.
23.50 HM í frjálsum íþróttum Bein útsending frá heimsmeistaramótinu í frjálsum íþróttum sem fram fer í Osaka í Japan. Undankeppni og síðari dagur í tugþraut.
03.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.05 Stella Street
08.00 Diary of a Mad Black Woman
10.00 Elizabeth Taylor: Facets
12.00 Scooby Doo 2: Monsters Unleashed
14.00 Diary of a Mad Black Woman
16.00 Elizabeth Taylor: Facets
18.00 Scooby Doo 2: Monsters Unleashed
20.00 Stella Street
▶**22.00 Mrs. Harris** Sannsöguleg mynd með Ben Kingsley og Annette Benning.
00.00 Torque
02.00 Evil Alien Conquerors
04.00 Mrs. Harris

STÖÐ 2

07.00 Stubbarnir
07.25 Kalli á þakinu
07.50 Litlu Tommi og Jenni
08.10 Oprah
08.55 Í fínu formi 2005
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 Wings of Love (10:120)
10.15 Homefront
11.00 Whose Line Is it Anyway?
11.25 Sjálfstætt fólk
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Nágrannar
13.10 Forboðin fegurð (61:114)
13.55 Forboðin fegurð (62:114)
14.40 Lífsaugað (e)
15.20 Blue Collar
15.50 Kringlukast
16.13 Cubix
16.38 Justice League Unlimited
17.03 Barney
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Nágrannar
18.18 Ísland í dag og veður
18.30 Fréttir
18.55 Ísland í dag, íþróttir og veð
▶**19.40 Friends**
20.05 Friends (6:24)
20.30 Stelpurnar (2:10)
20.55 So You Think You Can Dance (21:23) Sex keppendur vonast til þess að fá að taka þátt í toppbaráttunni en tveir verða þó að víkja. 2007.
21.40 The Cooler
23.25 Armed and Dangerous (e) Misheppnaður lögfræðingur og lögreglumaður stofna saman öryggisfyrirtæki. En í hvert sinn sem þeir eru á vakt er staðurinn rændur og þeir reyna að finna hinn seka. Aðalhlutverk: John Candy, Eugene Levy, Robert Loggia. 1986. Bönnuð börnum.
00.50 Passionada Rómantísk gamanmynd um táningsstúlku sem ákveður að móðir sín hafi verið einhleyp nógu lengi og nú er komin tími til að finna nýjan mann.
02.30 Boat Trip
04.00 Bones (18:22)
04.45 So You Think You Can Dance (21:23)
05.30 Fréttir og Ísland í dag
06.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SÝN besta sætið

07.00 Landsbankamörkin 2007
07.30 Landsbankamörkin 2007
08.00 Landsbankamörkin 2007
08.30 Landsbankamörkin 2007
09.00 Landsbankamörkin 2007
14.45 Landsbankadeildin 2007 (FH - KR)
16.35 Landsbankamörkin 2007
17.05 Það helsta í PGA-mótaröðinni Inside the PGA Tour er frábær þáttur þar sem golfáhugafólk fær tækifæri til þess að kynnast betur kylfingum í PGA-mótaröðinni.
17.30 Gillette World Sport 2007
▶**18.00 UEFA Super Cup 2007** Bein útsending frá leik ítalska liðsins AC Milan og Sevilla frá Spáni um nafnbótina meistari meistaranna í Evrópu.
20.45 Spænski boltinn
21.15 World Supercross GP 2006-2007 (Ford Field)
22.15 Heimsmótaröðin í póker 2006
23.05 Heimsmótaröðin í póker 2006
23.55 UEFA Super Cup 2007 (AC Milan - Sevilla)

SÝN 2

19.10 Man. Utd. - Tottenham Útsending frá leik Man Utd og Tottenham.
20.50 Premier League World (Premier League World 2007/08) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
21.20 Premier League Preview (Premier League Preview 2007/08) Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna sem tekin eru upp samdægurs.
21.50 PL Classic Matches (West Ham - Bradford, 99/00) Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
22.20 PL Classic Matches (Leeds - Liverpool, 00/01) Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
22.50 Season Highlights (Season Highlights 1999/2000) Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

SKJÁREINN

07.35 Everybody Loves Raymond (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
16.25 Vörutorg
17.25 7th Heaven (e)
18.15 Dr. Phil
19.00 Friday Night Lights (e)
20.00 Charmed (8:22) Bandarískir þættir um þrjár fagrar og kynngimagnaðar örlaganornir.
▶**21.00 The Biggest Loser** (6:12) Bandarísk raunveruleikasería þar sem fitubollur berjast við bumbuna. Nú þurfa fjölskyldurnar tvær sem mættu til leiks í síðustu viku að halda heim til sín á ný og standast freistingarnar á veitingastöðum sínum.
22.00 Law & Order: Criminal Intent (6:22) Bandarískir þættir um störf stórmálasveitar New York borgar og leit hennar að glæpamönnum.
22.50 Everybody Loves Raymond Bandarískur gamanþáttur um hinn seinheppna fjölskylduföður Raymond, Debru eiginkonu hans og foreldra sem búa hinum megin við götuna
23.15 Backpackers (9:26) Áströlsk þáttaröð þar sem áhorfendur slást í för með þremur vinum sem halda í mikla ævintýraför um heiminn. Félagarnir segja skilið við hversdagsleikann í eitt ár og koma við í 22 löndum á ferðalagi sínu. Alls eru þetta 26 þættir þar sem ekki er stuðst við neitt handrit og ýmislegt óvænt kemur upp á.
23.45 Law & Order: SVU (e)
00.35 Madonna: I´m going to tell you a secret (e)
02.35 High School Reunion (e)
03.25 Tvöfaldur Jay Leno (e)
05.05 Vörutorg
06.05 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12:15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á Sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Pitstop – góð vara, frábært verð og framúrskarandi þjónusta.
Hjólastillingar & smurþjónusta
pitstop
Gæðakaffi, nettengd tölva, tímarit og blöð – fyrir þig meðan þú bíður.
Nú eru smurþjónusta og hjólastillingar á þjónustustöðvum Pitstop í Skeifunni og Hjallahrauni - þjónusta í fyrirrúmi!
Haust tilboð
15% afsláttur af smuþjónustu
20% afsláttur af hjólastillingum
pitstop Skeifunni 5 ☎ 568 2025
HELIX
Við notum Shell Helix smurolíur
pitstop Hjallahrauni 4 Hfj. ☎ 565 2121

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.30
Stelpurnar

Stelpurnar sprenghlægilegu eru snúnar aftur í þriðja sinn og hafa aldrei verið fyndnari. Nýir og skemmtilegir leikarar hafa slegist í hópinn þar á meðal hin frábæra Helga Braga. Stelpurnar hafa þrívegis unnið til Edduverðlauna og eru ómissandi skemmtun fyrir alla sem kunna að meta ekta íslenskt skop.

▶ við mælum með

DÍANA - SÍÐUSTU DAGAR PRINSESSUNNAR
Sjónvarpið kl. 21.35

Ný, bresk sjónvarpsmynd sem fjallar um Díönu prinsessu og hvernig lífi hennar lauk á hörmulegan hátt þennan dag fyrir tíu árum. Leikstjóri er Richard Dale en með aðalhlutverk fara Genevieve O'Reilly, Patrick Baladi, Shaun Dooley og James Barriscale.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn
07.05 Morgunvaktin
09.05 Óskastundin
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Minningar um merkisfólk
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.03 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Vítt og breitt
14.03 Útvarpssagan: Stofa sex
14.30 Miðdegistónar
15.03 Flakk
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.24 Auglýsingar
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Tónlist
19.25 Pollapönk
20.00 Jazzhátíð Reykjavíkur 2007
21.55 Orð kvöldsins
22.15 Brot af eilífðinni
23.00 Kvöldgestir
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

18.00 Insider

18.30 Fréttir

19.00 Hollyoaks (5:260) Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Serían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995. 2006.

19.40 Hollyoaks (4:260)

20.10 The War at Home (18:22) Gamanþættirnir The War At Home hafa slegið í gegn. Hjónin Vicky og Dave halda áfram daglegri baráttu sinni við unglingana á heimilinu.

▶**20.40 Ren & Stimpy** Ren er taugatrekktur smáhundur (chiuahua) og Stimpy er feitlaginn og vitgrannur köttur. Saman lenda félagarnir í hinum ótrúlegustu ævintýrum sem eru ekki fyrir viðkvæma.

21.10 Jake 2.0 (7:16) Jake Foley er bara venjulegur maður þar til dag einn þegar hann lendir í furðulegu slysi sem gefur honum óvenjulega krafta. Er hann nú sterkari og sneggri en nokkur annar og ákveður leyniþjónusta Bandaríkjanna að nýta sér krafta hans.

22.00 Bones (15:21) Spennandi, bandarísk þáttaröð um réttarmannfræðing sem leysir gömul sakamál með því að rannsaka bein löngu látinna fórnarlamba. Bönnuð börnum.

22.45 Hustle (6:6) Svikahrappurnir í Hustle snúa aftur í fjórða sinn en þeir eru enn með nægar hugmyndir að svikamyllum. Meðal þess sem þeir taka sér fyrir hendur í nýjustu þáttaröðinni er að selja Hollywood-skiltið sem virðist ómögulegt en ekkert er Hustle-hópnum ofviða. 2006.

23.35 The War at Home (18:22) (e)

00.05 Entertainment Tonight

00.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

12.00 Our mutual friend **13.00** Hustle **14.00** Garden Rivals **14.30** Bargain Hunt **15.15** Bargain Hunt **16.00** As Time Goes By **16.30** My Family **17.00** 50 Things To Do Before You Die **18.00** Hustle **19.00** New Tricks **20.00** Swiss Toni **20.30** The League of Gentlemen **21.00** Hustle **22.00** Dad's Army **22.30** New Tricks **23.30** As Time Goes By **0.00** My Family **0.30** Mastermind **1.00** Hustle **2.00** Our mutual friend **3.00** Cash in the Attic **3.30** Balamory **3.50** Tweenies **4.10** Big Cook Little Cook **4.30** Tikkabilla **5.00** Little Robots **5.10** Binka **5.15** Tweenies **5.35** Balamory **5.55** Big Cook Little Cook

DR 1

12.20 Kender du typen **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Tjenesten - nu på TV **13.30** Boogie Listen **14.30** F for Får **14.35** Svampebob Firkant **15.00** Danni **15.30** Fredagsbio **15.40** Pinky Dinky Doo **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov 1**8.00** Hit med sangen 1**9.00** TV Avisen **19.30** Legendernes tid **21.40** Lige for loven **23.35** Boogie Listen **5.30** Den lille røde traktor **5.40** Noddy **5.50** Disney Sjov

NRK 1

13.30 Øen **14.00** Livet går videre **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Newton **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Charlie og Lola **16.15** Karsten og Petra **16.20** Sauen Shaun **16.30** Miniplanetene **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** VM friidrett Osaka 2007: Kveldsmagasin **18.25** Karibia - et vilt paradis **19.15** Inspektør Lynley **20.45** Du skal høre mye mer... **21.00** Kveldsnytt **21.15** Hotell Babylon **22.05** VM friidrett Osaka 2007 **5.30** Olsen

SVT 1

13.15 Veronica Mars **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Bilbingo år livet **15.30** Niklas mat **16.00** Lisas sagoshow **16.25** Musikvideo **16.30** Fåret Shaun **16.35** Häxan Surtant **17.00** Lilla Melodifestivalen **17.15** Bobster **17.30** Rapport **18.00** Studio Sumo **19.00** Wonder boys **20.50** Rapport **21.00** Kulturnyheterna **21.10** Spam **22.00** Pink Floyd - The Wall **23.35** När kommer pappa tillbaka? **23.55** Friidrott: VM i Osaka **3.00** Sändningar från SVT24 **6.00** BoliBompa



HVAÐ VAR ÉG AÐ SPÁ?

Við flugmennirnir erum alveg búnir að tapa ímyndinni því nú eru komnar stelpur í þetta. Mikið áfall.

Björn Thoroddssen flugmaður í viðtali við Pressuna 1992 þegar verið var að ræða hvað gerði karlmenn að töffurum.

Ég hugsa að ég standi nú við stóru orðin, að flugmenn séu búnir að tapa ímyndinni en það er ekkert út af stelpunum. Í gamla daga var því haldið fram að menn þyrftu að vera voðalega kaldir karlar til að vera flugmenn en nú eru mönnum bara settar svo þröngar skorður. En auðvitað svífur þessi ljómi alltaf yfir vötnum.

Hlín hættir hjá Þjóðleikhúsinu

Hlín Agnarsdóttir hefur sagt starfi sínu hjá Þjóðleikhúsinu lausu en þar hefur hún gegnt starfi listræns ráðgjafa undanfarna þrjá vetur. „Það eru engar sérstakar ástæður fyrir uppsögninni, aðrar en þær að ég er að fara að gera mína eigin hluti og fara í framhaldsnám," segir Hlín sem er menntuð í bæði leiklistarfræðum og leikstjórn. „Mér fannst tími til kominn að breyta til og það fyrir löngu síðan. Mig hefur lengi langað til þess að bæta við menntun mína og auk þess að sinna mínum hugðarefnum betur. Ég hef sérstakan áhuga á því að skrifa meira," segir Hlín en hún skrifaði meðal annars leikritið Láttu ekki deigan síga ásamt Eddu Björgvinsdóttur, Konur skelfa og Gallerí Njálu. „Það er ágætis samstarf á milli mín og þjóðleikhússtjóra og ég mun halda áfram að starfa fyrir Þjóðleikhúsið í nokkurs konar hlutastarfi."

TINNA OG HLÍN Hlín Agnarsdóttir hefur sagt starfi sínu lausu sem listrænn ráðgjafi Þjóðleikhússins. Tinna Gunnlaugsdóttir segir að hún muni þó áfram vera viðloðandi leikhúsið.

Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri sendi Fréttablaðinu yfirlýsingu þar sem fram kemur að ekki verði ráðið í starf listræns ráðgjafa í stað Hlínar. „Hlín Agnarsdóttir kom til starfa við Þjóðleikhúsið í barneignarleyfi leiklistarráðunautar hússins. [...] Þegar samningstíma Hlínar lauk, óskaði þjóðleikhússtjóri, Tinna Gunnlaugsdóttir, eftir því að hún ynni áfram við stofnunina sem listrænn ráðgjafi en sú staða var ný og hugsuð sem tímabundin en nauðsynleg ráðstöfun í kjölfar þjóðleikhússtjóraskipta. Hlín hefur nú starfað sem listrænn ráðgjafi við Þjóðleikhúsið í tvö ár og þjónað starfseminni með miklum ágætum. Hlín hverfur nú til annarra verkefna, en hefur þó alls ekki sagt skilið við Þjóðleikhúsið. Hún mun meðal annars leikstýra nýju verki eftir Steinunni Sigurðardóttur sem áætlað er að frumsýna á einu af sviðum Þjóðleikhússins haustið 2008." - sók

UPPÁHALDSÆVINTÝRI SPORTÁLFSINS Þeir Ingi Hrafn, Smári, Kári og Jóel sömdu spunaleikritið Uppáhaldsævintýri Sportálfsins fyrir leikskólabörn. Meðal sögupersóna eru skrökvuprinsessa, foreldrar hennar, dreki og risi.

LEIKHÓPURINN VINIR: GAGNVIRKT SPUNALEIKRIT FYRIR LEIKSKÓLABÖRN

Langaði að gera eitthvað skemmtilegt í sumarfríinu

„Við erum fjórir strákar í leiklistarnámi sem ákváðum að gera eitthvað saman í sumarfríinu, settumst niður og sömdum spunaleikrit fyrir leikskólabörn," segir Jóel Sæmundsson sem ætlar að sýna „Uppáhaldsævintýri Sportálfsins" í leikskólum landsins næstu tvær vikur ásamt þeim Inga Hrafni Hilmarssyni, Smára Gunnarssyni og Kára Viðarssyni. Saman mynda þeir leikhópinn Vini. Þeir stunda allir leiklistarnám við Rose Bruford College í London og hafa setið við skriftir og hugmyndavinnu frá því í byrjun júlí. „Tveir okkar eru að vinna á leikskóla í sumar og þegar við fórum að sökkva okkur í barnaævintýrin ákváðum við að spinna út frá þeim," segir Jóel. „Leikfélagið í Mosfellsbæ tók okkur opnum örmum og lagði bæði til búninga og æfingaaðstöðu."

Leikritið er ekki um sjálfan Íþróttaálfinn heldur aðdáanda hans. „Söguhetjan kallar sig sportálf vegna þess hversu mikið hann lítur upp til Íþróttaálfsins," segir Jóel. „Hann segir krökkunum ævintýrið um skrökvuprinsessuna sem skrökvar svo mikið að hún endar að lokum í garði hjá vondum töframanni sem hneppir hana í álög." Aðrar sögupersónur eru foreldrar skrökvuprinsessunnar, dreki og risi svo nokkrar séu nefndar. „Við sömdum tvö lög við leikritið svo það er tónlist í verkinu líka. Við vildum hafa þetta skemmtilegt og lifandi fyrir krakkana. Sportálfurinn er sögumaður allan tímann en leikritið er gagnvirkt og krakkarnir leika til að mynda hlutverk í sýningunni. Svo getur Sportálfurinn stoppað sýninguna ef hann er orðinn of hræddur og á sama hátt getur hann spólað til baka og endursýnt atriði sem honum finnast sérstaklega skemmtileg."

Strákarnir hafa þegar heimsótt nokkra leikskóla til þess að kynna leikritið og Jóel segir að þeir hafi fengið fínar viðtökur. „Það er búið að bóka nokkrar sýningar núna í byrjun september. Svo ætlum við að halda áfram með þetta í jólafríinu okkar 10.-21. desember.

Það er svo sem ekkert nýtt undir sólini en við ætlum með þessu að reyna að vera með öðruvísi nálgun á afþreyingu fyrir leikskólakrakka." - sók

FRÉTTIR AF FÓLKI

Stórtenórinn **Garðar Thor Cortes** verður á ferð og flugi um helgina. Á laugardag syngur hann á Ljósanótt í Reykjanesbæ en þaðan er ferðinni heitið til Bretlands og loks til Zürich í Sviss. Á miðvikudag syngur Garðar svo á Elite-fyrirsætukeppninni í Austurríki og á fimmtudag með **Kiri Te Kanawa** á eyjunni Jersey á Ermarsundi. Auk þessa er Garðar önnum kafinn við að undirbúa stórtónleika sína í Barbican Centre í London sem fram fara í september.



Hinn íslenzki Þursaflokkur er ekki dauður úr öllum æðum því liðsmenn hans hafa nú opnað síðu á MySpace-vefnum. Meðal vina sveitarinnar þar eru **Kukl** og **Þeyr** auk **Sigur Rósar** og söngkonunnar **Ragnheiðar Gröndal**. Einnig má sjá nöfn sveita frá hinum Norðurlöndunum sem sumar hverjar voru stofnaðar á áttunda áratugnum líkt og Þursaflokkurinn, sem virðist eiga vini og aðdáendur víða. Það verður forvitnilegt að sjá samsetningu áheyrenda á 30 ára afmælistónleikum flokksins sem fram fara í febrúar á næsta ári.

Og Laugardalshöll virðist hafa tekið fram úr öðrum tónleikastöðum hjá eldri kynslóðinni því nú stendur til að meistari **Megas** stígi þar á svið ásamt Senuþjófunum. Ekki er langt síðan Björgvin Halldórsson og Bubbi Morthens fylltu hvor um sig höllina án nokkurra vandkvæða og þá styttist í að sjálfur **Rúnar Júlíusson** kyrji sína söngva þar. Verður því spennandi að sjá hvort einhverjir yngri tónlistarmenn treysti sér til að feta í fótspor frumherjanna á næstunni og haldi tónleika einir síns liðs en um leið tryggja múg og margmenni. - fgg/sók

Veikindi fresta tónleikaferð

Hljómsveitin Amiina hefur hætt við tónleikaferð sína um Norður-Ameríku vegna veikinda og annarra vandræða. Áttu þær stöllur að halda fjölda tónleika frá 4. til 27. október í borgum á borð við New York, Los Angeles, Nashville og Toronto en ekkert verður af því í þetta sinn.

„Það er rosalega svekkjandi að þurfa að fresta, sérstaklega með svona stuttum fyrirvara. Fólkið er búið að kaupa miða þannig að þetta er það versta sem maður lendir í að þurfa að taka ákvörðun um," segir María Huld Markan Sigfúsdóttir úr Amiina. „Þetta er samt betra heldur en að vera að standa í túr sem er ekki eins og hann á að vera."

Að sögn Maríu voru ýmsir hlutir sem réðu því að tónleikaferðinni var frestað. „Það er aðallega búið að vera mikið stress og veikindi og mjög óheppilegar aðstæður. Við misstum til dæmis rútufyrirtækið sem við vorum búin að panta hjá og sátum uppi með enga rútu. Síðan voru það veikindi sem komu upp og það var dropinn sem fyllt mælinn. Við ákváðum að það væri best að fresta ferðinni og gera þetta frekar almennilega þegar við værum allar frískar og hressar."

Amiina, sem gaf út plötuna Kurr fyrr á árinu, hefur sett stefnuna á tónleikaferð um Evrópu í október og til Japans, Ástralíu og Nýja-Sjálands eftir áramótin. Tónleikar á Iceland Airwaves-hátíðinni eru jafnframt fyrirhugaðir í október. - fb

AMIINA Hljómsveitin Amiina hefur hætt við tónleikaferð sína um Norður-Ameríku.

1	■	2	3	4	5
6	7	■	8		
9		10	■	11	
12			13		■
■	14				15
16		■	17		
18		19	■	20	
21				■	

LÁRÉTT
2. vísað 6. persónufornafn 8. neitun 9. gogg 11. tveir eins 12. sæti 14. spönn 16. hljóta 17. sjáðu 18. sigað 20. rykkorn 21. glundur.

LÓÐRÉTT
1. stjórnarumdæmis 3. samanburðartenging 4. skrautplanta 5. að 7. tilgátu 10. yfirgaf 13. prjónavarningur 15. hlið 16. starfsgrein 19. tveir eins.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. bent, 6. ég, 8. nei, 9. nef, 11. ll, 12. stóll, 14. greip, 16. fá, 17. sko, 18. att, 20. ar, 21. gutl.

LÓÐRÉTT: 1. íens, 3. en, 4. nellika, 5. til, 7. getgátu, 10. fór, 13. les, 15. port, 16. fag, 19. tt.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. 104 menn.
2. Haraldur Sverrisson.
3. Jakob Örn Sigurðarson.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Ferskar túnfisksteikur
Stór humar
Humarsúpa prinsins
-Það verður ekki betra um helgina-
lokað á laugardögum
HAFID FISKIPRINSINN
Þú getur alltaf treyst á prinsinn
Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi
s: 554 7200 • www.hafid.is

OUTLET 10

+++ merki fyrir minna +++

TJALDMARKAÐUR

Verð frá aðeins 99 kr

Dömu- og herrabuxur
verð frá 99 kr.

Barnafatnaður
verð frá 499 kr.

Bolir, skyrtur, sokkar, nærfatnaður, sokkabuxur og kjólar
verð frá 499 kr.

verð 3990 kr.
Levis gallabuxur á dömur og herra

Vönduð jakkaföt aðeins 9900 kr.

FAXAFENI 10

S. 534 4450

auglýsingastofan grænn / íslensk almannatengsl

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

vísir.is
Fyrstur með fréttirnar

BAKÞANKAR
KRISTÍNAR SVÖVU TÓMASDÓTTUR

Lifi Sparisjóður Dalvíkur

Þetta gæti verið upphaf á gömlu lagi með Megasi: Það eru allir svo brjálaðir út í bankana. Svo gætu erindin tuttugu og sjö öll hafist á svipuðum nótum. Það eru allir svo bitrir út í bankana, það blæs ekki byrlega fyrir bönkunum...

ÉG held allavega að það sé eðlilegt að verða pirraður við að horfa upp á eitthvert bákn sem á svo mikið af peningum að enginn veit hvað á að gera til að grynnka á þeim og að lokum sitjum við uppi með Elton John að syngja Sorry Seems to be the Hardest Word í einhverri frystigeymslu og enginn man hvernig það flipp byrjaði.

ÞAÐ er mótsagnakennt að heyra örvæntingarfulla kennara hamra á mikilvægi þess að kenna krökkum að fara með peninga þegar sýnilegustu fjármálastofnanir samfélagsins finna sér það helst til dundurs að flytja inn afdankaða poppara, skipta um nafn í sífellu með tilheyrandi auglýsingaherferðum og rafvæða Stuðmenn öllum til ama.

AÐ maður tali nú ekki um jólagjafirnar til viðskiptavina, sem bréfberar landsins standa sveittir við að troða inn um ósamvinnuþýðar dyralúgur – enda ekki gerðar fyrir flísteppi, tertuspaða og brauðkörfur. Allt merkt viðkomandi banka í bak og fyrir og orðið ennþá hallærislegra þegar hann skiptir um nafn tveimur mánuðum síðar. (Og þó, kannski væri gaman að eiga tertuspaða merktan Útvegsbankanum.)

ÞAÐ er alltaf óþolandi að horfa upp á fólk sem á meiri pening en maður sjálfur eyða honum í eitthvað sem manni finnst sjálfum vera vitleysa: Oj, ekki myndi ég kaupa þennan asnalega húsbíl. En það er virkilega óþolandi þegar ekki er um að ræða fólk með vilja og langanir heldur fyrirtæki þar sem nægir að einum plebba detti í hug að tíu þúsund bestu viðskiptavinum bankans gæti þótt huggulegt að kúra sig undir flísteppi. Eins og tíu þúsund bestu viðskiptavinir bankans hafi ekki efni á að kaupa sér kasmírsjal með engu lógói.

BANKARNIR eru verstu mögulegu fyrirmyndir þegar kemur að fjárhagslegu aðhaldi. Þeir eiga okkur ekki skilið. Ég ætla að flytja öll mín viðskipti yfir í Sparisjóð Dalvíkur, sem aldrei hringir í mig á óguðlegum tíma til að þröngva upp á mig viðbótarlífeyrissparnaði, rétt skriðna yfir tvítugt, eða sigar á mig jakkafataklæddum útsendurum í Bóksölu stúdenta. Ég ráðlegg öllum að gera slíkt hið sama.

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið